

Fornleifaskráning í Eyjafirði V:

**Fornleifar á syðstu jörðum í Öngulsstaðahreppi og milli Hrafnagils og
Grundar í Hrafnagilshreppi**

Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson

**Minjasafnið á Akureyri
Fornleifastofnun Íslands
FS020-94014**

Akureyri 1996

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

Efnisyfirlit

Skrá yfir kort	3
1. kafli. Inngangur	4
2. kafli. Byggðasaga	5
3. kafli. Fornleifaskrá	11
Stokkahlaðir	12
Hranastaðir	18
Merkigil	24
Víðigerði	26
Espihóli	29
Litlihóll	37
Dvergsstaðir	40
Rútsstaðir	41
Sámsstaðir	46
Bringa	48
Stóri-Hamar	51
Háhamar	61
Kambur	61
Litli-Hamar	63
Rífkelsstaðir	65
Munkaþverá	68
4. kafli. Fornleifar og byggð í héraði	90
5. kafli. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu	96
Heimildaskrá	98

Skrá yfir kort

1. Dreifing minjastaða og landamerki á skráningarsvæðinu	7
2. Fornleifakort. Hranastaðir, Stokkahlaðir og Merkigil	19
3. Fornleifakort. Víðigerði, Espihóli, Litlihóll og Dvergsstaðir	27
4. Fornleifakort. Rútsstaðir, Sámsstaðir og Bringa	42
5. Fornleifakort. Stóri-Hamar, Kambur, Litli-Hamar og Rífkelsstaðir	52
6. Fornleifakort. Munkaþverá	68
7. Flokkun lands eftir eðli og fjölda fornleifa	90

I. Inngangur

Sumarið 1996 var haldið áfram skráningu fornleifa í Eyjafjarðarsveit. Sama fjárveiting fékkst og árið áður en áætlað var að skrá tveimur til þremur jörðum færra en þá þar sem kostnaður vegna loftmyndakaupa bætist nú við.

Ákveðið var að halda áfram að skrá beggja vegna Eyjafjarðarar sunnan við svæði þau sem skráð voru 1994 og 1995. Alls voru 16 jarðir skráðar sumarið 1996 og hefur nú allur Öngulsstaðahreppur verið skráður og skráning í Hrafnagilshreppi er langt komin. Þar bættust við sumarið 1996 7 jarðir milli Hrafnagils og Grundarpláss. Samhliða fornleifaskráningu í Eyjafjarðarsveit var unnið að skráningu fornleifa í landi Akureyrarbæjar og bættust þar við nokkrar jarðir í hinum forna Hrafnagilshreppi. Vantar nú aðeins nokkrar jarðir nyrst og syðst í hreppnum uppá að hann sé fullskráður.

Á vegum Héraðsnefndar Eyjafjarðar var veturinn 1995-1996 unnið að heimildakönnun um fornleifar í Eyjafirði öllum. Því verki er lokið og eru nú til skrár um fornleifar á öllum jörðum í Eyjafjarðarsveit og hafa verið útbúnar möppur með þeim skrá og öðrum gögnum um fornleifar á hverri jörð. Í sambandi við þessa vinnu var farið yfir skráningar frá 1994 og 1995 og gerðar leiðréttingar og bætt við nokkrum stöðum. Voru flestir þeirra skráðir á vettvangi sumarið 1996.

Sem fyrr var unnið að því að þróa og bæta aðferðir við skráninguna. Hefur nú verið tekin í notkun ný gerð af gagnagrunni þeim sem skráningargögnin eru geymd á en eldri gerð var orðin mjög þung í vöfum vegna hins mikla fjölda upplýsinga sem þar var kominn inn. Í hinni nýju gerð er mun auðveldara að nálgast upplýsingar um hvern stað og fá heildaryfirlit um fjölda, tegundir og ástand minja. Einnig var unnið við að auðvelda flutning gagna af tölvu yfir á eyðublöð sem notuð eru við skráningu á vettvangi og í því sambandi var unnið enn frekar að því að staðla og samræma framsetningu upplýsinga á eyðublöðum og gagnagrunni.

Árin 1994 og 1995 var hægt að styðjast við nákvæm kort í mælikvarðanum 1 :5000 við vettvangsvinnuna en sumarið 1996 voru skráð svæði sem slík kort eru ekki til fyrir. Varð því að kaupa loftmyndir og styðjast við þær í staðinn. Loftmyndirnar hafa þann kost umfram kort í stórum mælikvarða að á þeim sjást stundum tóftir sem þá er hægt að ganga beint á eftir myndunum. Ókostirnir eru hinsvegar fleiri og er sérstaklega vandasamt að nota loftmyndir á svæðum þar sem lítið er um skýr kennileiti. Slíkt getur valdið töfum í vettvangsvinnu og er

einnig ástæða þess að minjakortin hafa ekki tekið stórum framförum frá fyrra ári.

. Skýrsla þessi er í aðalatriðum eins upp byggð og sú sem gerð var 1995. Fyrst er stutt yfirlit um þróun byggðar á skráningarsvæðinu (kaflí 2) en síðan er Fornleifaskrá (kaflí 3) með sama sniði og fyrr. Minjastaðir eru flokkaðir eftir jörðum og byggir tölusetning jarðanna á Jarðatali Johnsens frá 1847. Á undan minjaskrá hvernjarðar er gerð grein fyrir takmörkum hennar, breytingum á þeim og öðrum upplýsingum sem geta verpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Einnig er gerð grein fyrir þáttum eins og gróðurfari og túnasléttum sem hafa eða hafa haft áhrif á varðveislu minja. Í minjaskrá er síðan fjallað um hvern minjastað sérstaklega, gerð grein fyrir staðsetningu minjanna og aðstæðum og birtar lýsingar og myndir af tóftum þar sem við á. Í skránni eru einnig minjakort sem sýna dreifingu minjastaða og nær hvert kort yfir nokkrar samliggjandi jarðir. Í kafla 4 er samantekt um helstu minjaflokka og gefið yfirlit um sérkenni svæðisins. Í kafla 5 eru síðan settar fram tillögur um verndun og kynningu fornleifa á skráningarsvæðinu.

Sem fyrr var skráning fornleifa í Eyjafjarðarsveit samstarfsverkefni héraðsnefndar Eyjafjarðar, Eyjafjarðarsveitar, Minjasafusins á Akureyri og Fornleifastofnunar Íslands. Verkinu var stjórnað af Adolf Friðrikssyni og Orra Vésteinssyni en auk þeirra vann Sædís Gunnarsdóttir að skráningunni. Minjasafnið á Akureyri lagði fram skrifstofuaðstöðu og margháttaða aðstoð og kunna höfundar Guðnýju Gerði Gunnarsdóttur forstöðumanni og starfsfólki hennar bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf. Starfsmenn Amtsbókasafns og Héraðsskjalasafns á Akureyri létu sem fyrr undir með öflun bóka og ýmissa gagna annarra og eru þeim færðar bestu þakkir. Menningarmálanefnd Akureyrarbæjar skaut skjólshúsi yfir leiðangursmenn í Sigurhæðum. Kristinn Magnússon á tæknideild Akureyrarbæjar gerði grunninn að korti 1 og eru honum og tæknideild færðar þakkir. Að endingu vilja höfundar þakka hinum fjölmörgu heimildamönnum í Eyjafjarðarsveit og á Akureyri sem fúslega veittu upplýsingar og gáfu sér tíma til að spjalla við skráningarmenn og gáfu leiðsögn um hvernig mætti komast á minjastaði.

2. Byggðasaga


Svæði það sem fornleifar voru skráðar á sumarið 1996 myndar ekki heild, heldur er það tvær sneiðar sín úr hvorri sveitinni, syðsti hluti Öngulsstaðahrepps og hluti úr miðjum Hrafnagilshreppi. Á 13. öld var talið að allar sveitir í Eyjafirði innanverðum hefðu verið innan

landnáms Helga magra á Kristnesi. Sjálfur átti hann að hafa haft svæðið frá Merkigili norður að Glerá undir bú en öðrum sveitum átti hann að hafa úthlutað ættingjum sínum. Mági sínum, Hámundi heljarskinn gaf hann land sunnan við sitt eigið, frá Merkigili suður að Skjöldalsá en syni sínum Ingjaldi frá Þverá ytri suður að Amarhóli, sem enn er á hreppamörkum Öngulsstaðaog Saurbæjarhepps (ÍF I, 253 sbr. 268-69, 255,264).

Ekki fer neinum sögum af því hvernig þeir Hámundur, Helgi og Ingjaldur eiga að hafa skipt lendum sínum frekar. Þórir, sonur Hámundar á að hafa búið á Espihóli (Litlahóli) eftir föður sinn, en synir Þóris eiga hinsvegar að hafa byggt Espihól nyrðri (Stórhól), Grund og Möðrufell (ÍF I, 264 sbr. 282; Víga-Glúms saga 5. kap, 17. kap). Þessar jarðir voru síðan um aldir höfuðból, hvert með sína kirkju og áttu ekki aðrir sókn til þeirra en þeir sem bjuggu á hjáleigum og atbýlum hvers höfuðbóls.¹ Af þessum þremur höfuðbólum var Espihóli minnst að landareign og hundraðatali. Þar hafði líka verið tvíbýli, sennilega frá því á 10. öld og virðist syðra og minna býlið (Litlihóll) alltaf hafa verið sjálfstæð jörð. Til þess bendir að þar mun hafa verið bænhús en þau er yfirleitt ekki að finna á öðrumjörðum en þeim sem komnar voru í byggð á fyrri hluta 11. aldar. Ekkert hjáleiguger var í kringum Espihól eins og Grund eða Möðrufell og er aðeins vitað um eitt atbýli, Víðigerði, og virðist sem byggð hafi hafist þar seint því það var enn talið hjáleiga frá Espihóli í jarðabók frá 1712 (JÁM X, 222). Smájörðin Dvergsstaðir virðist vera atbýli frá Grund, þó hún sé yfirleitt ekki talin til Grundartorfunnar. Hennar er fyrst getið í afsali frá 1417 en þá fylgdi hún hálfri Grund í arfaskiptum (DI IV, 260).

Norðan við Merkigil hafa Stokkahlaðir snemma byggst í landi Helga magra. Jarðarinnar er víða getið í fornritum (Landnámu, ÍF I, 270 sbr. 271 nmgr. 9; Víga-Glúms sögu, 13.14. kap, 22. kap, 27. kap; Þórarins þáttar ofsa, Reykdæla sögu 16. kap og í Sturlungu - Sturl I, 289) en þó ekki sem höfðingjaseturs. Þórður Hrafnsson á Stokkahlöðum á að hafa verið gildur bóndi í byrjun 11. aldar, kominn aflandnámsmönnum í 4. og 5 lið enjörðin var ekki ættaróðal hans og ekki er vitað til að menn hafi rakið ættir til hans. Á Stokkahlöðum var fjórðungskirkja, þ.e. bænhús sem ernbættað var í fjórða hvern helgan dag, (DI V, 419-20) og bendir það einnig til þess að býlið sé fornt. Hranastaðir og Merkigil hafa byggst seinna úr landi Stokkahlaða og Merkigil sennilega seinna en Hranastaðir. Þeirra er fyrst getið 1318 og voru þá eign Hrafnagilskirkju (DT II, 453) og er mögulegt að jörðin hafi verið lögð til kirkjunnar sem heimanfylgja á 12. öld.

¹ Á seinni öldum áttu Bringa og Rútsstaðir með Sámsstöðum austan Eyjafjarðarar einnig sókn til Grundar en ekki er víst að sú skipan sé upprunaleg.



Kort 1. Dreifing minjastaða og landamerki á skráningarsvæðinu.

Merkigils er fyrst getið sem bújarðar 1395 en þá var hún seld með Stokkahlöðum (DI III, 596) og getur það bent til að hún hafi þá ekki verið sjálfstæð bújörð lengi. Syðst í landi Stokkahlaða, niðurundan Merkigili var hjáleigan Teigsgærði en hún fór í eyði á seinni hluta 17. aldar en mun hafa verið byggð lengi fram til þess (JÁM X, 220).

Fyrir ofan bæina Hranastaði, Stokkahlaðir, Merkigil, Víðigerði og Espihól er garður einn allmikill og fornlegur sem mun hafa verið kallaður Hagagarður. Garðurinn er hár og skýr norðantil í Hranastaðalandi en snarhættir við merkin við Botn og virðist sem hann hafi aldrei náð lengra í norður. Frá norðurmerkjum Hranastaða má rekja garðinn á köflum allt að Stórhólsseli í Espihólslandi en lengra í suður fannst hann ekki við vettvangsathugun sumarið 1996. Stórhólssel og Víðigerðissel eru vestan og ofan við garðinn en sel frá Merkigili, Stokkahlöðum og Hranastöðum eru hinsvegar austan og neðan við hann. Ekki er vitað hvaða hlutverki garður þessi gegndi en mögulegt er að hann hafi fyrir löngu skipt heimalöndum og högum, sem þá hafa annaðhvort verið sameiginlegir fyrir þessar jarðir eða tilheyrt einhverri einni eins og er um beitiland til fjallsins ofan við Hjálmsstaði, Klúkur, Teig, Syðra-Gil, Ytra-Gil, Vaglir og Hvamm en það tilheyrir Kristnesi. Ef svo hefur verið þá bendir afstaða seljanna til að Espihóll hafi átt rétt til landsins ofan við garðinn en ekki verður vitað hvort sá réttur náði einnig norður fyrir Merkigilsá.

Austan Eyjafjarðarár hefur byggðin þróast í skugga Munkaþverár. Þar á Ingjaldur sonur Helga magra að hafa byggt og flest bendir til að allar jarðir milli Þverár ytri og Öxnafellis hafi skipst úr landi Munkaþverár. Munkaþverá tilheyrir ekki aðeins gríðarlegt landflæmi til fjallsins, Þverárdalur allur og Mjaðmárdalur astantil, heldur einnig bakkar Eyjafjarðarár út undir Laugaland. Þó að sú ræma sýnist óeðlileg á korti er þar í raun um náttúruleg landamerki að ræða því Staðarbyggðarmýrar voru, áður en framræsla kom til sögunnar, afar blautar og alls ófærar á þessu svæði. Bakkarnir meðfram ánni eru hinsvegar harðir og þurrir en eina leiðin til að komast niður á þá var annaðhvort að vestan yfir ánni (endaáttu jarðir vestan árinna víða hluta af bökkunum eða ítök í engi þar) eða að sunnan af Þveráreyrwn. Langt fram á þessa öld lá umferð sláttufólks á engjarnar gegnt Uppsölum um hlað á Munkaþverá og skýrir þetta hversvegna bakkarnir munu alltaf hafa tilheyrt Munkaþverá en ekki öðrum jörðum utar á Staðarbyggð. ²

² Það er hinsvegar ekki jafnvíst að Munkaþverá hafi alltaf átt bakkana jafnitlangt í norður og nú er. Stokkahlaðir áttu engjateig austan ár samkvæmt sölubréfi frá 1395 (DI III, 596) og 1461 átti Hrafnagilskirkja tvo teiga austan árinna, Kárateig og Gengju (DI V, 315). Kárateigur er sennilega sama og nú er kallað Kvíateigur eða Ystaspilda

Rífkelsstaða, Borgarhóls, Kambs og Hamars er getið í Víga-Glúms sögu. Í Landnámu er sagt að Ingjaldr Helgason hafi byggt sér hof mikið á Þverá en í Víga-Glúmssögu kemur fram að Freyshof hafi verið á Rífkelsstöðum. Virðist sem þetta eigi að vera sama hofið og má vera að höfundur Víga-Glúms sögu hafi litið svo á að Rífkelsstaðir hafi upphaflega verið hluti af Þverárlandi. Um Borgarhól kemur fram að hann var nýbýli Víga-Glúms og móður hans á hálfu Þverárlandi en óvíst er að Borgarhóll hafi nokkur tíma orðið sjálfstæð jörð og ekki var byggð þar á 17. eða 18. öld og eflaust ekki um aldir. Býli með sama nafni byggðist síðan á svipuðum slóðum á 19. öld en er nú farið í eyði. Samkvæmt Víga-Glúmssögu bjó móðir þeirra Einars Þveræings og Guðmundar ríka á Hanakambi og er það venjulega skilið sem samajörð og nú er kölluð Kambur. Kambur er fremur lítil jörð sem virðist af landamerkjum að dæma klofin út úr Stóra-Hamarslandi eða Litla-Hamarslandi eða hvorutveggju. Ef Hanakambur er sami staður þá bendir það til að byggð þar sé forn en vera má að skipting landareigna á þessum slóðum hafi tekið breytingum frá því sem var í fyrstu. Kambur var kominn undir Munkaþverárklostur 1446 (DI IV, 699). Í byrjun 14. aldar voru tvö býli á Hamri, Kothamar eða Hamar hinn minni var þá kominn í eign Munkaþverárklosturs (DI II, 485-86) en Hamar hinn meiri eða Stóri-Hamar komst í eigu klostursins um 1440 (DI IV, 585, 611 sbr. 699). Í Víga-Glúms sögu er aðeins talað um einn Hamar sem gæti bent til að jörðin hafi enn ekki verið orðin tvískipt er sagan var skrifuð en mögulegt er einnig að höfundur sögunnar hafi ályktað út frá nöfnum bæjanna, eins og eðlilegt er, að upphaflega hafi aðeins verið einn Hamar. Samkvæmt sögunni hafði bóndinn á Hamri vel fé enda er jörðin allstór. Á Stóra-Hamri var bænhús og bendir það enn til að byggð þar sé forn. Stóra-Hamri tilheyrir, og hefur lengi tilheyrt, allur Mjadmárdalur vestanmeginn (sbr. DI IV, 585, 611) en óvissa ríkir um hversu langt í norður sú eign nær og hvar tekur við sameiginlegt beutiland Stóra-Hamars, Kambs, Litla-Hamars og Rífkelsstaða. Allar þessar jarðir voru komnar undir Munkaþverárklostur á 15. öld og má vera að merkin milli þeirra innbyrðis hafi eitthvað færst til undir stjórn munkanna. Sennilegt er einnig að það hafi verið á þeim tíma sem Klosturnesið, neðan við Stóra-Hamar færðist undir Munkaþverá. í landi Stóra-Hamars var hjáleigan Háihamar sem var bún að vera lengi í byggð 1712 en fór í eyði á fyrri hluta þessarar aldar. Bæirnir þrír fyrir sunnan Stóra-Hamar eru sennilega allir yngri en byggð á Hamri. Samsstaðir voru hjáleiga frá Rútsstöðum sem var komin í byggð fyrir löngu 1712 (JÁM X, 283) en Rútsstaðir og Bringa eru hinsvegar gamlar jarðir. Það að Stóri-Hamar á Mjadmárdal fyrir austan þessar jarðir bendir

en þar heitir enn Kárapollur.

til þess að þær hafi byggst seinna ogjafnvel að þeim hafi verið skipt útúr upphaflegri landareign Hamars. Bringu er fyrst getið 1253 en Ásmundur nokkur er þar bjó var í hópi þeirra sem stóðu að Flugumýrabrennu (Sturl I, 485 og 498). Rútsstaða er hinsvegar ekki getið fyrir en 1446 en þá eru þeir og Bringa talðar meðal þeirra jarða Þorvarðar Loptssonar ríka á Möðruvöllum, sem komu í hlut Margrétar ekkju hans við arfaskipti (DI IV, 678).

Í aðalatriðum virðist byggð á skráningarsvæðinu alltaf hafa verið mjög stöðug. Neðri bæjaröðin sín hvoru megin árinna er eldri byggð en efri röðin, sem er slitróttari. Sum þeirra býla, eins og Kambur og Hranastaðir virðast þó vera allgömul, en önnur, eins og Víðigerði, Háihamar og Sámsstaðir voru hjáleigur í byrjun 18. aldar og hefur byggð þá tæplega staðið þar um aldir þó það sé auðvitað ekki útilokað. Aðeins eitt gamalt eyðibýli er á svæðinu, Teigsgærði í landi Stokkahlaða, en ekkert bendir til þess að eyðing byggðar þar á 17. öld sé til marks um almennari þróun. Sennilegra er að lok búsetu þar hafi stafað af aukinni þörf Stokkahlaðabónda fyrir landrými eða einhverjum slíkum staðbundnum orsökum. Á nokkra staði er bent á svæðinu þar sem óljós munnmæli eru uppi eða tilgátur um mannabyggð. Þar má nefna Mariúgerði á Þveráreyrum í Munkaþverárlandi, Daðagerði (eldra) í túninu á Munkaþverá, Glúmsstaði heimari og fremri á Mjaðmárdal, svokallaðar Tótfir í Stokkahlaðalandi milli Hranastaða og Merkgils, Rófu skammt frá Víðigerði og Asnagarða austast í Dvergsstaðalandi. Engar heimildir eru þó tiltækar sem staðfest gætu staðfest að föst búseta hafi verið á þessum stöðum eða ef svo var hvenær og hversu lengi hún stóð.

Á 19. öld varð mikil fólksfjölgun í Hrafnagils- og Öngulsstaðahreppum eins og víðast annarsstaðar á landinu. Ekki voru þó nýbýli stofnuð að ráði á þessu svæði heldur virðist heimilum á hverjum bæ hafa fjölgað þannig að fleirbýlt varð á mörgum jörðum og allmikið var um að fólk væri í húsmennsku.

3. Fornleifaskrá

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar í landi sjö jarða í Hrafðagilshreppi og níu jarða í Öngulsstaðahreppi. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Þá er hverri fornleif gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: Ey-409:001). Í skránni er gefið yfirlit yfir skiptingu jarðarinnar, um sléttun túna og síðan er fjallað um hvern minjastað, með tilvitnunum í heimildir þar sem það á við. Á eftir númeri fornleifar kemur heiti hennar og hnattstaða í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu var gerð með staðsetningartækjum og mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er um 25 metrar að meðaltali. Þar sem getur um "heimild um ..." t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Þá fylgir leiðarvísir að fornleifastaðnum, mat á þeirri hættu sem fornleifar kunna að vera í og tilvísanir í heimildir um minjastaðinn ef einhverjar eru. Hættustíg eru eftirfarandi: 1) engín hætta, 2) lítil hætta, 3) hætta og 4) mikil hætta, Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni,

Alls hafa 269 minjastaðir verið skráðir á þessum þremur jörðum, en það eru tæplega 17 staðir á hverri jörð. Það er talsvert hærra meðaltal en t. d. á Staðrbyggð þar sem um 10 minjastaðir eru á hverri jörð. Ástæðan er að nokkur búanna á þessu svæði eru mjög stór og munar þar mestu um Munkaþverá en einnig Stóra-Hamar og Espihól.

Af 269 minjastöðum eru tóftir sýnilegar á 76 en á 109 stöðum sjást tóftir ekki lengur, flestar, eða 73, vegna þess að þær hafa verið sléttaðar undir tún en 17 hafa horfið vegna bygginga og 3 undir vegi. Af þeim stöðum sem tóftir sjást á eru 2 hús undir þaki, 16 nokkuð greinilegar, þ.e. hleðslur standa enn eða eru vel merkjanlegar en 58 eru fremur útflattar og ógreinilegar.

Á vettvangi var gert hættumat fyrir hvern minjastað. Ekki var hægt að meta hættu 75 staðanna en af hinum töldust 50 í lítilli eða engri hættu en 106 töldust í hættu vegna nálægðar við staði þar sem framkvæmdir afýmsu tagi eiga sér stað. 5 staðir töldust í hættu vegna rofs og 5 vegna beitar en þó að uppblástur eigi sér hvergi stað á svæðinu þá leita

skepnur sér oft skjóls undir tóftaveggjum og geta þannig myndast í þá flög sem blæs úr. 3 staðirtöldust í hættu vegna trjáræktar og þar af einn í stórhættu en það eru leifar Munkaþverárklosturs.

Ekki er vitað um hlutverk 30 minjastaða en á 25 stöðum hafa verið mannbústaðir á svæðinu, þar af um langa hríð á 1 stöðum. Flestar minjanna tengjast landbúnaði og má nefna 72 útihús, þar á meðal eina smiðju, 21 stekki, 8 beitarhús, 12 sel, 4 kvíar, 1 myllu og 1 heystæði. Einnig hefur móttak verið á 11 stöðum og torfrista á 6. Þá eru 5 huldufólksbústaðir, 1 tröllabústaður og 2 kuml.

Ey-317 Stokkahlaðir

40 hdr 1712. Bændaeign. Teigsgærði var eyðihjáleiga l 712. Einnig er mögulegt að búið hafi verið þar sem heitir Tóftir ofarlega í landareigninni. Árið 1957 var landinu skipt í tvennt í Stokkahlaðir I og II og er engin búskapur lengur á Stokkahlöðum I. Stokkahlaðir eiga land bæði fyrir neðan Hranastaði og Merkigil og upp á milli þeirra. Ofan við á móts við bæina breikkar Stokkahlaðaland svo aftur, meira á kostnað Merkigils en efst á fjallinu er beitarlandi Stokkahlaða og Merkigils óskipt.

1917: 4,5 ha. (9/10 sléttað), garðar 960 m². 1990: Stokkahlaðir I: "Túnið er suður af bænum meðfram Eyjafjarðaránni og nær það nokkuð upp í brekkurnar vestan vegarins. Beitiland er til fjallsins. Búskapur lagðist af með öllu 1975. Skammt norðan við heimreiðina í Merkigil, er malarnáma ... Við Myllulækinn ofan íbúðarhússins stóð gömul vatnsmylla fram um 1960." Stokkahlaðir I: "Túnið er í flatanum norðan Stokkahlaðalækjar, nýtt af öðrum en eiganda. Beitiland er til fjallsins. Skógrækt er hafin á um 10 hektara svæði. Gamall trjágarður er sunnan við húsið, ... " BE 1990, 754, 798. Öll tún hafa greinilega verið sléttuð með stórvirkum vinnuvélum. Heimildamenn: Rafn B. Helgason á Stokkahlöðum f. 8.6.1933
Pétur Ó. Helgason á Hranastöðum f. þar 2.5.1948

Ey-317:001 bæjarhóll

65°33.467 N 18°06.449 V

Núverandi íbúðarhús á Stokkahlöðum I er byggt 1928 á suðurenda gamla bæjarins og stóðu lengi tvær burstir af honum norðan við húsið, þar sem nú er viðbyggður skúr. Eyjafjarðarbraut liggur um hlaðið á Stokkahlöðum og hefur vegur legið þar lengi. Vestan við íbúðarhúsið var lengi gamalt fjós úr torfi og steypu, sem gæti upphaflega hafa verið sambyggt gamla bænum. Nú er á þeim slóðum gamalt útihús úr steypu og eru um 15 m milli þess og íbúðarhússins. Þar hefur verið jarðrask og sést í hleðslu úr torfi og grjóti í sniði 5 m vestan við norðvesturhorn íbúðarhússins. Þar sést líka að íbúðarhúsið stendur á breiðum steypum sökkli og sýnist vera undir því alldjúpur kjallari sem sennilega hefur skemmt hólinn að mkl. leyti.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimild: Túnakort 1917

Ey-317:002 heimild um hesthús

65°33.433 N 18°06.480 V

Hesthús var fast í vegarkantinum 10-15 m sunnan við SA horn garðsins frá Stokkahlöðum I þar seni. nú er malbikað hlað, rennslétt, framan við Stokkahlaðir II. Húsið var rétt sunnan við skilti sem á stendur 'Stokkahlaðir'. Áður tún, nú hlað

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-317:003 heimild um hesthús

65°33.342 N 18°06.529 V

Hesthús stóð á stað sem er fast vestan við Eyjafjarðarbraut, um 20 m SV við vélaverkstæði sem er austan við brautina. Áður tún, nú vegarkantur.

Á þessum stað er nú lítill 8x8 m hóll og stóð húsið á honum. Talið er að í kofa þessum hafi aðallega verið geymdir hestar en einnig gemlingar og hrútar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-317:004 Syðragerði heimild um fjárhús

65°33.375 N 18°06.589 V

"Liggur túnið upp með [Melhóli] beggja megin. Heita þessir túnhlutar Ytragerði og Syðragerði." segir í örnefnalýsingu. Á Syðragerði voru fjárhús með hlöðu aftanvið stóðu uppi í brekkunni um 100 m suður frá íbúðarhúsi á Stokkahlöðum II, um 40 m vestan við verkstæði sem stendur austan Eyjafjarðarbrautar. Í brekku í illa sléttu túni.

Grjót stendur upp úr sverðinum hér og þar. Fjárhús þessi hafa staðið á rana sem gengur til NA niður túnið. Þar eru 2 rofabörð og sést í þeim útflatt torf og tað undir því. Ofan við þennan stað eru miklar misfellur í túninu, þ.á.m. ein dæld sem gæti verið tóft, um 4x2 m N-S með dyr í A og hallast mikið í A. Um 20 m neðan við rofabörðin þar sem fjárhúsin stóðu er lítill hóll neðst á rananum skammt innan við girðinguna, sem er mjög reglulegur og hefur útlit fyrir að vera rústahóll. Fast neðan við hann er hóllinn 003.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Hrafn, 187

Ey-317:005 heimild um fjárhús

65°33.426 N 18°06.542 V

Fjárhús með hlöðu stóðu fast á norðurbakka Stokkahlaðaár, beint neðan við þar sem Myllulækur rennur í ána, um 20 m vestan við íbúðarhús á Stokkahlöðum II.

Í túni Á þessum stað er nú kafgras á allstóru ferningslaga svæði og hefur húsið verið þar, mjög ójafnt er þar undir fæti. Lítill rabbarbaragarður er fast sunnan við þetta svæði. Af stærð og lögun að dæma hafa þarna verið tvístæð fjárhús með hlöðu aftanvið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-317:006 heimild um myllu

65°33.466 N 18°06.577 V

"Við Myllulækinn ofan við íbúðarhússins stóð gömul vatnsmylla fram um 1960." segir í örnefnalýsingu. Myllan var á suðurbakka Myllulækjarins, sem rennur ofan í Stokkahlaðaá skammt ofan við íbúðarhús á Stokkahlöðum II. Í tungunni milli lækjanna euppi í brekkunni er gamall sáðreitur (sbr. túnakort) en trjám hefur verið plantað í hann allan og eru þau austustu orðin allhá. Myllan hefur verið um 10 m austan við trjáreitinn. Áður í móa í túnjaðri. Á þessum stað hefur sýnilega verið rótað mikið en er farið að gróa aftur. Á um 3x3 m bletti á lækjarbakkanum er talsvert af spýtnabraki og öðru drasli. Mylluhúsið var úr timbri. Mylluhjólið mun enn vera við lýði.

Hættumat: hætta vegna ábúðar Heimildir:
Túnakort 1917; BE 1990, 754.

Ey-317:007 heimild um ferju

65°33.361 N 18°06.205 V

"Sunnan og norðan við bæinn er Stokkahlaðahylur. Þar var lögboðinn ferjustaður á Eyjafjarðará frá 1866 en það ár var ferjan flutt frá Syðra-Gili að Stokkahlöðum. Árið 1903 var sett dragferja á hylinn og var hún notuð fram um 1920." " ... dragferja fyrir fé og hesta, en fé var fyrrum rekið til afréttar á Fnjóskadalsafrétt úr Hrafnagilshreppi." segir í örnefnalýsingum. Ferjað var frá ármótum Stokkahlaðaár og Eyjafjarðarár. Bátur lá lengi á þessum stað.

Heimildir: BE 1990, 754; Ö-Hrafn, 187

Ey-317:008 Maríugerðisvað

65°33.020 N 18°06.552 V

"Sunnan við Stokkahlaðahyl [008] er Mariugerðishólmi. Við hólmann sunnanverðan var svokallað Mariugerðisvað, fyrrum fjölfarin leið yfir ána." "Norðan Þverár er Mariugerðishólmi. Fyrr stóð býlið Mariugerði austur á bakkanum. Lá alfaravegur um Mariugerðisvað, rétt norðan við hólmann. Þótti þetta vað fremur viðsjált sökum holbakka, er voru beggja megin við það, en áin straumhörð. Norður frá vaðinu er Drápubakki og Drápukíll er þar á bakkanum." segir í örnefnalýsingum. Vaðsins er einnig getið í sóknarlýsingu frá 1839: " ... annaðvað er á [Eyjafjarðará] undan Múkaþverá, sem heitir Maríugerðisvað." SSE, 171

Vaðið er þvert fyrir suðurodda Mariugerðishólma. Þar eru, beggja vegna árinna, um 1-1,5 m háir grasbakkar sem erfitt hefði verið að komast upp á, en báðum megin hefur bakkin verið stunginn niður á um 3 m breiðu bili til að auðveldara væri að komast í ána og uppúr henni aftur. Austanmeginn er vaðið um 30 m norðan við hvítan vatnsmælingakassa sem stendur á árbakkanum. Áin er breið og grunn á þessum stað og fellur í tveimur u.þ.b. jafnstórum kvíslum sitt hvoru megin Maríugerðishólma.

Heimildir: BE 1990, 754; Ö-Öng, 243

Ey-317:009 gata

"Meðfram hestagötum þeim, er lágu niður að þessu vaði [008] ... "segir í örnefnalýsingu. Hvergi sér lengur til gatna á þessu svæði enda hefur tún verið sléttað allsstaðar vestan við vaðið. Af landslagi að dæma er sennilegast að göturnar hafi legið beint í vestur frá vaðinu og sameinast sveitarveginum við brekkurætur, en þar er lágur ás ern liggur A-V.

Heimild: Ö-Hrafn, 187.

Ey-317:010 Helluvað

"Utanvert við Maríugerðishólmann er fjárrekstrarvað gamalt, sem nefnist Helluvað." segir í örnefnalýsingu. Þetta vað er nú ekki lengur þekkt og ekki auðvelt að átta sig á staðsetningu þess þó það hafi líkleg legið þvert yfir norðurodda Maríugerðishólma skammt suður af Stokkahlaðahyl.

Heimild: Ö-Hrafn, 187.

Ey-317:011 Teigssgerði

eyðibýli

65°33.023 N 18°07.369 V "Upp við austurlandamerki Merkigils er strýtulagaður hól, kallaður Merkjahóll. Vallgrónu tóftirnar norðan við hann eru af hinu forna Teigssgerði, en þar var búið til ársins 1682, ... " segir í örnefnalýsingu. Bæjarstæðið er um 30 m austan við Merkigilsmerki og er skurður á milli, nær tóftunum. Um 40 m norðan við heimreið að Merkigili.


Á háum og breiðum hól efst í óræktuðu stykki milli túna. Hóllinn er á kafi í grasi og mjög ber á elftingu

ofan á honum. Haginn umhverfis, til norðurs og austurs er vel gróinn.

Tóftirnar eru uppi á háum hól. Vestast á honum er þrí- eða fjórskipt langhús og standa veggir þess hæst af öllum tóftum á svæðinu. Á norðvesturhorni hólins, þar sem hann er hæstur, er allmikil tóftaþyrping en þær minjar eru talsvert óljósari en langhúsið. Sennilega hefur garður tengt norðurenda langhússins og tóftaþyrpingunni, en frá henni, niður rana sem gengur til norðurs úr hólnum, liggur garður sem sveigir í breiðum boga til suðurs fyrir neðan miðjar hlíðar hólins og má rekja hann drjúgan spöl. Garðurinn gengur lengst 18 m í norður frá tóftaþyrpingunni. Neðan við þann stað er mikið stórþýfi neðst á rananum, á um 20x20 m bletti og gætu þar verið tóftir. Syðst á hólnum er djúp, 17x4 m lægð í nokkrum halla, sem gæti verið tóft. Stök tvískipt tóft er austan og neðan við hólinn og 15 m austan við hann er annar túngarður sem liggur á sléttlendinu fyrir allri austurhlíð hólins og virðist beygja til vesturs á móts við norðausturhorn hólins.

Hættumat: lítil hættu vegna ábúðar

Heimild: Ö-Hrafn, 187.




Ey-317:012 Tóftir

65°33.451 N 18°07.989 V

"Milli Löngulágar og Stokkahlaðnaár heitir Hranastaðarmýri. Ofan við hana eru tóftarbrot, sem heita Tóftir, ævinlega kallað "á tóftum", en ókunnugt er mönnum um, hvaða byggingar hafa þar verið." segir í örnefnalýsingu.

Tóftir eru í línu milli íbúðarhúss á Merkigili og fjóssins austan við íbúðarhús á Hranastöðum, um 300 m sunnan við Hranastaði. Frá þessum stað eru innan við 50 m að vesturmörkum Hranastaðarmýrar (sem á Hranastöðum er kölluð Stokkahlaðamýri).

Tóftirnar eru að hluta uppi á lágu en breiðu hól og að hluta ofaní viki milli hans og næsta hól fyrir norðan. Á þessum stað er grösugur mói en blásinn lyngmói ofanvið og allbreið mýri neðanvið.




Á þessum stað er hringlaga garður, um 50 m í þvermál og virðist nokkuð hringlaga og 2,5-3 m breiður víðast mjög sundurhlaupinn afþúfum. Garðurinn er mjög óljós norðan og norðaustantil. Við norðurhlið garðsins að innanverðu er dæld sem gæti verið tóft en annars ná tóftirnar frá miðju og til suðurs og eru tvær eða þrjár sunnan við garðinn uppi á hól sem hann fer utaní. Í miðju garðsins er mjög skýr tóft, 4x1,5 m að innan með um 1 m breiðum veggjum. Hún snýr NV-SA og virðist vera miklu yngri en aðrar tóftir á staðnum, sennilega kvíar. 2-3 m sunnan við þessa tóft er önnur afar lítil tóft, aðeins 1,5x0,7 m að innanmáli og með mjóslegnum veggjum. Hún er utan í aflöngum 5 m breiðum hól (A-V) sem hefur dæld í kollinn og gæti þetta verið einhverjar mannvirkjaleifar. 5 m sunnan við þennan hól er tvískipt tóft á rústahól, 13x8 m að utan sem einnig snýr A-V. Vestara hólfið er 4x3 m en hið syðra 2x2. Frá þessum rústahól eru 7 m að garðinum en á þeim stað er hann fremur lágur og ógreinilegur utaní náttúrulegum hól. Þar fast utan

við garðinn er dæld sem gæti verið tóft en 15 m sunnan við garðinn er 9 m löng tóft með tvö hólfi. Hið syðra er 4x2 m en hitt óljóst. Dæld er fast vestan við þessa tóft sem gæti verið ummerki um eldra byggingarstig. 8 m frá suðausturhorni þessarar tóftar er syðsta tóftin á svæðinu, 4x3 að innanmáli en suður- og austurveggir eru frekar óljósir. Einhverjar af hleðslunum í vikinu innan garðsins eru hugsanlega fyrirhleðslur fyrir sundpoll frá fyrri hluta

þessarar aldar.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Hrafn, 187.



Ey-317:013 Stokkahlaðnasel

65°33.561 N 18°09.064 V

"Stokkahlaðnasel er upp með samnefndu ánni að sunnan, beint upp frá Tóftum, ..." segir í örnefnalýsingu. Tóftin er uppi á bakkanum sunnan við Hranaárgil, á móts við efstu tún á Hranastöðum og er því talsvert austar en Hranastaðaselin. Fjallgirðing Stokkahlaða er um 25 m vestan við selið. Tóftin er undir lágum ási, skammt frá árgili í þýfðum grasmóa.

Tóft þessi er þrískipt. Stærsta og skýrasta hólfið er 6x3 m að innanmáli, fjárhús með garða eftir endilöngu og dyrum á austurgafli. Við vesturgafli er dýpri tóft, 3x2 m að innan og er hún opin móti norðri.

Innangengt hefur verið á milli þeirra. Norðan við stærra hólfið er svipað hólfið, 5x3 m að innan, einnig með garða eftir endilöngu. Það hólfið hefur dyr á norðausturhorni. Í stærsta hólfinu eru hleðslur mjög stæðilegar, allt að 4 umförum og eru sumstaðar mjög fallegar bogadregnar hleðslur. Þó er sumstaðar farið að hrynja úr. Hleðslurnar í hinni fjárhústóftinni eru ekki jafnskýrar eða stæðilegar og má vera að hún sé eldri.

Hættumat: engin hættu

Heimild: Ö-Hrafn, 187

Ey-317:014 útkirkja

Ekki eru þekktar neinar sagnir eða tilgátur um staðsetningu kirkju á Stokkahlöðum og ekki er vitað til að þar hafi komið upp mannabein neinsstaðar. Heimildir um kirkju á Stokkahlöðum eru tvær:


20.4.1395: sagði steffan [Gunnlaugsson, seljandi Djúpadals] til prests skyldar a dal oc annarajtalna oc suo einar [Bjarnason, seljandi Stokkahlaða] a stockahlodum; DI III 596

15.5.1464: " ... jon olason selldi abota einare ok klaustrinu aa munkapvera iordina Stokahlader j eyiafirdelyste þratnefndur jon ath saugd veri fiordungs kirkiu skyllid aa jordunne stokahlaudumjtem sagdi jon olason ath lambselldi væri a jorduni stokahlaudum fra klaustrinu aa munkapvera." DI V, 419-20.

Ey-317:015 tóft 65°33.426N 18°06.641 V

Tóft er á fyrstu brekkubrún fyrir ofan bæinn á Stokkahlöðum, um 200 m VSV frá íbúðarhúsi á Stokkahlöðum II, um 30 m sunnan við Stokkahlaðaá, í NV-homi á vírgirðingu. Í þýfðum grösugum móa. Tóft þessi er tvískipt, syðra hólfið (króin) er 2xl að innanmáli en það nyrðra 2,5xl og hefur það dyr í austur norðarlega á austurlangvegg. Veggir eru mjög stæðilegir, um 1,5 m breiðir. Hugsanlega eru leifar eldra mannvirkis undir og vestan við tóftina, jafnlangt henni og með 1,5-2 m breiðum vegg.

Hættumat: lítil hættu vegna ábúðar



Ey-317:016 Ytragerði

65°33.490 N 18°06.539 V

"Liggur túnið upp með [Melhóli] beggja megin. Heita þessir túnhlutar Ytragerði og Syðragerði." segir í örnefnalýsingu. Ytragerði er túnhlutinn sem gengur út frá bænum ofan vegar og hefur hann ekki mikið verið stækkaður frá 1917. Túnið er ekki rennslétt en engin ójafna er líklegri en önnur til að vera eftir tóftir eða garða.

Hættumat: hættu vegna ábúðar

Heimild: Ö-Hrafn, 187

Ey-317:017 garðlag

Á Melhóli, beint ofan við bæinn, er garður, sem rekja má nokkurnvegin íferhyrning utan í suður og suðausturhlíðum hólans ofan við túnið. Á og utaní melhól, nú að mestu gróðurlaus að ofan. Garðurinn er um 1 m þykkur, gróinn neðan til á hólum en blásinn ofan á höm og sést þar að hann hefur verið tvöföld grjóthleðsla með torfi á milli. Vesturhlíð er 39 m og því

sem næst heil. Norðurhlið er 22 m og einnig nær heil. Af austurhlið sjást 10 m og af suðurhlið 14 m en auðvelt er að rekja hvar grðurinn hefur legið á milli þessara tveggja garðsenda því grasigróin misfella er þar sem garðurinn er undir. Sennilega kartöflugarður og nokkuð forn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-317:018 garðlag

Garður liggur yfir þvera landareignina ofantil, um 150 m vestan við selið og er hann framhald Ey-319:014 til suðurs en handan Merkigilsár tekur við Ey-322:024. Garðurinn liggur yfir holt og móa.

Garðurinn er hlykkjóttur, víðast sundursprunginn af þúfum og ósýnilegur á köflum.

Hann er allt frá 2 og upp í 5 m breiður og hæst um 0,8 m hár. Stefna garðsins suðurfir landareignina er heldur tilausturs. Frá Stokkahlaðalandi séð, hefur garðurinn byrjað að taka þá stefnu í Hranastaðalandi sunnan við Grásteinslæk því garðinn má sjá norðan árinna sem skugga í mýrinni með sömu stefnu. 65°33.555 N 18°09.262 Ver norðarlega í landareigninni, um 40 m sunnan við Hranaá. 65°33.517 N 18°09.266 Ver um 100 m sunnar. Norðan við þennan stað hafði garðuinn stefnu í SSA síðan í Hranastaðalandi, en hér snýst hann beint í suður. 65°33.332 N 18°09.370 Ver í Merkilgilslandi, um 100 m norðan við Merkigilssel og um 50 m sunnan við skurð sem grafinn hefur verið í gegnum garðinn. Frá þessum stað beygir garðurinn fljótlega til SSA á ný og má greina hann enn á 50-70 m löngum kafla en þá hverfur hann alveg á móts við syðri hluta Merkigilssels og eru á þeim stað um 30 m milli garðs og sels. Garðurinn kemur svo aftur í ljós skammt sunnan við Merkigilsá. Hættumat: engin hætta

Ey-317:019 sundlaug

65°33,576 N 18°06.795 V

Fyrirhleðsla er um 20 m austan við afleggjarann að Hranastöðum, um 50 m norðar en beygjan á honum til vesturs. Í djúpri deiglendri dæld milli móaholta. Garður hefur verið hlaðinn í vinkel utan í náttúrulega brún og myndar hleðslan suður- og austurvegg. Auðvelt hefur verið að veita vatni í hólfið ofanfrá. Á þessum stað er þó sennilega aðeins kalt vatn að hafa.


Hættumat: engin hætta

Ey-319 Hranastaðir

20 hdr. 1712. Hrafnagilskirkjuförð. Hranastaðir eiga ekki land að Eyjafjarðará heldur tilheyrir þar Stokkahlöðum og bendir það til að Hranastaðir hafi byggst úr Stokkahlaðalandi. Hranastaðir eiga þó sér land upp á fjall.

1917: 4 ha.(4/5 sléttað), garðar 320 m². 1967: "Gamla tún var milli Stokkahlaðaár og bæjarlækjar, þ.e. sunnan bæjarlækjar en ekki norðan. Þar eru aðeins tún ræktuð eftir 1925- 30." Aths. e. Jakob Pétursson; 1990: "Túnið er að mestu samfelld og nær því allt í einhverjum halla, einkum sá hluti þes sem er norðan bæjarins og neðan. Ofan við túnið hækkar land nokkuð að hólabyrpingu sem er neðst í fjallshlíðinni. Á því svæði og í fjallinu er beitilandjarðarinnar." BE 1990, 752. Allt gamla túnið hefur verið sléttað með plógi og/eða jarðýtu. Þar sem nú eru tún austan við gamla túnið voru áður þurrir móar og eins ofan við en þar vr þó deiglendara hér og þar. Fyrr á þessari öld sáust rásir í túninu sem lágu niður eftir því og hafði vatni verið veitt á túnið um þær.

Heimildamaður: Pétur Ó. Helgason á Hranastöðum f. hér 2.5.1948



Kort 2. Fornleifakort. Hranastaðir, Stokkahlæðir og Merkigil.

Ey-319:001 bæjarhóll

65°33.668 N 18°07.934 V

Núverandi íbúðarhús var byggt í tveimur áföngum inn í sunnanvert bæjarstæðið. Síðar hefur verkstæði verið byggt norðanvið þar ern hinn hluti gamla bæjarins var. Baðstofan var aftan við húsinn sem nú standa, norðarlega í garðinum sem nú er þar. Íbúðarhús, hlað og garður beggja vegna. Fyrsti áfangi núverandi íbúðarhúss var byggður 1932 en hinn 1953. Baðstofan var rifin 1954 eða '55. Manngengur kjallari er undir mstum hluta hússins, handgrafinn. Þar sem baðstofan stóð hefur aðeins verið jafnað yfir. Sunnan við þar sem baðstofan stóð vaxa tré í garðinum. Aftan við verkstæðið er gamall steypdur grunnur sem grafinn hefur verið niður a.m.k. 1 m. Bæjarhóllin er því svo gott sem ónýtur. Til er ljósmynd afbænum frá 1929.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-319:002 heimild um hesthús

65°33.657 N 18°07.968 V

Hesthús stóð um 40 m vestan við SV horn núverandi íbúðarhúss þar sem nú er braggi. Suðurendi braggans mun vera þar sem þetta hús var. Braggi með steypum sökkli, tún í kring. Um 10 m NA við þennan stað mótur fyrir byggingaleifum í grassverðinum en ekki er víst að þær séu gamlar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-319:003 heimild um fjárhús

65°33.680 N 18°07.989 V

Fjárhúskofi var 30 m vestan við verkstæði sem er áfast íbúðarhúsi að norðan, um 20 m norðan við hesthúsið 002. Í túni, illa sléttu að vestan og norðan við þennan stað. Skammt NA við þennan stað munu hafa staðið fjárhús úr torfi byggð um 1930. Til þeirra sér ekki lengur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917

Ey-319:004 heimild um fjárhús

65°33.639 N 18°07.672 V

Fjárhús þessi voru um 160 m austan við íbúðarhús á Hranastöðum, fast norðan við heimreiðina, um 50 m austan við SA horn fjóssins. Í sléttu túni. Tóftir voru á þessum stað fram yfir miðja þessa öld, á hólbrún sem nú hefur verið rutt niður.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-319:005 heimild um hesthús

65°33.709 N 18°07.796 V

Sá hluti gamla túnsins, sem er norðan við þessi hús var kallaður Hesthúsvöllur. Húsin stóðu á sama stað og nú er ysta útihúsið á bænum, fjárhús norðan við fjósið. Áður tún nú byggingar og hlöð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-319:006 Torfhóll

65°33.758 N 18°07.877 V

"Hranastaðalækurinn (bæjarlækurinn) á upptök sín í háfjalli. Sunnan er Grásteinslækur. Hann sameinast Hranaá skammt ofan við bæinn. Gamlatún er norðan bæjarlækjar. Utan og neðan við það er engjateigurinn Langasund. Út og upp frá þessum túnhluta er Torfhóll, ... " - "Norðan og ofan við norðvesturhorn gamla túnsins er hóll lítt gróinn. Nefnist hann

Torfhóll." segir í örnefnalýsingum. Torfhóll er um 100 neint norður afbænum og er stakur steinn í hólbrúninni. Torfið mun hafa verið rist norðan við hólinn en þurrkað á honum. Þar er allt komið undir tún. Hóllinn er lágur en breiður, nú allur gróinn.

Heimildir: Ö-Hrafn, 189; Örnefnalýsing frá um 1930

Ey-319:007 Kvíahóll

65°33.689 N 18°08.084 V

"... ensunnar [en 006] er Kvíhóll, ekki alllangt frá bænum." - "Hábrún Kvíahóls mun vera í ca. 100 m. fjarlægð frá bæjarhúsum. Því réttara að telja hann "rétt ofan við" bæinn ... " - "Annar hóll, miklu meiri [en Torfhóll], er sunnar og ofar, rétt ofan við Hranastaði, er Kvíhóll heitir. (var aðalleikvangur heimabarna fram eftir árum, þar sem búsmalinn, kindahorn, kjálkar og leggirdreifðu sér um ímyndaða sumarhaga)." segir í örnefnalýsingum um NeðriKvíhól, en einnig var Efri-Kví(a)hóll: "Milli bæjarlækjarins og Grásteinslækjar er Litlagil, - þvergil, sem nær á milli lækjanna. Nokkru ofar er Efri-Kvíhóll. Sést af honum, betur en annarsstaðar út yfir allt land jarðarinnar."

Neðri-Kvíahóll er fast ofan við bæjarstæðið, aflangur frá N-S. Efri-Kvíahóll er síðan í sömu línu frá bænum, um 150 m vestar. Utan í honum er stekkurinn 011. Neðri-Kvíahóll er allhár ávalur hóll og er tún ræktað upp á hann miðjan að vestan. Efri-Kvíahóll er lægri og breiðari. Ekki er vitað hvar kvíarnar voru og má vera að báðir hólarnir heiti eftir sömu kvíunum ogjafnvel að þær hafi verið á sama stað og stekkurinn 011. Algengara mun þó hafa verið að kvíar væru skammt utan túns en Neðri-Kvíahóll var í túnjaðrinum gamla.


Heimildir: Ö-Hrafn, 189;

Athugasemdir Jakobs Péturssonar
27.5.1967; Örnefnalýsing frá um
1930.

Ey-319:008 Ytrasel beitarhús

65°33.923 N 18°09.130 V

"Þar ofan við [Sundabrún] eru Sundin, og ná upp að Fjallagirðingu. Skammt þar ofan við eru tvennar beitarhúsatóftir, sem heita Ytrasel ... Neðan við ytri tóftirnar er Selgrund. Út og upp frá Selgrun eru engjateigarnir Selenni, en niður Selgrund liggur Selgil ... [Móarnir] ná upp að Selhóli, sem er lítill hólkollur á syðra barmi Selgils, aðeins neðar en seltóftirnar. Suður frá Selhóli er Selhail og ofan þess Selmór. Nokkru [ofar] en selin standa, er engjapartur milli lækjanna, sem nefnist Grásteinspartur." segir í örnefnalýsingu en í eldri gerð hennar frá ca. 1930: "Rétt ofan við [fjall]girðinguna eru tvær beitarhúsatóftir, sín hvoru megin við bæjarlækinn. Voru hús þessi áður




kölluð Sel, og eru ýmis örnefni af þeim dregin."

Ytrasel er fast ánorðubakka bæjarlækjarins, um 50 m ofan við fjallgirðingu og um 15 m neðar en á mótis við Syðrasel 009 og eru um 30 m á milli þeirra. Tóftin er á lágum og breiðum rústahóli á lækjarbakka. Mjög grösugt er í kring, sérstaklega til austurs en fjær, til vesturs og norðurs eru blásnir lyngmóar. Sunnan við tóftina, hálpartin ofan í lækjargilinu er mögulega önnur með mun veigaminni veggjum, um 4x4 m að stærð og gæti verið heystæði. Tóftin sjálf er að innan 9x2,5 og má vera að henni hafi verið skipt í tvennt, nyrðra hólfið þá stærra. Dyr hafa verið á norðausturhorni. Veggir eru afar þykkir, 2,5-3 m og glittir í grjóthleðslur á nokrum stöðum. Skv. afhendingujarðarhúsa frá 1897 voru tvenn beitarhús á fjalli og hefur þetta verið annað þeirra.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hrafn, 189 sbr. athugasemdir Jakobs Péturssonar; Örnefnalýsing frá um 1930



Ey-319:009 Syðrasel beitarhús

65°33.908 N 18°09.215 V

"Þar ofan við [Sundabrún] eru Sundin, og ná upp að Fjallagirðingu. Skammt þar ofan við eru tvennar beitarhúsatóftir, sem heita Ytrasel og Syðrasel. Neðan við tóftirnar er Selgrund." segir í örnefnalýsingu. Syðrasel er á suðurbakka bæjarlækjar um 50 ofan við fjallgirðingu, en um 30 m SV af Ytraseli 008. Vesturgaflinn er í línu við garðinn 0 14 en vik er í hann kringum bæjarlækjargilið. Á lágum en breiðum rústahól á lækjarbakka.

Rústir Syðrasels eru mun greinilegri en Ytrasels og sést grjóthleðsla víða í veggjum, bæði utan á og innan. Innan á nyrðri langvegg stendur hleðslan hæst 4 umför en grjótið er fremur smátt. Tóftin snýr A-V og skiðtist í tvö hólfi. Eitt lítið í vesturenda, 2x2 m stórt og dyr á því í stærra hólfið sem er 5x2 m að innan og hefur dyr til austurs. Í minni tóftinni eru afar fallegar bogadregnar hleðslur. Rofabarð er um 1 m norðan við norðausturhorn tóftarinnar og sést í því grjóthleðsla vestantil og torfhleðsla austantil. Barðið er um 5 m langt og eru þessar leifar greinilega af eldri byggingarstigum. Um 30 m austar og neðar er annar hól lægri og í toppi hans dæld sem gæti verið tóft. Skv. afhendingu jarðarhúsa frá 1897 voru tvenn beitarhús á fjalli og hefur þetta verið annað þeirra.

Hættumat: hætta vegna rofs

Heimild: Ö-Hrafn, 189.

Ey-319:010 heimild um fjárhús

65°33.641 N 18°07.720 V

Fjárhús stóðu um 20 m sunnan við heimreiðina, beint niður a núverandi íbúðarhúsi, á mótis við þar sem heimreiðin fer að halla mikið til austurs. Í túni. Heimildamaður man eftir að sér hafi verið sagt að fjárhús hafi staðið neðst í túninu utaní hól (sem nú hefur verið rutt niður) og man hann eftir að hafa séð ummerki um þau.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-319:011 heimild um stekk

65°33.763 N 18°08.446 V


"Vestan [Efra-Kvíahóls 007] er Stekkjarbrot, en þar ofan við valllendismóar, sem alltaf eru

nefndir Móarnir. Þeir ná upp að Selhól, sem er lítill hólkollur á syðra barmi Selgils, aðeins neðar en seltóftirnar." segir í örnefnalýsingu en í eldri gerð frá ca. 1930: "Vestan í [EfriK víhól] er gamalt stekkjarsbrot, nafnlaust."

Stekkjarsbrotið er niðri í dæld sem myndast milli Efra-Kvíahóls og rana sem gengur vestur úr honum og lækjarfarvegs að sunnan. Næst tóftinni er grösugur mói en fjær hafa tún verið ræktuð. Lækjarsytra er um 10 m austan við. Stekkurinn er hlaðinn utaní um 1,5 m háa brún á rana sem gengur vestur úr Efri-Kvíahól. Króin er 2x2 m að innan. 6 m sunnan við tóftina er lítill grjóthrúga í grassverðinum.

Hættumat: lítil hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hrafn, 189; Örnefnalýsing frá um 1930



Ey-319:012 Grásteinsvörður

65°33.953 N 18°10.097 V

"Í [Grásteinsparti] er Grásteinn og litlu ofar Grásteinsvörður á Vörðumel, og er þá komið að Langhólum." segir í örnefnalýsingu en í eldri gerð frá ca. 1930: "[Grásteinsmelur] er hár melur og á honum hafa verið hlaðnar vörður, sem kallaðr eru Grásteinsvörður." Grásteinn er stór steinn í tungunni milli Grásteinslækjar (að sunnan) og Bæjarlækjar (að norðan) beint upp af seljunum 008-009. Um 40 ofan við steininn er tvískiptur melur og er eitt vörðubrot á hvorum kollinum. Framan í nyrðri kollinum er einnig stór steinn.

Báðar eru vörðurnar hlaðnar úr stórum hnallungum en hálfhrundar. Um 25 m eru á milli þeirra.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hrafn, 189; Örnefnalýsing frá um 1930

Ey-319:013 Torfholt/Stekkjarsundsholt

65°33.678 N 18°08.675 V

"Sunnan Grásteinslækjar er fyrst Tunga, en hún myndast þar, sem þessi lækur endar. Norðan Tungu er Tungulækjargil, en þar rétt ofan við er Ljótalág milli tveggja holta. Heitir hið syðra Stekkjarsundsholt, öðru nafni Torfholt." - "(nú oftast nefnt Torfholt, af því að heyjatorf hefur verið breitt þar til þerris í seinni tíð)." segir í örnefnalýsingum.

Torfholt er fyrsta holtið norðan við Hranaá og er Ljótalág milli þess og næsta holts sunnan við Grásteinslæk. Þar norðan við er stekkurinn 0 11 og erum um 150 m milli þessara staða. Lágt holt sem nú hefur verið ræktað í tún.

Ekki er vitað um neinar tóftir á þessum stað en hæpið verður þó að telja að Stekkjarsund eigi við stekkin 0 11 því drjúgur spölur er á milli. Hlýtur því að vera um annan stekk að ræða en hvar hann hefur verið er ekki hægt að sjá nú. Leifar hans hafa verið sléttaðar undir tún eða lent í skurði þeim sem er í Ljótulág ef hún er sama og Stekkjarsund.

Sunnantil á túnspilduni á Torfholti er samanborin grjóthrúga og gæti umt af því verið hleðst ugrjót.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hrafn, 189; Örnefnalýsing frá um 1930

Ey-319:014 garðlag

Allmikil garður liggur um þvera landareignina að ofan og sést hann glögg allt frá norðurmerkjum (en hinsvegar örlar ekki á honum norðan við merkin), þvert yfir móana til suðurs, framhjá seljunum skammt ofan við þau (20 m ofan við Ytrasel en sést ekki ofan við það syðra á stuttum kafla en vesturgaflinn á selinu er í stefnu við garðsendana beggja vegna) og suður að Grásteinslæk en þar hverfur hann og sést svo ekki aftur fyrr en í Stokkahlaðnalandi. Hjá Grásteinslæk virðist garðurinn hafa breytt um stefnu og snúið því sem næst í suðaustur. Garðurinn liggur víðast um þýfða móa en sumstaðar eru mýrarsund ofan og neðan við hann og eru skörð í hann af þeim sökum.

Garður þessi er víða mjög stæðilegur, hár og þykkur en annarsstaðar er hann aðeins sem skuggi í gróðrinum. Hann er nokkuð hlykkjóttur og mishár. Víðast þó 1,5-2 m breiður og 0,6-1,2 m hár. Nokkur skörð eru í hann þar sem mýrlent er fyrir ofan. Mæling á norður enda: 65°33.064 N 18°09.017 V. Mæling á stað skammt NV af Ytraseli. Á þessum stað er mögulegt að um 4x2 m tóft hafi verið byggð utan í garðinn austanmeginn. 65°33.957 N 18°09.162 V. Mæling skammt sunnan við Syðrasel þar sem garðurinn er mjög hár, en þar sunnan við hverfur hann í mýri: 65°33.882 N 18°09.206 V. Mæling um 10 m norðan við Grásteinslæk þar sem garðurinn endar til suðurs. Á þessum stað hefur töluvert dregið saman með garði og fjallgirðingu. 65°33.825 N 18°09.280 V.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-319:015 mógrafir

65°33.987 N 18°10.074 V

Mógrafir eru í mýrunum milli Grásteins og Vörðumels. Grafirnar sjást vel á um 30x30 m svæði og stendur vatn í sumum þeirra. Ofarlega í tungunni milli Grásteinslækjar og Bæjarlækjar er víða mýrlent og eru hér og þar hvompur sem gætu verið samfallnar mógrafir.

Ey-320 Merkigil

20 hdr. 1712. Merkigilslandi hefur greinilega verið skipt útúr landareign Stokkahlaða en Merkigil hefur þó lengi verið lögbýli. Gilsins er getið í Landnámu sem merkja á milli landnáma Helg magra á Kristnesi og Hámundar heljarskinns á Espihóli.

1917: 2,8 ha. (2/3 sléttað), garðar 270 m². 1990: "Land er allt í einhverjum halla og nokkuð mishæðótt. Um brekkubrúnina neðan við bæinn eru merkin milli Stokkahlaða og Merkigils. Túnið nær frá þessari brún og alllangt upp fyrir húsinn. Beitoland er ofan við túnið og í fjallinu." BE 1990, 756.

Heimildamaður: Birna Snorradóttir á Merkigili f 7. 8. 1958

Ey-320:001 bæjarhóll

65°33.050 N 18°08.219 V

30 m fyrir ofna núverandi íb.hús.byggt 1947, við norðurbrún Merkigils, 40 m austan við fjós. Harður grashóll, sést móta fyrir veggjum, en mjög óljóst þó. Ekki er unnt að segja hvort mikið hafi verið tekið af hólnum er húsinn voru rifin og skikinn gerður að túni. Heimildakona er frá Ási í Kelduhverfi og þekkir lítið til hér. Hún nefndi að fullorðin kona hafi komið á bæ í fyrra og bent henni á að hér hafi bærinn staðið áður. Ekki er ástæða til að vefengja það,

enda ljóslega fornt húsastæði.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-320:002 heimild um útihús 65°33.055 N 18°08.210 V Í kverk milli heimreiðar sem liggur norðan við núv. íb.hús og vestur í fjós, þar sem gata beygir í suður. Hnit tekið í kverkinni sunnan megin áður en kemur að fjósinu. Harður grasvöllur, grunnt í mölina. Svo virðist sem jafnvel móti fyrir beðasléttum hér og hvar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-320:003 heimild um útihús

65°33.117 N 18°08.295 V

60 m í ANA frá 002. Slóðin liggur upp fyrir fjósið og síðan í norður. Hnit tekið 10 m austan við vegarslóða, þar sem ræsi er undir hann, um 40 m frá norðurgafli hlöðunnar, Í túni. Ekki sést til tóta en hér er völlur harður og standa stöku steinar upp úr.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-320:004 heimild um útihús

65°33.075 N 18°08.380 V

Um 80 m vestur með Merkigili frá gamla bæjarhólnum og 15 metra frá gílinu. Tún. Hér er á bletti mikið illgresi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-320:005 Svarðarlág

"Út og upp frá Teigsgærði [eyðibýli í landi Stokkhlaða] er Svarðarlág. Sunnan og ofan við lágina var Svarðlágarsund, nú tún." segir í örnefnalýsingu. Staðurinn verður ekki ákvarðaður nánar.

Heimild: Ö-Hrafn, 188.

Ey-320:006 Torfuhóll

65°33.112 N 18°08.125 V "Einnig

er Torfuóllinn horfinn, en hann var norður frá bænum." segir í örnefnalýsingu. Um 100 metra frá bænum. Flatir bali, grasi vaxinn, notaður

til hestabeitar nú. Hóllinn var


jafnaður út með ýtu.

Heimild: Ö-Hrafn, 188.

Ey-320:007 Merkigilssel

65°33.282 N 18°09.303 V

"Í óskipta landinu upp með Merkigilsánni er Merkigilssel. Þar hefur verið allstórt tún umhverfis og túngarður sést þar enn." segir í örnefnalýsingu. Selið stendur í tungu milli Merkigilsár að sunnan og



ónefnds lækjar að norðan. Hallandi mólendi. Tóftin stendur á smá hólnefni sem er grösug og stendur tunga undan henni að austan, líkt og hún standi á eldri tóftum.

Tóftirnar eru a.m.k. tvær og þar er túngarðsbrot. Aðaltóftin stendur syst á rústasvæðinu. Túngarðsbrot sést skammt austan við hana og gengur í boga norðurfyrir. Nyrst er hóll með hólfi í miðju og gæti þar leynst tóft. Frá þessum hól liggur hólsrani í vestur og suður og nær næstum að annari tóft sem er um 35 m vestan við aðaltóftina. Sunnan úr þessari tóft sést túngarðurinn á ný og gengur hann í boga í suður og síðan austur og nær í áttina að suðurenda aðaltóftar.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Hrafn, 188.

Ey-321 Víðigerði

20 hdr 1712, þá hjáleiga frá Stórahóli (Espihól). Rófa hjáleiga í eyði frá um 1670.

Landaskipti með Espihóli og Víðigerði fóru fram 1921.

1917: 3,1 ha. (1/2 sléttað), garðar 390 m². 1990: Landjarðarinnar er að mestum hluta hallandi og nokkuð mishæðött. Túnið nær frá merkjum við Espihól að austan og talsvert upp fyrir bæinn. Hafin er ræktun nytjaskóga á um 10 hektara svæði. Beitoland er ofan við túnið og í fjallinu Í byggingu er Víðigerði II sem er íbúðarhús ... " BE 1990, 758.

Heimildamaður: Haraldur Hannesson í Víðigerði f. hér 11.8.1926

Ey-321:001 bæjarhóll 65°32.662 N 18°08.093 V Þar sem nú stendur hlaða, um 5 metrum norðan við núverandi íbúðarhús að Víðigerði 1. Búið að slétta og byggja þarna hlöðu. Heimildarmaður taldi að bærinn hefði náð aðeins framan við núverandi hlöðu, þar sem hlaðið er nú.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-321:002 heimild um útihús

65°32.645 N 18°08.206 V

Suður af íbúðarhúsinu, upp við nýræktað skjólbelti. Sést móta fyrir lítilli upphækkun í túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-321:003 heimild um hesthús

65°32.721 N 18°08.150 V

Norðvestur af núverandi hlöðu, norðan við bæjarlækinn í aflíðandi sléttu. Horfið vegna sléttunnar, hefur staðið í sléttri brekku sem nær niður að bæjarlæknum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917.

Ey-321:004 heimild um fjárhús

65°32.704 N 18°08.232 V

Um 50 metrum ofan við núverandi hlöðu, sunnan við bjarlækinn, rétt norðan við ræktaðan trjálund. Sléttað fyrir um 20-30 árum, þar vex mikill njóli á litlu svæði þar sem fjárhúsið stóð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917.

einhverju leyti. Heimildarmaður man eftir því að torf hafi verið rist þarna og þurkað á hólnum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hrafn, 186; Örnefnaskrá Haralds Hannessonar fyrir Espihól og Víðigerði, 11


Ey-321:007 Rófa býli

65°32.575 N 18°07.938 V

"Fyrir 1670 var þó smákotið Rófa utan og neðan við Víðigerðistún." - "sér þar enn móta fyrir tóftarbrotum og undirstöðuhleðslum en þó mest nýlega horfið undir veg og ræktun." segir í örnefnalýsingu. Sunnan við heimreiðina upp að Víðinesi I, á smá túnparti milli vegarins og lækjarskurðar. Engar menjar um bæinn eru nú sjáanlegar, túnið var sléttað og öllu ýtt upp í vegin þegar hann var gerður um 1950.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hrafn, 185; Örnefnaskrá Haralds Hannessonar fyrir Espihól og Víðigerði



Ey-321:008 Víðigerðissel

65°32.976 N 18°09.680 V

"Á móts við Stórhólssel norðan við lækjargilið var Víðigerðissel, löngu fallið og algróið f mannaminni. Norðvestur af Víðigerðisseli er toppmyndaður hól, Strýtuþóll." - "... liggja selin frá Espihóli og Víðigerði svotil samhliða utan og sunnan Víðigerðislækjar, en lækjargilið þar upp milli seljanna heitir Bleituláarsund." segir í örnefnalýsingum.

Selið er upp með Víðigerðislæk að norðan og er um 30 m frá lækjarbakkanum í norðvestur frá Stórhólsseli. Selið er í breiðum hvammi með læk fyrir sunnan og neðan en melhólar eru fyrir norðan og ofan: Upp og niður með læknum eru grösugir móar.

Selið er eins og tannlaus kerling því allt grjót var tekið úr því og notað í byggingar heima í Víðigerði. Um er að ræða eina stóra tóft sem snýr N-S og er 7x3 m að innan og mögulega með garða eftir endlöngu. Við norðurenda þesarar

tóftar er önnur minni, um 3x3 m að innan og hefur hún dyr í austur. Við hlið stærri tóftarinnar er að því er virðist stórt hól, um 7x4 að stærð en ekki eru gaflarnir í því greinilegir.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Örnefnaskrá Haralds Hannessonar fyrir Espihól og Víðigerði, 11

Ey-321:009 Stekkjarmór mógrafir

65°32.798 N 18°08.614 V

Beint upp af íbúðarhúsinu, norðvestan við Stekkjarhól heitir Stekkjarmór og voru þar mógrafir. Ræktað tún, skurðir hafa verið grafnir í kring og landið þurrkað, norðan við skurðinn rennur bæjarlækurinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-321:010 Torfhólsmór mógrafir

65°32.868 N 18°08.282 V

Beint norður af Torfhól, norðan megin við bæjarlækinn, upp af fjárhúsinu heitir Torfhólsmór og voru þar mógrafir. Horfið, gróð tún markað af skurðum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-321:011 mógrafir

65°32.814 N 18°07.685 V

Í túni, norðaustan af fjárhúsinu, vegarslóði liggur niður að túninu. Mógrafirnar voru fylltar með rusli og sléttað yfir, tún með skurðum í kring, mógrafirnar voru um mitt tún, beint neðan við hlið sem er á griðingunni þar sem vegaslóðin endar. Heimildarmaður segir að hér hafi einnig verið torfrista.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-321:012 Vallargarður

65°32.660 N 18°08.201 V

Vesturhluti gamla túngarðsins sést enn. Það sem afhonum sést er um þð bil 60-70 metra langt. Garðurinn er grjóthlaðinn, nú mjög gróinn. Nær frá hliðinu sem liggur upp á tún, beint ofan við hlöðuna, og út að nýgróðursettu skjólbelti þar sem garðurinn hefur verið sléttaður.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-321:013 heimild um fjárhús

65°32.556 N 18°07.801 V

Fjárhús stóðu rétt við heimreiðina upp að Víðigerði 1, um 60 metrum norðan við Víðigerði II. Sléttað tún. Þarna var líka eitt sinn kartöflugarður og minnst heimildarmaður þess að hafa rekist á marga steina í jarðvegnum þarna.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-322 Espihóli

100 hdr með Víðigerði en heimajörðin var 80 hdr 1712. Á Espihóli var alkirkja á miðöldum. Getið í Víga-Glúms sögu. Einnig Espihóll nyrðri, Stóri hóll og Stórhóll. Víðigerði var hjáleiga en var fráskilin 1921. Espigrund var byggt úr landi Espihóls árið 1933, var í eign Espihólsbónda sem hefur nytjað landið frá því að landið fór í eyði 1958. "Jarðarinnar er getið í fornum ritum svo sem Landnámu og Víga-Glúmssögu og var þá nefnd Espihóli inn nyðri. Þórarinn Þórisson, afkomandi Helga magra, mun fyrstur hafa reist hér bæ. Á Espihóli sátu um tíma sýslumenn Eyjafjarðarsýslu." BE 1990, 760. "Merkin eru við Merkigilsá að norðan, en voru nokkru norðar hér áður fyrr eða um Maríugerði í Stokkahláðnalandi ... " HDr. örn.skrá

1917 11,8 ha (3/5 sléttað), garðar 650 m². "Túnið á Espihóli liggur norðan við Hólinn og nær þar til taka við engjar að norðan og austan Aðalengi jarðarinnar liggur út og fram af túninu og nefnist Espihólsnes." 1990: "Tún er beggja vegna þjóðvogarins og nær það alllangt upp í brekkuna ofan bæjarins. Hafin er ræktun nytjaskóga á um það bil 15 hektara svæði. Beitiland er til fjallsins. Víðigerði var talið hluti af Espihóli til 1900." BE 1990, 760.

Heimildamenn: Guðný Kristjánsdóttir á Espihóli f hér 2.5.1941

Haraldur Hannesson í Víðigerði f þar 11.8.1926

Ey-322:001 bæjarhóll 65°32.266 N 18°07. 744 V Núverandi íbúðarhús stendur á gamla bæjarhólnum. Á túnakorti sést timburhús sem var byggt skömmu eftir aldamótin, það stóð lítið austan við núverandi íbúðarhús. Heimildarmaður segir nýja húsið byggt á grunni gamla torfbæjarins.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917.

Ey-322:002 heimild um útihús

65°32.214 N 18°07.864 V

Um 20 metrum austan við veginn og 70 metrum sunnan við geymslu. Á hólnum, rétt við kartöflugeymslu sem grafin hefur verið inn í hólinn. Þessi hluti hólsins sléttað tún. Þegar kartöflugeymslan var grafin í hólinn sáust engin merki um rústir. "Túnið á Espihóli liggur norðan í "Hólnum" og nær niður á árbakka. Norðan í Hólnum heitir Kinn. Meðfram henni rennur Kvamárlækur og er Kvamárvað á Eyjafjarðará þar austur af Ofan Kinnar og sunnan við lækinn er Sauðhúsvöllur, og Horngryti er þar syðst í túninu." Sauðhúsvöllur var skráður sér en þetta útihús hefur staðið á sama stað og þessi völlur sem hefur þá að öllum líkindum dregið nafn sitt af því.

Hættumat: hætta vegna ábúðar Heimildir:

Túnakort 1917; Ö-Hrafn, 185

Ey-322:003 heimild um útihús

65°32.286 N 18°07.779 V

Suðvestur af núverandi íbúðarhúsi, rétt ofan við braggann norðan Espihólsins. Sléttaður gróðurreitur við íbúðarhús og braggann, engin merki um útihús.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917.

Ey-322:004 heimild um útihús

65°32.283 N 18°07.684 V

Vestur af núverandi íbúðarhúsi, í garðinum framan við húsið. Sléttaður lítill garður Gæti verið á sama stað og gamli torfbærinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917.

Ey-322:005 heimild um útihús

65°32.306 N 18°07.782 V

Vestur af íbúðarhúsinu á Espihóli, í veginum við heimreiðina upp að Víðigerði. Horfið í veg. Heimildarmaður man eftir að hafa heyrt um útihús sem fóru í veginn þegar hann var lagður.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917.

Ey-322:006 heimild um útihús

65°32.299 N 18°07.724 V

Þar sem núverandi hlaða stendur. Horfið

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917.

Ey-322:007 heimild um útihús

65°32.366 N 18°07.467 V

Um 100 metrum austan við veginn, norðaustur af núverandi hlöðu. Horfið í tún
Heimildarmaður man eftir tóftum hér.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-322:008 heimild um útihús

65°32.385 N 18°07.397 V

Norðaustan við fjósið, um 120 metrum austan við veginn. Sléttað tún. Rétt austan við 007.
Heimildarmaður man eftir tóftum hér, sem herinn hafði notað til að æfa sig, og beyttu þeir
byssustingj unum á torfveggina.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917.

Ey-322:009 heimild um stekk

65°32.828 N 18°07.063 V

"Árið 1932 er svo reist nýbýli yst í landareigninni, á stekkjar- eða húsabroti er var á sléttri
grund rétt sunnan við Merkigilsá, og var nefnt: Espigrund ... " segir í örnefnalýsingu.

Bæjarstæði Espigrundar liggur upp við Merkigilsánnu, sunnan megin, 80 metrum vestan
við veginn. Rétt neðan við dálitla hæð, oghallar landið niður að veginum. Sést móta fyrir grunni
Espigrundar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Örnefnaskrá Haralds Hannessonar fyrir Espihól og Víðigerði

Ey-322:010 Bænhúshóll kirkja

65°32.252 N 18°07.743 V

Jóhannesarflötur er austur af bænum, þar upp við bæinn eru tveir mjög litlir hólar, syðri
hóllinn sennilega Bænhúshóll. Hóllinn hefur verið sléttaður en þó sést rétt móta fyrir smá
upphækkun. Heimildir um kirkju á Espihóli eru þessar:

1254: Kolbeinn grön var þar og vildi eigi í kirkju þó hann sæi flokkinn Gissurar, en Þorvaldr
Sveinsson annar brennumaður var úti í túni og vildi hlaupa til kirkju. En á kirkjustéttinni stóð
Geir bóndi hinn auðgi ... ; Íslendingasaga, Sturl, 648

1471: Máld DI V 297 298

1712: Hálfkirkja er hjer og ernbættað, þá heimafólk er til sacramentis; JbAM X: 221

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 221; Ö-Hrafn, 185

Ey-322:011 draugur á Stórhólsleiði

65°32.829 N 18°06.983 V


"Stefán Thorarensen bóndi á Espihóli drukknaði við Marí ugerðisvað vorið 1844. Taldi fólk sig
verða vart við hann lengi á eftir og eru til margar sagnir þar um. Einkum þótti reimt á
Stórhólsleitinu en svo heitir hæðin milli Espihóls og
Stokkahlæða."

Heimild: BE 1990, 760.

Ey-322:012 Gamlasel beitarhúsatóftir

65°33.074 N 18°10.742 V

"Neðan við Stórhólsmúla [sem er í norðanverðu
Kerlingafjalli] eru tvennar eða þrennar húsarústir,
sem einu nafni nefnast Selin. Þetta gætu verið
beitarhúsarústir." - "Í gilkríkanum norðan við
Stórhólsmúla eru beitarhúsarústir frá Espihóli, voru



þau beitarhús (ogeru) kölluð Gamlasel eða Efrasel - ekki notuð eða uppistandandi í elstu mannaminum." segir í örnefnalýsingum.

Beitarhúsin eru á norðurbakka Stórhóslækjar þar sem hann kemur niður úr allbröttum gilskorningi úr Kerlingarfjalli. Tóftin er í breiðum hvammi í fjallsrótum. Að ofan og sunnan eru blásnar fjallshlíðar en það neðan og norðan eru móar og mýrdrög. Tóftir þessar eru allskýrar, Fjárhústóft með garða, 6x2,5 snýr A-V með dyr í austur en við vesturenda hennar er minni tóft, 4x 1 m að stærð sem snýr N-S. Við hlið fjárhústóftarinnar er önnur ámóta stór, 6x2 m, en sýnu óljósari og gæti þar verið um heytóft að ræða.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hrafn, 185; Örnefnaskrá Haralds Hannessonar fyrir Espihól og Víðigerði

Ey-322:013 Sódóma heimild um ristu 65°32.389 N 18°07.720 V

Laut vestan vegar, norðan við Espihólsbæinn. Grasi gróin laut, búið að planta trjám í hana. Heimildarmaður man eftir því að hér hafi verið rist torf og sem síðan var þurrkað á Vörðumel.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar

Heimild: Ö-Hrafn, 185.

Ey-322:014 Kvamárvað 65°32.088 N 18°07.305 V

"Túnið á Espihóli liggur norðan í "Hólnum" og nær niður á árbakka. Norðan í Hólnum heitir Kinn. Meðfram henni rennur Kvarnarlækur og er Kvamárvað á Eyjafjarðará þar austur af."

Á móts við Kamb, austan við Espihól. Söndugir bakkar báðu megin. Sunnan við vaðið er landamerkjagirðing við Litlahól.

1877: "... út af [Espihól]num liggur í ánni lítill flatur sandhólmi, og yfir hann er enn gott vað til bæja sem eru á móti." KK III, 85. Ekkert sést til sandhólmans og Kvamarlækur hefur breytt um farveg. Landið hefur hækkað mjög mjög mikið síðan 1877. Heimildarmaður segist hafa heyrt að hér hafi vað verið og einnig segir hún að lækurinn hafi einu sinni runnið hér meðfram landamerkjunum niður í ána.

Heimild: Ö-Hrafn, 185.

Ey-322:015 varða 63°33.238 N 18°10.214 V

"... grónar flesjur upp og ofan með Merkilgilsánni, heita ... Sveppabalar, melhóll þar með vörðu á, samnefndur - Sveppabalahóll - " segir í örnefnalýsingu. Sveppabalahóll er vestan við Fjárhúsin í Víðigerði, við fjallsræturnar. Varða upp á melhól, varðan mjög gróin mosa, greinilega búin að vera þarna mjög lengi. Mikið af steinum í kring um vörðuna, allir mjög grónir, er í óskiptu landi 400 metrum ofan við griðingu.

Hættumat: lítil hætta vegna ábúðar

Heimild: Örnefnaskrá Haralds Hannessonar fyrir Espihól og Víðigerði

Ey-322:016 Nauthúshóll 65°32.260 N 18°08.030 V

"Nauthúshóll er ofan við túnið, grasi vaxinn." "nú orðið að túni." "norðaustan í honum er slétt hallandi grund, Nauthúsvöllur." segir í örnefnalýsingum. Hár grösugur hóll, vestan við veginn, sunnan við heimreiðina upp að Víðigrund. Hólinn er rétt við veginn og hann gæti dregið nafn sitt af útihúsi því sem fór í veginn (005). Beint upp af þeim stað þar sem það útihús á að hafa staðið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hrafn, 185; Örnefnaskrá Haralds Hannessonar fyrir Espihól og Víðigerði, 8

Ey-322:017 Vörðuhóll

65°32.412 N 18°07.672 V

"Djúp laut utan og ofan túnsins heitir Sódóma Upp frá Sódómu er melurinn Vörðuhóll." segir í örnefnalýsingu. Hár melur, að miklu leyti gróinn. Norðan við Sódómu og sunnan skógræktarsvæðis sem nær frá melnum og töluvert í norður. Á þessum stað var torf úr Sódómu þurrkað.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar

Heimild: Ö-Hrafn, 185-86


Ey-322:018 Uppsalar tóft 65°32.428 N 18°08.583 V

"Upp frá Sódómu er melurinn Vörðuhóll. Hann er nokkuð hár, en suður frá honum eru nokkrir lægri, uppgrónir melar, sem nefnast Hvarfhólar, en einnig Stórhólmelar. Þar er einnig talað um Efrimela og Neðrimela. Í lautardragi einu milli hóla þessara eru tóftarbrot. Halda sumir, að þar hafi verið býli, og heyrzt hefur nafnið Uppsalar í því sambandi, en sennilega er þarna um stekkjARBrot að ræða." segir í örnefnalýsingu.

Á mjög grösugum og litlum hól, rétt norðan við Kvarnána, um 100 metrum sunnan við landamerkjagirðingu við Víðigerði, mjög þýft í kring. Byggt upp við Efrimela.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Hrafn, 186



Ey-322:019 Torfubrekkur heimild um ristu

65°32.405 N 18°08.79 V

"Sunnan við Hvarfhóla rennur Stórhólslækur. Sunnan hans eru Torfubrekkur, sem ná yfir melinn. Yzt í þeim er Torfulág." segir í örnefnalýsingu. Beint vestur af Litlahól. Grösugar brekkur, Torfulág er þýft lægð milli Torfubrekka og malarvegjar sem Espihólsbændur hafa lagt upp á túb sem er rétt ofan við Torfubrekkan. Heimildarmaður man eftir því að torf hafi verið rist í láginni og þurkað í brekkunum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Hrafn, 186

Ey-322:020 Steinastekkur

65°32.434 N 18°09.216 V

"Ofar [en 019] nokkru þarna suður við merkin eru tveir hólar. Heitir sá syðri Steinastekkur, en hinn Sveinshóll." - "er [Steinastekkur] með stórum áberandi steinum í toppi." segir í örnefnalýsingu. Hár hóll í miðju túni. Margir steinar en engin hleðsla sýnileg, Steinarnir eru flestir sunnanmegin í hólum. Heimildarmaður kannast ekki við að hafa séð stekkjARBrot hér né heyrt sagnir um stekk. Steinarnir hér hafa verið óhreyfðir í mjög langan tíma, vel grónir.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hrafn, 186; Örnefnaskrá Haralds Hannessonar fyrir Espihól og Víðigerði, 10

Ey-322:021 Espihóll

heimild um legstað


65°32.166 N 18°07.728 V

Í skýrslu sóknarprests um fornleifar frá 1817 segir svo frá: "Espihaugur (almennt kallaður Espihóll) skiptir Grundar- og Hrafnagilssóknum og liggur mitt á milli tveggjajarða með samá ríafni en heimalönd þeirra liggja saman [þ.e. Espihóll og Litlihóll]. Hér hafa örugglega verið grafnir fornmennt nokkrir, er það ljóst af mannabeinum sem grafin voru úr þessum sama haug fyrir ekki mörgum árum þegar Jón Jakobsson sýslumaður í Eyjafirði bjó á næsta bæ [1769-1808]. Stærð þessara beina var sögð í meira lagi en alls ekki óvenjuleg."

Vestari hluti hólans er sléttað tún. Espihóll er einnig orrustustaður sbr. Víga-Glúms sögu. Hnit voru tekin um miðjan hólinn, austan við grafreitinn, rétt við stóran stein upp á hólnum. Norður af hólnum stendur braggi, þegar grafið var fyrir honum fann heimilisfólkið gamla peninga sem það setti í krukku og geymir einhverr heima við, engin hefur rannsakað þá.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: FF II, 565



Ey-322:022 Byrgishóll 2 tóftir smalakofa

65°30,252 N 18° 11.501 V


"Að norðan afmarkast Kvamárdalur neðst af Byrgishól, þar sjást enn leifar af smalabyrgi frá fæmasmala og hjásetudrengja frá því fyrir og um síðustu aldamót." segir í örnefnalýsingu.

Kvamárdalur nær hátt upp í fjallið og eftir honum liðast Kvamáin. Byrgishóll er hár melhóll norðan við Kvamána, og sunnan í honum, um 200 metrum norðan við ána eru 2 tóftir með um 3 metra millibili. Tóftirnar standa í mjórri sléttri lág, í annars mjög þýfðri sléttu, sunnan við Byrgishól. Erfitt er að greina tóftirnar en önnur virðist 3 x 2 en hin 2 x 2 m og eru þrír metrar á milli þeirra.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Örnefnaskrá Haralds Hannessonar fyrir Espihól og Víðigerði

Ey-322:023 Stórhólssel beitarhúsatóftir 65°32.911 N 18°09.651 V "Neðan við Stórhólsmúla [sem er í norðanverðu Kerlingafjalli] eru tvennar eða þrennar húsarústir, sem einu nafni nefnast Selin. Þetta gætu verið beitarhúsarústir." - "En nokkuð langt beint neðan við Gamla-sel [0 12] eru mjög greinilegar húsarústir. Þar var Stórhólssel, kring um það er óvenju stór grænn ræktaður blettur með glöggum merkjum eftir garð allt um kring (Nátthagi eða tún). Á nokkrum stöðum á þessu afmarkaða svæði eru óglöggar uppgrónar húsarústir sem menn vita ekki hvað hefir verið, en óljós munnmæli segja að þar



hafi verið býlið Uppsalar [sbr. 018]. Stórhólssel var notað sem beitarhús nokkuð fram á þessa öld, og man undirritaður eftir öllum veggjum uppistandandi." - " ... liggja selin frá Espihóli og Víðigerði svotil samhliða utan og sunnan Víðigerðislækjar, en lækjargilið þar upp milli seljanna heitir Bleituláarsund." segir í örnefnalýsingu.

Á suðurbakka

Víðigerðislækjar eru tveir stórir grænir hólar og nokkrir minni á milli þeirra og fyrir vestan. Ekki er tóftir að sjá svo ótvírætt sé nema á efri og vestri hólnum sem er skammt SA frá Víðigerðisseli. Tóftirnar eru á breiðum og grösugum móa. Lækur er skammt fyrir norðan þær en annars eru litlar mishæðir í landinu í kring, aflíðandi móar og mýrarsund á milli. Á efri rústahólnum er skýr grjótbýggð fjárhúsatóft. Í henni eru tvö 8x3 m stór hólfr samhliða sem snúa A-V og við enda þeirra 7,5x3 m hólfr sem snýr N-S. Það hólfr er mjög djúpt og stæðilegt, með hleðslum allt að 5 umförum í norðurgafli. Þetta hólfr gæti hafa verið notað lengur en hin (t.d. sem stekkur eða rétt) því þau eru mun óskýrari og sést varla í hleðslur. 9 m vestan við suðvesturhorn þesarar tóftar er önnur mun ellilegri og sokknarí. Hún snýr A-V og er opin til austurs, 8,5 að innanmáli með um 2,5 m þykkum veggjum. Sunnan við tóftir þessar gengur allbreiður (2,5-3 m) garður í boga til suðurs og síðan suðausturs. Má rekja hann um 54 m en þá hverfur hann við lítinn klettahól. Slittrur af þessum garði sjást einnig norðan við tóftirnar og virðist hann beygja niður (A) í Víðigerðislækjargilið eftir um 10 m. Stefnan milli garðsendanna er á milli tóftanna tveggja og heldur nær þeirri eystri. Mögulegt er að garðurinn hafi gengið til austurs frá klettahólnum og tengst í garðlagið 024 og hafi garður sá þannig endað í lykkju utan um Stórhólssel. Rústasvæðið á efri rústahólnum er um 60x40 m en frá garðinum 024 sem sleikir eystri rústahólinn eru um 150 m vestur fyrir vestustu rústina. Á hólunum og milli þeirra er valllendi en sunnar móar. Í eystri rústahólnum eru dældir hér og þar sem gætu verið eftir tóftir en ekki er það ljóst. Sömu sögu er að segja um aðra græna hóla þarna í kring.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hrafn, 185; Örnefnaskrá Haralds Hannessonar fyrir Espihól og Víðigerði, 11


Ey-322:024 garðlag

"Rétt neðan [Víðigerðissels Ey-321 :008 og Stórhólssels Ey-322:023] er lágur ruðningur sem liggur norður og suður sundurslitinn með köflum en í nokkuð beinni línu. Kunnugir telja að rekja megi ruðning þennan út og suður fjallið ofan bæja allangt. Munnmæli segja að hér séu leifar af ævafornum vörslugarði frá fornöldinni. Ekki hefur það verið rannsakað." segir í örnefnalýsingu.

Garður þessi er framhald af Ey-317:018 til suðurs. Hann má rekja frá Merkigilsá og um 40 m suður fyrir Stórhólssel en þar hverfur hann og má vera að sá syðsti hluti hafi einnig nýst sem austurhluti túngarðs utan um selið. Jafnvel er hugsanlegt að garðurinn hafi á þessum stað endað í lykkju umhverfis selið. Garðurinn er víðast 3,-5 m breiður og allt að 1 m hár en víða eru stórar eyður í hann. Mjög er hann hlykkjóttur. Yfir Víðigerðislæk myndar garðurinn eins og jarðbrú. Fast sunnan við Merkigilsá er garðurinn á 65°33.177 N 18°09.397 V. Næsta mæling er á stað þar sem garðurinn er orðinn mjög ógreinilegur og verður vart rakin lengra til suðurs í bili: 65°33.053 N 18°09.478 V. Frá 65°33.003 N 18°09.162 V má. síðan aftur rekja garðinn til suðurs, austur undir eystri rústahólinn á Stórhólsseli en þaðan beygir hann svo enn meir til vesturs. 65°32.866 N 18°09.550 Ver fast austan við eystri rústahólinn á Stórhólsseli. Frá þessum stað ganga enn 40 m af garðinum til suðvesturs. Á þessum stað er einnig lítil tóft sambyggð við garðinn vestanmeginn og er hún 7x3 m að utan og skiptist í tvö hólfr. Sennilega er um að ræða stekk eða kvíar frá selinu.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Örnefnaskrá Haralds Hannessonar fyrir Espihól og Víðigerði, 7



Ey-322:025 gerði talið vera hof
 65°32.428 N 18°08.403 V
 "Í lækjargili Stórhólslækjar ofan
 við [Vörðuhól og Neðrimela] er
 lítill og lágur grasigróinn hól,
 alveg hringmyndaður, sýnist
 ofan á honum móta fyrir
 einhverskonar húsabroti
 kringlóttu. Munnmæli egja að
 þar hafi verið hof eða
 blótstaður." segir í
 örnefnalýsingu.
 Neðrimelar eru fyrsti ásinn í
 fjallshlíðinni fyrir ofan Espihól
 og er gerðið í breiðum hvammi
 ofan (vestan) við ásinn, um 400
 m vestan við bæjarhús á
 Espihóli, um 60 m norðan við
 Stórhóslæk. Gerðið er neðarlega
 í breiðum og

grösugum hvammi sem snýr gegnt suðri.

Gerðið er um 1,4 m hátt að utan en að innan eins og grunn skál og veggir ekki skýrt afmarkaðir. Mesta hæð að innan er um 0,5 m. Gerðið er sporöskjulaga og ívið lengra frá austri til vesturs, að innan 8 m A-V en 7 m N-S.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Örnefnaskrá Haralds Hannessonar fyrir Espihól og Víðigerði, 9

Ey-322:026 stekkjartóft

"Sunnan og ofan við [025] í gilkrikanum [á Stórhóslækjargili] var stekkurinn frá Espihóli og sést gjörlla móta fyrir honum." Segir í örnefnalýsingu. Þetta er sennilega sami staður og Uppsaliir 018.

Heimild: Örnefnaskrá Haralds Hannessonar fyrir Espihól og Víðigerði, 9

Ey-322:027 heimild um leið

65°32.220 N 18°07.520 V

"Margar gamlar reiðgötur eru með norðurhlið [Espihólsins niður til árinna [að Kvamárvaði]]." segir í sögustaðalýsingu Kaalunds frá um 1877. Ekki sjást neinar reiðgötur. Efþær hafa verið norðan við Kvamárlækinn hefur þar verið sléttað og er nú tún en sunnan við lækinn er mjög gróið og þýft og erfitt að greina götutroðninga. Hnit tekið rétt sunnan við lækin, miðja vega milli bæjarins og árinna.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: KK III, 85

Ey-322:028 heimild um fjárhús

65°32.162 N 18°07.384 V

Austan við Espihól rennur lækurinn í boga, fyrst suður undir hólinn og beygir síðan til norðurs, þar í beygjunni er lítið nes og á því stóð fjárhús. Nú er þarna gróinn taðhaugur.

Heimildarmaður man eftir tóftum þarna undir núverandi taðhaug.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-322:029 Smalahólsvarða

65°33.165 N 18°11.330 V

Í Kvamárdal, rétt suðaustan við smalabyrgið er Smalahóll og á honum Smalahólsvarða, há og reisuleg. Mitt á milli þar sem Kvarnán kemur niður að sunnn en Merkigilsáin að norðan. Beint ofan við þar sem Víðigerðislækurinn kemur upp. Smalahóllinn dregur nafn sitt af því að þangað upp fóru smalarnir í smalabyrginu og leituðu sauða sinna.

Hættumat: engin hætta

Ey-322:030 Hjásetukofi

65°33.217 N 18°09.658 V

Hjásetukofi var við götur sem liggja í átt til fjalls. Um það bil 500 metrum neðan við smalakofann, við vegaslóða sem liggur upp að fjallinu, greiður stórumjeppum. Erfitt að átta sig nákvæmlega hvar hann hefur verið, á sléttum mel, neðan við Sveppabalahól. Lítil laut er þar með smá grjóti í, engar hleðslur sjáanlegar en svolítið af grjóti í kring sem gæti verið úr kofanum. Hnit tekið þarna í lautinni, þarf samt ekki að vera að þetta séu rústirnar en ekkert líklegra var að sjá á þessum slóðum. Er í óskiptu landi beint ofan Víðigerðis.

Hættumat: engin hætta

Ey-323 Litlihóll

12 hdr 1712. Múnkaþverárklostureign. "Litlihóll var fyrrum nefndur Espihóli syðri. Í Landnámu segir að Helgi magri hafi gefið Hámuni heljarskinn land milli Merkigils og Skjaldalsár (Skjöldalsá) og að hann hafi búið á Espihóli hinum syðri. Kona Hámundar var Ingunn dóttir Helga magra. Þórarinn sonarsonur þeirra bjó á Espihól hinum nyðri." BE 1990, 762.

1917: 4 ha (4/5 sléttað) garðar 700 m². 1990: "Hluti túnsins er suður frá Espihólnum en að meginhluta er það í brekkunum vestan Þjóðvegarins. Á bökkum Eyjafjarðarár er allstórt véltækt engi. Land jarðarinnar er að mestu afgirt og nær það frá ánni að neðsta hluta fjallsins." BE 1990, 762.

Ey-323:001 bæjarhóll

65°32.150 N 18°07.972 V

Á hlaðinu stendur íbúðarhús gamalt og húsapýrping í kring. Gamli bærinn stóð um 15 m utan við húsinn. Heimreið liggur 12 m austan við hólinn.

Hér var mikill bæjarhóll en byggðar voru kartöflugeymslur ofan í hann um 1960.

Komu upp snældusnúðar og ýmislegt smálegt að sögn heimildamanns. Hóllinn er núna fremur lágur, um 40 á lengd, N-S og 25 m A-V. Tún er slegið sunnan og vestan í hólnum.

Rétt er að nefna að örnefnið Skipalág var á fornleifaskrá. " ... liggja merkin eftir girðingu frá árbakkanum vestur yfir Espihólinn, um Torfubrekku, Stórahrygg, norðan Skipalágar ... " - "Espihólsmúli er í neðanverðu Kerlingarfjalli norðan Skipalágar (hef alltaf heyrt Skipalaut) sem telst að hluta í Espihólslandi." Þessi lág er hátt upp í fjalli og hefur skipalögun - annað er það ekki.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917.

Ey-323:002 heimild um hesthús

65°32.125 N 18°08.091 V

"Vestur frá bænum er Hesthúsbrekka" segir í örnefnalýsingu. Húsin stóðu um 40 m vestan

við gamla bæinn, þar sem nú er túngirðing og skammt ofan við er þjóðvegurinn. Í djúpu grasi, efst í halla neðan þjóðvegar, austan þjóðvegar og vestast í túni. Að sögn heimildamanns heitir hrekkan undan húsunum Hesthúsbrekka, sbr. örn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar Heimildir:

Túnakort 1917; Ö-Hrafn, 184

Ey-323:003 Fjóshóll heimild um fjós 65°32.078 N 18°07.985 V

"Suður og fram af bænum var Fjóshóll og sunnan hans Þýðamýri. Hvort tveggja er nú með öllu horfið, en í staðinn kominn sléttur töðuvöllur." segir í örnefnalýsingu. Hér standa húskofar nú á hólum þar sem fjós stóð áður. Hús standa á gamla fjósstöðinu, upp á hól austan heimreiðar. Heimildamaður segir Fjóshól horfinn, en að þar hafi fjós verið áður. Hér voru einnig aðrar skepnur geymdar í húsum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar Heimildir:

Ö-Hrafn, 184, Túnakort 1917

Ey-323:004 Grundarhús heimild um fjárhús 65°31.993 N 18°08.115 V

"Sunnar [en 003] heitir Grund og húsinn þar Grundarhús." segir í örnefnalýsingu. Þau eru syðst í gamla túninu, örskammt frá merkjum, heimreiðin liggur suður að þessum húsum, um 250 m sunnan við gamla bæinn. Hér standa hús, fjárhús og hlaða í túnjaðri. Heimildam. segir fjárhúsin syðst í túninu vera kölluð Grundarhús.

Hættumat: hætta vegna ábúðar Heimildir:

Ö-Hrafn, 184. Túnakort 1917

Ey-323:005 Stíflugarður 65°32.139 N 18°07.39 V

"Litlahólslækur rennur um Eyjafjarðará um Litlahólskíl, og gegnum Stíflugarð, hinn eina af mörgum, sem voru þarna, áður en uppþurkun fór fram á enginu." segir í örnefnalýsingu. Beint austur af totunni á Espihóli. Engið er orðið að túni. Lækurinn rennur um Litlahólskíl. Óljóst vottar fyrir stíflugörðum. Erfitt er að koma auga á hleðslurnar og ekki fulljóst hvað af mishæðum við kílinn er hluti af stífugerð.

Heimild: Ö-Hrafn, 184

Ey-323:006 Bænhúsabrot 65°32.158 N 18°07.755 V

"Upp á flatanum utan við Kinn var eigi alls fyrir löngu brot af tóftum, sem nefndust Bænhúsabrot." segir í örnefnalýsingu. 6 m frá NA horni bílskúrs við nýtt íbúðarhús. Tún, þ.e. grasblettur heima við hús. Tóftirnar voru sléttaðar mjög nýlega, þ.e. eftir að íbúðarhúsið og bílskúr voru byggð. Nú sést hér ekkert, en heimildamaður vísaði nákvæmlega á blettinn. Hann sagði tóftina hafa verið fremur kassalaga, kannske um 5 -6 metra á lengd.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Hrafn, 184

Ey-323:007 kuml 65°32.219 N 18°07.864 V

Farið er 30-40 m niður heimreið frá þjóðvegi. Staðurinn er í túni næst heimreið til nýja íbúðarhússins, á móts við heimreiðina til gamla bæjarins. Sléttað tún. Mikill malarjarðvegur er undir sverði, óheppilegt til greftrunar að mati heimildamanns sem sléttaði þetta tún um 1970. Hann sléttaði tún norðan heimreiðar út frá gamla bænum og nær það að merkjum á Espihóli. Þar kom hann niður á mannabein og dýrabeinaleifar. Hann vissi ekki hvaða dýr það voru. Tilkynti þetta Ófeigi sýslumanni sem ákvað að láta málið kyrrt liggja og sagði

bónda að gera ekkert frekar en að hylja staðinn á ný.

Í fornleifaskýrslu frá 1817 segir: "Espihaugur (almennt kallaður Espihóli) skiptir Grundar- og Hrafnagilssóknum og liggur mitt á milli tveggjajarða með sama nafni en heimalönd þeirra liggja saman [þ.e. Espihóll og Litlihóll]. Hér hafa örugglega verið grafnir fornmenn nokkrir, er það ljóst af mannabeinum sem grafin voru úr þessum sama haug fyrir ekki mörgum árum þegar Jón Jakobsson sýslumaður í Eyjafirði bjó á næsta bæ [1769-1808]. Stærð þessara beina var sögð í meira lagi en alls ekki óvenjuleg." Í lýsingu Saurbæjarprestakalls frá 1840 er bætt við um Espihól: "Þar er heygður í hólum Hámundur heljarskinn." - SSE, 203.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-323:008 Gerðisvöllur

65°32.027 N 18°08.169 V

"Brekkan þaðan [frá Grundarhúsum] heim til bæjar var allbrött og heitir Gerðisvöllur". Gerðisvöllur heitir sá hluti gamla túnsins sem lá í brekkunni milli gamla bæjar og fjárhúsa syðst í landareigninni. Gamalt tún í halla mót austri, þjóðvegur sammt ofan við og vegaslóði frá bæ að fjárhúsum. Ekki sést móta fyrir neinum byggingum hér. Rekja má túngarðsbrot á ská frá brekkurótum syðst og upp brekkuna í norður. Er það túngarðuinn sem var 1917.

Heimild: Ö-Hrafn, 184

Ey-323:009 Litlahólssel

65°32.274 N 18°09.846 V

"Þar suður [af Torfbrekkum] við merkin eru Litlahólssel og Selhail. Stendur selið á Selhól, en út og upp þaðan er Selholt." segir í örnefnalýsingu. Grasivaxinn hól í mólendi. Hér virðist selið hafa staðið, en líkast sem sléttað hafi verið yfir húsin, því erfitt er að sjá veggi eða önnur ummerki.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Hrafn, 184

Ey-323:010 Nauthúshóll

65°31.975 N 18°08.314 V

"Syðra-Lækjargil liggur vestur frá Grundarhúsum og yfir það þjóðvegurinn. Óræktuð tunga yzt og efst í gamla túninu hét Sund. Skammt þar utan við er Nauthúshóll." segir í örnefnalýsingu. Vegkantur og aflíðandi grösug brekka. Enginn sérstakur hól sést hér utan við Sund. Heimildamaður þekkir ekki þetta örnefni. Verið getur að Nauthúshóll vísi til húsanna, þ.e. Grundarhúsa hér rétt austan við. Hnit tekið í kverk norðan S-Lækjargils og austan þjóðvegur.

Heimild: Ö-Hrafn, 184

Ey-323:011 Gamlistekkur

"Rétt neðan við Torfubrekkur er Gamlistekkur. Þar liggur fjallagirðingin." segir í örnefnalýsingu. Heimildamaður vísaði á Torfubrekkur en þekkti ekki stekk þar. Skrásetjari leitaði um gjörvallar brekkur án árangurs.

Heimild: Ö-Hrafn, 184

Ey-324 Dvergsstaðir

12 hdr 1712. 1917: 3,4 ha. (4/5 sléttað), garðar 225 m². 1990: "Túnið er að miklu leyti ssamfellt og lítið eitt hallandi. Nær það niður á brekkubrúnina austan þjóðvegarins. Nokkru ofan við bæinn er skógarreitir og annar minni í brekkunni sunnan heimreiðarinnar. Samtals

eru þeir tæpir 2 hektarar að flatarmáli. Hófst gróðursetning í efri reitinn um 1945. Jörðin er afgirt og nær frá Eyjafjarðará og upp að fjallsrótum. Beitoland er því eingöngu innan girðingar, bæði ofan túnsins og niður við á."

Ey-324:001 bæjarhóll

65°32.002 N 18°08.763 V

Um 50 m vestan við steinst. íbúðarhús. Hér er flatur og aflangur hóll, líkl. sléttaður þegar byggt var steinsteypt hús í vesturbrún hans. Afar ávalur hóll og sléttur. Hnit tekið 8 m frá NA horni steinsteypta hússins í vesturjaðri hólsins. Ekki var kostur á heimildamanni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-324:002 heimild um útihús

65°32. 002 N 18°08. 766 V

25 m NV við íbúðarhús stendur hlaða steinsteypt á sama stað og útihúsið var 1917.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-324:003 Djöfladæld

þjóðsaga um draug

65°31.695 N 18°08.627 V

"landamerkin gegnt Hólshúslandi liggja upp frá bakka Eyjafjarðará um melbrekku þá, sem allfræg er úr þjóðsögum og bundin er atburði, sem á að hafa gerzt í Silfurdæld eða Djöfladæld, en svo heita graslágur litlar austan í brekkunni. Veit enginn með vissu um nafn hvorrar fyrir sig." segir í örnefnalýsingu. Í fornleifaskýrslu sóknarprests frá 1817 segir: "Dæld eða farvegur er mitt á milli jarðanna Grundar og Espihóls sem sumir kalla Silfurdæld en sumir Draugadæld og dregur hún nafn af því að trúað er að þar sé grafið mikið magn silfurpeninga, en í kringum það er sagt að draugar hafi oft sést flögra samkvæmt hjátrú almennings." - "Þjóðsagan segir (Þjs. J. Á. I bd. bls. 332), að Sigfús Þorlágsson, lögréttumaður á Grund, hafi átt sökótt við fjölkunnugan mann af vesturlandi og hafi sá sent honum eigi færri en 18 drauga í senn. Ekki komu sendingarnar þó að lögréttumanninum óviðbúnum, því svo vissi hann um ferð þeirra, að hann hafði tiltækan uppvakning úr Grundarkirkjugarði og var kominn með hann þetta til móts við þær, að fundur þeirra varð hjá Silfurdæld. Voru draugarnir þá aðeins 17, því þeir höfðu étið einn á leiðinni. Er ekki að orðlengja það, að allir féllu vestandrugarnir fyrir þeim Sigfúsi, en að því loknu kálaði Sigfús sínum uppvakningi, segir sagan. Er ekki ólíklegt að Djöfladældarnafnið hafi orðið til við þennan atburð, en hann er talinn hafa átt sér stað árið 1711." Sbr. ÞJÁ III, 394-95.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hrafn, 183; FF II, 565; ÞJÁ III, 394-95

Ey-324:004 Asnagarðar

heimild um býli

65°31.608 N 18°08.701 V

"Niðri við Eyjafjarðará nærri suðurmerkjum eru tóftarbrott nokkur, sem heita Asnagarðar. Munnmæli eru fyrir því höfð, að þar hafi kotbýli staðið með þessu nafni." segir í örnefnalýsingu. Engi. Ekki fundust þessar minjar við skráningu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ö-Hrafn, 183

Ey-324:005 Dvergstaðastekkur

"Dálítill hóll er skammt sunnan og ofan við túnið og á honum mörg tóftarbrott. Þetta er Stekkjarhóllinn." segir í örnefnalýsingu. Þar segir enn fremur á öðrum stað: "Norðurmerkin, gegnt Dvergsstöðum (þinglýst l 887), eru sem hér segir: Frá Grundarkíl, um Silfurdæld,

Mælishól, Merkjalág, Dvergstaðastekk, ... " Á þessum stað er tún og ekki sést til stekkjahólsins. Ekki hefur fengist staðfesting á staðsetningu hólsins.

· Heimild: Ö-Hrafn, 180, 183.

Ey-324:006 áveitugarður

65°31.608 N 18°08.532 V

Niður við Eyjafjarðará, austast í landi Dvergsstaða eru áveitugarðar í enginu.

Hættumat: engin hætta

Ey-398 Rútsstaðir

30 hdr. 1712, en með Samsstöðum sem var hjáleiga var jörðin 40 hdr. Bændaeign. Fram á 19. öld er jörðin yfirleitt kölluð Rúgsstaðir. Háleigan Samsstaðir var byggð fyrir manna minni í úthögum. Akur nýbýli 1956 á þriðjungi Rútsstaða og 1979 var Rútsstöðum I bætt við þetta býli en það er annar þriðjungur heimajarðarinnar. Kvistás íbúðarhús á 4500m² lóð í landi Akurs. Rútsstaðir eiga land upp á hálsinn 'svo langt sem sér í tún á Grund.' skv. merkjalýsingu eða 'svo langt sem sér í kirkjutum á Grund' skv. munnmælum á Rútsstöðum. R. eiga því ekki land lengra í austur en á hálsinn vestan við Mjaðmárdal en dalurinn heyrir undir Stóra-Hamar. Land Rútsstaða er eins og 'L' í laginu og gengur vestur fyrir Samsstaðaland suður að hreppamörkum.

1917: 5.8 ha. 5/6 slétt. Garðar 475 m². 1990: "Túnið suður frá bænum [á Akri] er í nokkrum halla og nær það að merkjum við Öxnafell ... " BE 1990, 942 "Túnið [á Rútsstöðum II] er umhverfis húsið og austur frá því, samfelld og lítið eitt hallandi. Beitiland er sameiginlegt með Akri ... í öxlinni vestan Mjaðmardals." 1996: Gamla túnið hafði verið sléttað að mestu leyti er faðir núv. áb. kom hér 1928. Síðan hefur aðeins verið jafnað úr smámishæðum hér og þar. Túnið náði ekki alveg niður að Eyjafjarðará en hún hefur nú um langt skeið brotið af austurbakkanum beint niður afbænum. Vestan í árfarveginum eru leifar af hólma sem mun tilheyra Rútsstöðum og var áður mun stærri og nytjaður til slægna fram á þessa öld. Fyrsta sléttan e. 1928 var við SV horn gamla túnsins. Sunnan við gamla túnið hefur brekkubrúninni verið rutt niður með jarðýtu en að öðru leyti hafa túnasléttur ekki raskað landslagi að neinu verulegu leyti. Ofan (A) við gamla túnið og veginn var áður þurrlendi upp að Háholti, flagmór og melkollar uppúr hér og þar, m.a. þar sem Rútsstaðir II eru nú. Ofan við Háholt var mýrlendara.

Heimildamaður: Þór Hjaltason á Rútsstöðum f hér 28.1.1929

Ey-398:001 bæjarhóll


65°30.449 N 18°08.047 V

Hóllinn er beint niður (V) af íb.húsi á Akri og eru um 100 m milli, en um 40 m S af íb. húsi á Rútsstöðum I. Fast ofan við hólinn liggur vegarslóði N-S og annar A-V niður með honum að sunnan.

Í túni, sést nú sem lágur aflangur hóll eða brún í slakkanum. Kafgras er ofan á hólnum á um 20x7 m bletti sem sker sig mjög frá gróðrinum í kring. Skjólbelti er nú í ræktun í jöðrum hólsins, meðfram vegarslóðunum tveimur. Flutt var úr bænum í nýtt íbúðarhús á hólnum N við árið 1937. Bærinn stóð þó að mestu fram yfir 1954, og voru húsin notuð sem fjárhús og geymslur. Á bænum voru 3 burstir yst, þá langur skáli með hlið fram á hlað og fjós syðst. Tóftunum var jafnað með jarðýtu en að öðru leyti var hólnum ekki raskað og sést hlaðið og brekkubrúnin þar niður af enn. Þessi hóll er því sennilega að mestu leyti óskemmdur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917



Kort 4. Fornleifakort. Sámsstaðir, Rútsstaðir og Bringa.

Ey-398:002 heimild um fjárhús

65°30.418 N 18°07.962 V

Fjárhús þessi stóðu þar sem íb.hús á Akri er nú (b. 1960). Íbúðarhús með garði austan við og hlaði norðan við. Fjárhúsin voru tvö, sambyggð og hesthús syðst auk hrútakofa og var hlaða

bak við. Hús þessi voru rifin er íbúðarhúsið var byggt 1960.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Túnakort 1917

Ey-398:003 heimild um fjárhús

65°30.468 N 18°08.091 V

Fjárhús þetta var fast vestan við íbúðarhús á Rútsstöðum I frá 1937. Efst á mjóum hrygg eða hólrana, sem gengur út úr brekkunni. Þar sem húsið stóð er nú sléttaður garður og er grasið þar misvaxið á nokkrum stöðum. Þessi hóll er mun hærri en bæjarhóllinn og gæti sem helst hafa verið bæjarstæði.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-398:004 heimild um hesthús

65°30.409 N 18°08.099 V

Hesthús þetta var beint sunnan við fjósið, sem var syðst afbæjarhúsunum, fast á norðurbakka lækjarins. Um 30 m hafa veið á milli. Í túni, nú illa sléttur kúahagi. Hjá hesthúsinu var stór heytóft.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-398:005 heimild um útihús

65°30.422 N 18°08.072 V

Samkvæmt túnakorti var þetta hús innan við 10 m vestan við hesthúsið 004, á norðurbakka lækjarins og hefur götuslóðinn legið á milli þessara húsa. Í túni, nú illa sléttur kúahagi. Hús þetta gæti hafa verið fallið og sléttað fyrir 1928 því heimildamaður man ekki eftir því.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-398:006 heimild um fjárhús

65°30.326 N 18°08.173 V

Fjárhús þessi voru um 50 m norðan við hlið milli túnhluta sunnan við bæinn, um 200 m sunnan við íb.hús frá 1937. Húsin hafa staðið efst á hólnum sem þarna skagar fram úr brekkunni, þar sem vegur liggur yfir hann nú eða aðeins vestar. Skammt norðan við þennan stað (um 15 m) er rafmagnslína sem liggur NV-SA. Ávöl hólbunga framaní brekkunni, nú sléttað tún en vegur yfir hólinn þar sem hann er hæstur. Húsum þessum var rutt niður brekkuna þegar túnið var sléttað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-398:007 Byssusteinn

65°30.545 N 18°08.104 V

"Að norðan (gegnt Bringu) eru eftirtaldir staðir á merkjum: Byssusteinn, ... " - " ...

Byssusteinn er út og niður frá [Lækjar]gilinu. Um hann lifir sú sögn að kona, sem bjó í Bringu, hafi eignað sér land svo langt, sem hún gæti skotið heiman frá sér, en það var í steininn." segir í örnefnalýsingum.

Byssusteinn er stórt einstakt bjarg fyrir neðan brekkuna á árbakka Eyjafjarðarár og er umflotinn í grunnri kvísl úr ánni sem liggur upp að austurlandinu. Um 5 m eru nú milli þess og steinsins. Á flötum áreyrum. Steinninn er um 3 m hár, um 5 m á lengd og 3 á breidd. Í norðurhlið hans er allmikil skora þar sem skot Bringu kerlingar á að hafa komið í steininn. Hnitin voru tekin á árbakkanum 5 m A við steininn. Áður fyrr mun aðeins hæsti kollur steinsins hafa sést standa uppúr jörðinni, en í seinni tíð hefur Eyjafjarðará brotið mikið

land í kringum steininn og grafið alveg frá honum.

Heimild: Ö-Öng, 250

Ey-398:008 Moldgötur

65°30.457 N 18°08.764 V

"Að norðan (gegnt Bringu) eru eftirtaldir staðir á merkjum: Byssusteinn, ... Moldgötur, Gamla-Steinavarða og Moldgatnaholt." segir í örnefnalýsingu. Moldgötur liggja vestan í Moldgatnaholti, meðfram merkjunum að sunnan og sjást á 100-150 m kafla. Flagmór og stór og djúp börð. Götur þessar, sem enn sjást greinilega, eru sennilega fyrst og fremst fjárgötur.

Heimild: Ö-Öng, 250

Ey-398:009 leið

Gamli vegurinn, þ.e. reiðleiðin áður en kerruvegurinn var lagður, lá meðfram árbakkanum að norðan en beygði síðan upp í brekkuna rétt norðan við Rútsstaðabæ og lá um hlaðið. Þaðan lá vegurinn upp með lækjargilinu spölkorn en beygði síðan til suðurs á móts við núverandi íbúðarhús á Akri og hélt þeirri stefnu þar til skammt var að suðurmörkum jarðarinnar en þar beygði hann aftur í vestur að átt að Eyjafjarðará.

Lengi vel var enginn kerruvegur að Rútsstöðum og var farið vestan árinna og ferjað yfir hana frá Grund. Götur sjást enn framan í hólum sem útihús stóðu á fast NV við bæinn og eins eru þær greinilegar beggja vegna við suðurmerki Rútsstaða.

Ey-398:010 Stekkjarlág


65°30.147 N 18°08.222 V

"Stekkarlág liggur upp sunnan við Sámssstaðatún. Þar eru nokkur tóftabrot og mun þar hafa verið Rútsstaðastekkur." segir í örnefnalýsingu.

Stekkartóftirnar voru á norðurbakka lækjarins á móts við bæjarhúsin á Rútsstöðum eða heldur austar. Stekkjarláginn byrjar að austan á merkjunum við Sámssstaði. Áður mói, nú tún. Ógreinilegar tóftir voru þarna á lækjarkaknum fram f-yfir miðja þessa öld en hafa verið sléttaðar undir tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Öng, 250



Ey-398:011 Torflág

65°30.293 N 18°07.549 V

"Ofan við Rútsstaði heitir Háholt. Það er sundur skorið af Torflág." segir í örnefnalýsingu. Háholt er norður af Sámssstöðum og rennur Rútsstaðalækur í gegnum það þar sem heitir Torflág. Lækurinn rennur nú að mestu í skurði, sléttuð tún beggja vegna. Í Torflág var torf rist bæði á hey og hús fram á þessa öld.

Heimild: Ö-Öng, 250

Ey-398:012 Rútsstaðabæjarhús

65°30.144 N 18°07.006 V

"Neðst í bithaganum eru Sámssstað- og Rútsstaðabæjarhús, greinilegar tóftir á báðum stöðunum. Ofan við tóftirnar er Húsahjalli." segir í örnefnalýsingu. Rústirnar eru á svolitlum hól sem er

grænni en umhverfið og sést langt að. Þær eru 20-30 m norðan við Samsstaðamerki og um 40 m vestan við (undir) neðsta klapparhjallanum í áshlíðinni. Breiður náttúrulegur hóll, nú bithagi.

Þessi staður var einnig kallaður Stekkur, en heytóftin aftanvið hafði verið stækkuð og notuð sem rétt. Að vestan eru tvær tóftir, sú nyrðri 4x3 og sú syðri 5x3 m og báðar með dyr til austurs inn í réttina sem er meir en 7x6 að innanmáli og með 1,5 m breiðar dyr til suðurs. Tóftirnar eru mjög skýrar, grjót í öllum veggjum, allt að 4 umför og veggirnir víðast um 1 m þykkir en mikið hefur hrunið úr þeim að utan, einkanlega vestur og suðurveggjum. Austan við þessa þyrpingu er 20-30 m að næsta hjalla og á þessu bili er kargapýfi þar sem gætu verið tóftir. Helst sýnist mega greina aflanga tóft (N-S) strax austan við réttina og út frá henni bogadreginn garð, sundurhlaupinn af þúfum sem rekja má um 30 m í norður. 4-6 m sunnan og vestan við tóftaþyrpinguna er annar garður, minni um sig að því er sýnist, en greinilegri en þó útflattur og sýnilega eldri en tóftirnar. Bratt er niður af tóftunum til S og V og kargapýfi fyrir neðan. Þar gæti verið tóft SV af Sv-homi tóftaþyrpingarinnar. Um 30 m til norðurs heldur hóllinn áfram í sömu hæð og tóftirnar, og þar er rofabarð á um 10 m kafla og sést í því grjóthleðsla 10 m norðan við norðurvegg tóftanna og sjást yfir hleðslunni allmörg gjóskulög, flest dökkleit eða svört en eitt það neðsta sem legst upp að hleðslunni er ljóst.

Hættumat: lítil hætta vegna beitar

Heimild: Ö-Öng, 250

Ey-398:013 brunnur

65°30.407 N 18°08.022 V

Brunnurinn er í túninu S við bæjarhólinn, 2-3 m NV við 004 og lá götutroðningur á milli. 3 m A við jarðsímastaur. Í illa sléttuðu túni, nú kúahagi. Neysluvatnsbrunnur í notkun fram undir miðja þessa öld. Hleðslan hefur verið rifin niður að jafnsléttu en sést fyrir henni í grassverðinum í nokkurnskonar hring.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-398:014 heimild um fjárhús

65°30.412 N 18°08.017 V

Fjárhús stóðu sunnan við bæjarlækinn, á móts við íbúðarhús frá 1960 eða aðeins ofar, þar sem nýskeyð hefur verið byggt íbúðarhús. Uppi á háum hól, nú að hluta tún, hluta garður í kringumíbúðarhús. Hús þessi höfðu verið sléttuð undir tún fyrir löngu, en þegar nýja íbúðarhúsið, sem nú er á hólnum, var byggt var hólnum jafna niður og sáust þá hleðslur í ruðningunum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-398:015 heimild um útihús

65°30.459 N 18°07.944 V

Skammt (innan við 20 m) NA við súrheysturn, sem er austan í gamalli útihúsasamsteypu miðja vegu milli íb. húsa Akurs og Kvistáss. Nú slétt tún. Hér sáust allmiklar vallgrónar tóftir fyrir miðja öldina. Ekki vitað um hlutverk þeirra.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-398:016 heimild um fjárhús

65°30.524 N 18°07.908 V

Fjárhús stóðu þar sem nú er íbúðarhúsið Kvistás, norðan við bæinn og gamla túnið. Lítil hól eða þllur í brekkunni og er nú nýtt steinsteyp t íbúðarhús á honum og sléttaður garður í kring.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-398:017 mógrafir

65°30.436 N 18°07.034 V

Grafirnar eru um 20 m sunnan við merkin við Bringu, um 100 m NNA við bílakirkjugarð. Í grösugum móa, áður mýri en nú framræst. Grafirnar eru á ferhyrindu svæði, um 60 má kant. Mesta dýpt er 1,7 m en víðast er dýptin um 1 m eða minni. Mór var tekinn í þessum gröfum fram um seinni heimstyrjöld.

Hættumat: lítil hætta vegna ábúðar

Ey-398:018 Sussuvað

65°30.190 N 18°08.516 V

Sussuvað er á Eyjafjarðará gegnt Torfum, skammt sunnan við þar sem lækurinn rennur úr Stekkjarlág í ána að austan. Á þessum slóðum eru víðast háir grasbakkar á ánni, en lægri eru þeir á kafla vestanmeginn beint austurundan húsum á Torfum. Ekki er vitað af hverju nafnið stafar. Þetta vað var ekki á alfaraleið heldur var það fyrst og fremst notað á ferðum milli bæja.

Ey-398:019 Syðravað

65°30.413 N 18°08.569 V

Syðravað er á Eyjafjarðará rétt ofan við ármót hennar og Finnastaðaár. Á þessum stað er lágur grasbakki austanmeginn og hefur líklega verið farið um syðstu kvíslina vestanmeginn. Þetta vað var ekki á alfaraleið heldur var það fyrst og fremst notað á ferðum milli bæja.

Ey-398:020 Ytravað

65°30.480 N 18°08.428 V

Ytravað er á Eyjafjarðará, aðeins sunnar en beint niður afbænum á Rútsstöðum. Þar er sléttað tún á nesinu sunnan við en malareyrar á stuttum kafla þar sem vaðið er. Handan árinna eru einnig malareyrar á þessum stað. Áin liggur nú með austurlandinu og er bæði djúp og straumhörð þar sem vaðið hefur verið. Þetta vað var ekki á alfaraleið heldur var það fyrst og fremst notað á ferðum milli bæja.

Ey-399 Sámsstaðir

10 hdr. 1712 og taldist þá hjáleiga frá Rútsstöðum, byggð fyrir manna minni í úthögum, fraskipt einasta að túni og útslægjum. Bændaeign. Var orðin að lögbýli 1847 og taldist þá 5 hdr. 1917: 3.0 ha. 2/3 slétt. Garðar 160 m². 1990: Túnið er hallalítið og samfelld. Nær það frá Öxnafellslandi að merkjum við Akur að norðan ... Austur frá bænum er nokkurt flatlendi og austan þess beitalandjarðarinnar í öxlinni vestan Mjaðmárdals." BE 1990, 940 Heimildamaður: Jón P. Gíslason á Sámsstöðum f. hér 14.3. 1932

Ey-399:001 bæjarhóll

65°30.096 N 18°07.635 V

Gengið er upp heimreiðina, fyrir norðurgafli núv. íbúðarhúss (byggt 1959) og um 25 m austur vegaslóða sem tekur við af heimreiðinni og liggur upp í bithagana fyrir ofan túnin. Hálfvallin bæjarhús á lágum og grösgum hól.


Hættumat: hætta vegna hrörnunar

Heimildir: Túnakort 1917; Bæjarlýsingarbls. 115.

Ey-399:002 hesthústöft 65°30.104 N 18°07.606 V
Gengið er frá bæjarhólnum (sjá nr. 001) um 30 mínorður.
Örskammt norðan við töftina er girðing sem liggur A-V. Í
heimatúni sem ekki er nytjað enda er hér e.k. ruslvangur á gamla
hlaðinu.

Hættumat: hætta vegna hrörnunar

Heimild: Túnakort 1917



Ey-399:003 heimild um fjárhús
65°30.110 N 18°07.771 V

Gengið er eftir heimreið um 100 metra. Norðan við
heimreiðina stóðu fjárhúsin, þar sem nú er fjósið. Á gamla fjárhúsastæðinu stendur nú fjós, sem
byggt var 1966.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-399:004 Garðshóll

65°29.810 N 18°07.475 V

"Í Sámstaðatúni eru Garðshóll og Leyningur." segir í örnefnalýsingu. Gengið er eftir heimreið og
síðan vegaslóða þar upp af um 300 metra í austur frá íb.húsi, síðan í suður, um 400 metra, þar er
mólendi ofan við túnin sem liggur að suðurmerkjum. Stykkið er með skurðum ofan og neðan sem
liggja að merkjum sunnan. Efri skurður er næstum við hornið á NV horni trjáreitar í landi Öxnafeils.
Um 100 m frá landamerkjum er hóllinn. Hóllinn stendur í þýfðri og óræktarlegri spildu en er sjálfur
sæmilega grasi vaxinn, með einstaka steinum er standa upp úr sverðinum.

Hér eru engar minjar sjáanlegar. Heimildamaður hló að tilgátu skrásetjara um matjurtagarða
hér uppi og sagði að ræktunarmeistari hafi komið hingað og sagt að hér yrði aldrei neitt ræktað. Hann
veit ekki af hverju hóllinn ber þetta nafn. Hæpið er að hafa hann á fornleifaskrá enda ekkert
fornleifakyns um að ræða.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Öng, 250

Ey-399:005 Gildruklöpp

65°30.229 N 18°06.278 V

"Yzt og neðst í haganum er Grásteinshóll neðan við Moldgötumar en suður og niður frá þeim er
klapparangi, sem heitir Gildruklöpp." segir í örnefnalýsingu. Í þýfðu graslendi, rofabörð hér og þar.
Ekki er vitað um refagildru á eða við þessa klöpp.


Heimild: Ö-Öng, 250

Ey-399:006 Hlaupaklettur

65°29.855 N 18°06.771 V

"Sunnar og ofar [en 005] er Hlaupaklettur. Um hann er til sú saga, að meðan skógur var á þessum
slóðum, hafi Bringubóndi borið Sámstaðabónða þeim sökum, að hann nytjaði skóglendið norðan
merkjanna, án þess að hafa til þess nokkurt leyfi. Áttust þeir við út af þessu og varð sá endir
viðureignar, að Sámstaðabóndi (Rútsstaðabóndi) lagði á flóttu. Á flóttanum hrapaði hann fram af
klettinum (sem síðan er við þetta kenndur) og beið afþví bana." segir í örnefnalýsingu. Hár klettur í
þýfðum haga. Rofabörð hér og hvar. Framundan brekkunni er sléttur grasbali,

Heimild: Ö-Öng, 250



Ey-399:007 Sámsstaðabeitarhús

65°30.047 N 18°07.021 V

"Neðst í bithaganum eru Sámsstaðaog Rútsstaðabeitarhús, greinilegar tóftir á báðum stöðunum. Ofan við tóftirnar er Húsahjalli." segir í örnefnalýsingu. Gengið er eftir vegaslóða frá hlaðinu og upp, um 550 metra leið. Tóftin liggur utan í slóðanum að norðan. Bithagi, smápýfður og víða eru rofskallar í

sverðinum.

Tóftin er mjög útlöft og ógreinileg.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Öng, 250

Ey-399:008 varða

65°29.884 N 18°07.924 V

"Landamerkin að sunnan eru hreppamerki, vörðuð milli ár og fjallsbrúnar. "segir í örnefnalýsingu. Skurður frá á og upp að fjallsrótum, lækur ofan túna og skógarreits nágranna. Engin varða sjáanleg nú. Skurðir eru á merkjum neðan fjallsrótar, og í fjallinu er lækur sem raskað hefur jarðvegi mikið. Hugsanl. eru einhverjar vörður enn eftir upp í fjalli, en skrásetjari fann þær ekki í fjallshlíðinni og heimildamanni var ekki kunnugt um neinar vörður hér.

Heimild: Ö-Öng, 250

Ey-400 Bringa

20 hdr. 1712. Bændaeign.

1917: 2.8 ha. 1/2 slétt. Garðar 290 m². 1990: "Tún er í brkkunni við bæinn og á flatanum neðan hennar. Þar er undirlendi lítið, því Eyjafjarðará fellur nærri brekkunum á þessu svæði. Austan bæjr er klapparhryggur og frá honum alllangt að hálsinum vestan Mjaðmárdals. Þar er meginhluti túnsins á framræstu og hallalitlu landi. Beitoland er ú Mjaðmárdalshálsinum og er að mestu afgirt." BE 1990, 946.

Heimildamenn: Reynir Björgvinsson á Bringu f. 16.2.1942

Valdemar Gunarsson á Akureyri f. hér 1947

Ey-400:001 bæjarhóll

65°30.772 N 18°07.703 V

Farið er niður fyrir þjóðveg á móts við íbúðarhúsið frá 1986, þar er slóði sem liggur milli útihúsa og niður að bæjarhólnum, um 130 m vestan við þjóðveg. Vesturgafli fjóssins er um 40 m frá. Hóllinn er neðarlega í aflíðandi brekku. Íbúðarhús var byggt 1942 sunnan og ofan bæjarhóls og því hefur minjum lítið verið raskað. Að vísu eru leifar steinsteyprar byggingar utan í hólnum sunnanverðum þar sem vegarstöðinn er. Upp á hólnum er flag og í honum vestanverðum er rof á stöku stað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-400:002 heimild um útihús

65°30.757 N 18°07.653 V

Um 25 m frá bæjarhólnum gamla í austur. Um 20 mínorður frá NV núverandi fjóss. Vegaslóði sem liggur frá þjóðvegi, á milli hesthúss og hlöðu og niður á gamla bæjarhólinn Slóðinn er malarborinn þar sem húsið stóð. Staðsetning var ákvörðuð útfrá Túnak. 1917 og miðað við bæjarhól.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-400:003 heimild um útihús

65°30.758 N 18°07.635 V

Gengið eftir vegaslóða í átt að gamla bæjarhól um 20 metra frá vegi. Norðan slóðans stendur gamalt steinsteypt hús sem nú er notað sem geymsla. Hér hefur áður staðið útihúsið.

Gamalt steinsteypt hús stendur á torfhúsastæðinu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-400:004 Gerðisvöllur

65°30.756 N 18°07.756 V

"Bringulækur rennur rétt sunnan við bæinn og klýfur túnið í tvennt. Heitir suðurhlutinn Gerðisvöllur." segir í ornefnalýsingu. Gamalt tún, orðið smápýft, notað til beitar. Hér er ornefnavísibending um gerði, en engar tóftir sjáanlegar, né kunnar af heimildamönnum. Hnit tekið á miðjum velli.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Öng, 249

Ey-400:005 kuml

65°30.889 N 18°07.459 V

Kumlið fannst skammt norðan við Bringu. Að sögn Þórs Hjaltasonar á Rútsstöðum var Bringukumlið í mold í skurðinum austan við þjóðveginn, örskammt sunnan við ræsi undir veginum. Ræsið er merkt með gulum hæl í vegakantinum, en sést illa fyrir grasi. Hér er þjóðvegur og austan í honum er vegaskurður.

Þessi staður er á að giska 150-200 m norðan við bæinn á Bringu NNA við bæjarhólinn.

Heimildir: Ö-Öng, 249; KEKH, 149; Gengið á reka, 54 o.áfr.

Ey-400:006 huldufólksbústaður í Efriklöpp

65°30.714 N 18°07.459 V

"Upp undan túninu eru Efriklöpp og Neðriklöpp. Nokkru sunnar er klofin klöpp, sem heitir Skemmusteinn. Í öllum þessum klöppum hefur skyggnt fólk (s.s. Margrét frá Öxnafeili) séð huldufólk, og einni gí Yztuklöpp, sem er nokkru utar." segir í ornefnalýsingu.

Heimild: Ö-Öng, 249

Ey-400:007 huldufólksbústaður í Neðriklöpp

65°30.731 N 18°07.515 V

"Upp undan túninu eru Efriklöpp og Neðriklöpp. Nokkru sunnar er klofin klöpp, sem heitir Skemmusteinn. Í öllum þessum klöppum hefur skyggnt fólk (s.s. Margrét frá Öxnafeili) séð huldufólk, og einnig í Yztuklöpp, sem er nokkru utar." segir í ornefnalýsingu. Klöppin er beint fyrir ofan nýja íb. húsið, ofan á henni er mói.

Heimild: Ö-Öng, 249

Ey-400:008 Skemmusteinn

65°30.667 N 18°07.672 V

"Upp undan túninu eru Efriklöpp og Neðriklöpp. Nokkru sunnar er klofin klöpp, sem heitir Skemmusteinn." segir í ornefnalýsingu. Steinninn er í þýfðum halla, á milli bæjarhlaðsins

nýja ofan vegar og túns sunnan ið. Hér nærri gæti skemma hafa staðið, en þá allan (200m) frá bæ og engin merki sér til húsa nú. Skemmusteinninn er auðþekktur, hann gengur út úr sverðinum og minnir einna helst á eitthvert kvikindi úr sjó, sem stingur höfði upp úr haffletinum og gapir ógurlega.

Heimild: Ö-Öng, 249

Ey-400:009 huldufólksbústaður í Ystuklökk

65°30.828 N 18°07.372 V

"Upp undan túninu eru Efriklökk og Neðriklökk. Nokkru sunnar er klofin klökk, sem heitir Skemmusteinn. Í öllum þessum klökkum hefur skyggnt fólk (s.s. Margrét frá Öxnaelli) séð huldufólk, og einnig í Ystuklökk, sem er nokkru utar." segir í örnefnalýsingu. sbr. 006.

Heimild: Ö-Öng, 249

Ey-400:010 Víðines orustuvöllur

65°30.762 N 18°07.903 V

"Bringulækur rennur rétt sunnan við bæinn og klýfur túnið í tvennt. Heitir suðurhlutinn Gerðisvöllur. Þar er Bringunes neðan við og suður að merkjum. Þar óx fyrrum mikið af víði, enda mun nesið hafa heitið Víðines fyrrum." segir í örnefnalýsingu. "Viðiness er getið í Víga-Glúms sögu, og gæti hér verið um hið sama að ræða." Flatur grasvöllur frá brekkurótum og niður að Landakvísl í Eyjafjarðará. Líklega er Bringunes tungan sem gengur úti ána niður undan gamla bænum.

Heimildir: Ö-Öng, 249; Ópr. safnaukaskrá, Kuml, 149, Gengið á reka, 54.


Ey-400:011 Grænutóftir

65°30.807 N 18°07.091 V

"... upp frá Ystuklökk eru Grænutóftir." Þýfður valllendismói. Hér er nokkrir steinar, að því er virðist aðfluttir. Ögn vottar fyrir veggjabrotum en allt er þetta óljóst. Lögun og gerð er ekki unnt að lýsa. Hér eru engar greinilegar tóftir, aðeins örsmá hólnefna, grænni en landið umhverfis. VG hefur lengi leitað Grænutófta en ekki fundið. Leit skráningarm. bar heldur ekki teljandi árangur, en þessi staður er ekki ósennilegur.

Hættumat: lítil hættu vegna ábúðar

Heimild: Ö-Öng, 249



Ey-400:012 Bringusel 65°30.635 N 18°06.512 V "Upp undan Nýrækt allan efra eru Bringuhólar og skammt sunnan við þá tóftirnar af Bringuseli." segir í örnefnalýsingu. Tóftirnar standa í brekku sem er grösug og smáþýfð. 15m vestan við þær er skurður, um 7 m norðan við er rofabarð. Í því sjást gjóskulög og mannvistarlög.

Hættumat: engin hættu

Heimild: Ö-Öng, 249

Ey-400:013 Gamla-Steinavarða 65°30.478 N 18°06.757 V "Að norðan eru eftirtaldir staðir á merkjum [milli Bringu og Rútsstaða]: Byssusteinn, ... Moldgötur, Gamla-Steinavarða ... " Engin varða er nú á þessum slóðum en hinsvegar lítil klöpp í Bringulandi, gegnt Moldgötum í Rútsstaðalandi [Ey-398:008], um 30 m norðan við merkin. Klapparholtið er ekki meira en 2-3 m í þvermál og er grjótið í því ljósleitt og sést langt að. Lítið grjótholt upp úr lágum hjalla eða ási. Þór Hjaltason á Rútsstöðum man ekki eftir vörðu með þessu nafni

Heimild: Ö-Öng, 250

Ey-400:014 mógrafir

65°30.470 N 18°06.825 V

Farið er eftir vegaslóða sem liggur upp mitt túnið sunnan við bæ. Mógrafirnar eru í hólfi ofan við tún, um 35 m norðan landamerka við Rútsstaði og um 30 m vestan við brekkurætur. Í þýfðum valllendismóa. Í gröfunum stendur vatn á stöku stað. Þær eru vaxnar fergini og grasi. Grafirnar eru eitt stórt hólf, hátt í 1 m á dýpt og um 60 m x 20 m.

Hættumat: engin hætta

Ey-401 Stóri-Hamar

60 hdr. 1712 með Háhamri sem var hjáleiga byggð fyrir manna minni í úthögum.

Munkaþverárklostursjörð. Tvíþýli hefur verið á Stóra-Hamri frá því á 19. öld og hefur Háhamarsland verið sameinað heimajörðinni. 1916-48 var húsmannskot í Pauða sem kallað var Hamrabrekka og hafði það takmarkaðar grasnytjar. Stóri-Hamar á óskipt land í hálsinum fyrir ofan bæinn með Kambi, Litla-Hamri og Rifkelsstöðum en Mjaðmárdalur framan við Byrgishól tilheyrir Stóra-Hamri einum.

1917: 5.7 ha. 7/8 slétt. Garðar 1030 m². 1990: "Gott slægjuland er á Stórhamarsnesi og á flatanum austan þess. Austan þjóðvegarins eru Stórhamarsklappir, mikill jökulnúninn klappahryggur. Frá þessum klöppum og þjóðveginum sunnan þeirra er mikið land að hálsinum vestan Mjaðmár. Hefur hluti þess verið framræstur og ræktaður. ... Beitiland er á Mjaðmárdal sem er afrétt." BE 1990, 950 sbr. 948. Túnhlutinn norðan við fjárhúsin 002 var sléttaður um aldamót og á partinum milli smiðjunnar 029 og Hornhúsa voru beðasléttur. Nyrðri hluti þess parts hefur nýverið verið plægður upp en næst nyrstu húsunum er túnið enn frekar óslétt og hefur líklega ekki verið sléttað með öðru en handverkfærum. Önnur tún eru rennslétt og greinilega vélunnin.

Heimildamenn: Jónas Þórhallsson á Stóra-Hamrif. hér 21.2.1928

Bogi Þórhallsson á Stóra-Hamrif. hér 6.4.1943

Ey-401:001 bæjarhóll

65°31.328 N 18°07.058 V

Bæjarhóllinn er milli íbúðarhúss frá 1916 og íbúðarhúss á Stóra-Hamri II (byggt 1930). Skv. túnakorti 1917 hefur bærinn sem þá stóð ekki náð lengra í suður en að því sem nú er norðurgafi síðarnefnda hússins. Þar sem miðbik hólans er, er nú ósléttur garður með litlum trjáreit vestaní. Þar fyrir framan er hlað en hús eru á sitthvorum enda hólans. Um 20 m eru á milli íbúðarhúsanna, en nyrðra húsið (b. 1916, nú geymsla) var byggt inn í bæjarþyrpinguna þar sem áður voru stofur. Í bilinu milli húsanna og austan við íbúðarhúsið frá 1930 er svolítil bunga, mjög mishæðótt. Húsin hafa skemmt hólinn, sérstaklega það yngra en miðbik hans er sennilega að stórum hluta óskemmt.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar

Heimild: Túnakort 1917



Kort 5. Fornleifakort, Stóri-Hamar, Kambur, Litli-Hamar og Rifkelsstaðir.

Ey-401:002 fjárhús

65°31.443 N 18°06.957 V

"Einstakir hlutar gamla túnsins halda enn sínum fornu nöfnum, þó að landið hafi verið brotið og ræktað. Svo er um Þríhyrning syðst og vestast, allt fram á Vallarbarð, Ferhyrning nokkru norðar. Fjárhúsasléttur enn utar ..." segir í örnefnalýsingu, Slétturarnar eru vestan við fjárhús sem voru um 150 beint norður af bænum, um 10 m austan við vegarslóða sem liggur í norður frá bænum. Áður í túni, nú óræktaður blettur utan túns. Undir allháu melholti. Húsin voru rifin veturinn 1995-96 að öllu öðru leyti en að austurgafi var skilinn eftir en í honum eru fallegar hleðslur. Sunnan við húsin er rabbaragarður.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Öng, 24 7

Ey-401:003 heimild um fjárhús

65°31.351 N 18°06.980 V

Fjárhúskofar þessir voru innan við 20 m austan við gamla bæinn, norðan við kartöflugeymslu úr torf sem nú stendur beint austan við íbúðarhús frá 1930. Um 10 m NNA við kartöflugeymsluna er aflöng 4x2 m dæld í túnið og hafa kofarnir sennilega verið þar. Í túni. Á þessum stað voru 2 sambyggðir kindakofar með heytóft aftanvið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-401:004 heimild um fjárhús

65°31.310 N 18°07.101 V

Á þeim stað sm þessi fjárhús voru standa enn fjárhús úr steinsteypu og bárujárn, beint suður af íbúðarhúsi frá 1930. Áður í túni, nú byggingar og hlað. Gömlu húsin voru aldrei beinlínis rifin, heldur smátt og smátt umbyggð í þau hús sem nú standa.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-401:005 heimild um hesthús

65°31.305 N 18°07.080 V

Hesthús þetta var um 20 m austan við fjárhúsin 004, eða innan við 15 m austan við hlöðuna sem byggð hefur verið við yngri eftirkomendur þeirra. Í dældóttu túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-401:006 Beinrófa

heimild um fjárhús

65°31.488 N 18°07.104 V

"Vallgróð tóftarbrot var yst og neðst í túninu, og heitir það enn (þó aðöllu hafi þar verið um bylt) sínu gamla nafni, Beinrófa." segir í örnefnalýsingu. Þessi staður er um 40 m NA af Eyjafjarðará, 15 m sunnan við skurð og 30 m austan við slóða sem liggur þvert yfir vestast túnskækilinn í þessu túni. Á lágri bungu í sléttu túni. Tóftirnar súst fram á þessa öld og voru greinilega af einstæðum fjárhúsum með tveimur króm og garða.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Öng, 247

Ey-401 :007 Stekkjarhóll

65°31. 696 N 18°06. 864 V

"Holtaásinn norður frá Beinrófu nefnist Stekkjarholt og á því er vallgróinn hóll, Stekkjarhóllinn." segir í örnefnalýsingu. Stekkjarholtíð er nú lágur ás, sem breytt hefur verið í tún, og liggur hann frá Beinrófu (sbr. 006) beint í norður að Litla-Hamrsmerkjum. Stekkurinn, sem ekki sést lengur og varla í manna minnum, mun hafa verið norður undir merkjunum. Í sléttu túni, áður grashóll á melholti með mýrum í kring.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Öng, 247

Ey-401:008 Hornhús

heimild um útihús

65°31.381 N 18°06.811 V

"Hornhúsasteinninn er yzt á nýja túninu, vestan vegar." segir í örnefnalýsingu en "Á að vera: Hornhúsahóllinn er yst í gamla túninu vestan vegar." eftir því sem fram kemur í athugasemdum við örnefnasafn Stóra-Hamars e. Þórhall Jónasson 11.1.1967. Hornhúsin stóðu um 40 m sunnar en steinninn, sem enn er sýnilegur á hæðinni norðan við bæinn, og voru þau efst á brekkubrúninni, um 15 m vestan við þjóðveginn. Hefur lengi verið tún en er nú nýplægt og sléttað flag. Hornhúsin höfðu verið sléttuð fyrir löngu en vorið 1996 var verið að slétta á þessum stað og saust þá hleðslur í ruðningnum. Sambyggð við þessi hús var réttin

011.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimild: Ö-Öng, 247

Ey-401:009 Torfhóll

65°31.496 N 18°06.733 V

"Rétt utan við [Hornhúsastein] er Torfhóll, enn sýnilegur, þó landið hafi verið ræktað og jafnað." segir í örnefnalýsingu. Torfhóll er 10-20 m neðan við þjóðveginn og er lítil klöpp framan (v) í honum. Torfið var rist í mýrlendi sem var í vikinu norðan við hólinn en þurkkað á honum. Torf var síðast rist hér á fjórða áratugnum. Nyrðri hluti Hægðarinnar sem rist var í, hefur nú verið gerður að túni sem nær að Kambsmerkjum.

Heimild: Ö-Öng, 247

Ey-401 :010 huldufólksbústaður í Bríkarklöpp

65°31.636 N 18°06.454 V

"Bríkarklöpp er á norðurmerkjunum í smanefndri mýri. Þar hafa mergir séð dularfull ljós og sumir heyrt þaðan söng og hljóðfæraslátt. Þetta er hár og fallegur klettur." segir í örnefnalýsingu Stóra-Hamars en í lýsingu Litla-Hamars er þetta: "Litlasklöpp er norður frá Kambsbæ og Bríkarklöpp enn utar (á merkjunum). Hún er há og myndarleg, uppi á henni grasstallur og inn í hana skápur, ekki ólíkur dyrum. Þarna var mikill huldufólksbústaður, og hafa margir heyrt þaðan strokkljóð og séð þar ljós. Menn, sem viltir voru í dimmviðri á þessum slóðum, sáu ljós, sem þeir hugðu vera á bæ, gengu á það þar til það hvarf, en þá voru þeir við Bríkarklöpp. Þekktu þeir undir eins klöppina og áttu auðvelt með að rata frá henni til bæja."

Klöppin er beint framundan bænum á Kambi og er ú syðsta af nokkrum stórum klöppum sem ná allt norður að Þverá. Bríkarklöpp er stór grjótsklöpp, um 30 m löng og allt að 10 m há. Mýrin fyrir neðan hefur nú verið ræst fram og brotin undir tún. Merki Stóra-Hamars, Litla-Hamars og Kambs mætast á Bríkarklöpp. Hinum dularfullu ljósum er lýst sem bláleitum og flöktandi.

Heimild: Ö-Öng, 246,247

Ey-401:011 Réttarhóll

65°31.381 N 18°06.811 V

"Einstakir hlutar gamla túnsins halda enn sínum fornu nöfnum, þó að landið hafi verið brotið og ræktað. Svo er um Þríhyrning syðst og vestast, allt fram á Vallarbarð, Ferhyrning nokkru norðar. Fjánhúsasléttur enn utar og Réttarholt upp af þeim." segir í örnefnalýsingu en "Á að vera Réttarhóll upp af þeim." samkvæmt athugasemdum við örnefnasafn Stóra-Hamars e. Þórhall Jónasson 11.1.1967.

Réttin sem holtið var kennt við mun hafa verið sambyggð við Hornhúsið 008. Örnefnið er nú ekki lengur notað en rétt þessi mun hafa verið skilarétt fyrir Mjaðmárdal að vestan og var dregið sundur inni í húsunum. Réttin mun hafa verið aflögð fyrir aldamót.

Heimild: Ö-Öng, 247

Ey-401 :012 Kvíaskarð

65°31.307 N 18°06.980 V

"Í [Stórhamarsklappir] er Kvíaskarð hent upp frá bæ og norðan þess klofin, stór klöpp, sem heitir Stóriskans." Kvíarnar voru beint upp af bænum þar sem heimreiðin er að Stóra-Hamri I. Þær munu hafa lent að hluta undir veginum. Í brekku, sem nú er í órækt og hefur miklu verið bylt þar vegna vega- og slóðagerðar. Kvíarnar voru notaðar við rúning fram um 1940.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimild: Ö-Öng, 247

Ey-401:013 Svarðarhóll

65°31.264 N 18°05.916 V

"Á Efstaholti er Hestklettur yzt, en Svarðarhóll syðst." segir í örnefnalýsingu. Grafirnar eru austan við hólinn, sem er lágur melhóll með klöppum framaní, um 200 m sunnan við Kambsmarki, á mótis við beygju á vegarslóðanum sem liggur að hliði á fjallgirðingu. Mýri, nú framræst. Grafirnar sjást á um 150-200 metra belti frá norðri til suðurs og 40-50 m frá austri til vesturs. Þær eru nokkuð jafndjúpar, um 1 m, en dýpstar (og yngstar) eru þær syðstu og eru þar forarpyttir. Ein stök gröf, um 7x7 m að stærð, er um 40 m norðan við aðalgrafasvæðið. Norðaustantil á Svarðarhól er vörðubrot.

Heimild: Ö-Öng, 24 7

Ey-401 :014 Gerðisás

"Ofan við Holtin er Gerðisás og Ásvörður á honum miðjum." segir í örnefnalýsingu. Gerðisás er um 100 m ofan við fjallgirðingu ef Ásvörður eru rétt staðsettar (sbr. 015). Ofan við ásin er deiglendur mói en neðan við flagmói. Engar rústir sem átt gætu við þetta eru sýnilegar á þessu svæði og ekki kannast heimildamaður við að þær hafi verið. Mögulegt er að gerðið sé það sama og Stórhamarsstekkur 016.

Heimild: Ö-Öng, 247

Ey-401:015 Ásvörður

65°30.971 N 18°05.608 V

"Ofan við Holtin er Gerðisás og Ásvörður á honum miðjum Upp frá Ásvörðunum er Vörðuholt ... " segir í örnefnalýsingu. Aðeins ein varða fannst á ási sem er um 100 m austan við fjallgirðingu, um 150 m sunnan við þar sem hlið er á girðingunni. Beint upp (A) af þessum stað er flagholt, sem væntanlega er Vörðuholt og beint upp af því eru Kambstóftir.

Varðan er á ási sem liggur N-S, og er allbrattur að vestan. Þegar varðan var uppistandandi hefur hún sést víða að. Varðan er alveg hrunin og standa varla meir en 0,2 m uppúr. Varðan var kennileiti smalamanna og var talað um 'að smala upp fyrir vörður.' Hættumat: engin hætta


Heimild: Ö-Öng, 247

Ey-401 :016 Stórhamarsstekkur

65°30.818 N 18°05.861 V

"Framan undir [Stekkjahalli] er Stórhamarsstekkur, neðan við hann Moldarflagshóll en ofar Grjóthólar." segir í örnefnalýsingu en í fornleifaskrá Jónasar Þórhallssonar 2.2.1985 nr. 3 eru rústir þessar kallaðar "Beitarhús/ca. 8 x 8 m/Rústir af fjárhúsum og tóft f hey."

T óflimar eru um 100 m austan við fjallgirðingu og um 150 m norðan við Bringumerki. Stór stakur og áberandi steinn er spölkorn sunnan við tóftirnar. Þær eru á lágum hól eða bngu í framhaldi af Gerðisás, neðan við (V og NV) er degiendur mói og einnig ofan við, ne bæði að sunnan og norðan er flagmói. Sérstaklega er mikið rof sunnan við tóftina. Þó að grjót



standi víða uppúr og myndi reglulegar raðir hér og þar er herbergjaskipan ekki skýr. Í aðalatriðum virðist um að ræða aflanga tóft, um 7x3 m að innanmáli og aðra mjóa þvert á hana, um 4x1 að innan. Tvær grjóthrúgur eru á tóftunum og gætu verið hrundar vörður. Þúfnakragi er hringinn í kring um tóftirnar og gæti verið garður. Tóftirnar eru á bingu sem sennilegt er að sé af eldri rústum og getur því verið að hér sé gerði það komið sem ásinn er kenndur við.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Öng, 247



Ey-401 :017 Kambstóftir
65°30.858 N 18°05.168 V

"Við melhól í brún hálsins upp undan Vörðuholti eru svonefndar Kambstóftir, lyngholt, þar sem hálsinn lækkar verulega, en engir minnst þess, að á holti þessu hafi nokkurn tíma sést tóftir eða neins konar mannaverk, hvernig

sem nafnið er tilkomið." segir í örnefnalýsingu.

Tóftir eru víst á þessum stað, um 300 m norðan við Bringumerki, vestan í há-hálsinum. Á allháum melhól sem er ofan (SA) við tóftirnar er hrúnin varða. Tóftirnar eru utaní aflíðandi hálsi. Beint suður af þeim er smápýft mýrlendi, en SV og V eru illa blánir flagmár. NV, N og A er móinn betur gróinn. Rof er í


syðri tóftahólnum. Heimildamaður kallar tóftir þessar kvíar eða stekk. Tóftirnar eru tvær, báðar með venjulegu stekkarlagi. Sá syðri er á allmiklum hól, sennilega rústahól, um 2 m háum. Nyrðri tóftin er hinsvegar á jafnsléttu. Hún er grænni og sennilega yngri. Hún er 13x8 m að utanmáli og snýr N-S. Nyrðra hólfið er 3,5x1,5 m en hið syðra 3x3 m að innan. Veggir eru 0,7 m háir og um 1,5 m breiðir. Þeir eru enn beinir að kalla. Syðri tóftin er svotil samlit umhverfinu, 1 0x5 m að utan, eitt hól sem er 6x 1,5 m. Veggir eru 0,8 m háir og 1,5 m breiðir.

Hættumat: lítil hætta vegna rofs

Heimild: Ö-Öng, 247-48

Ey-401:018 Selóftir 65°30.148 N 18°05.041 V

"Sunnan við [Grásteinshóla] er Selmýri, og Seltóftir suðvestan hennar." segir í örnefnalýsingu. Seltóftir eru rétt austan við hálsinn, um 300 m vestan við Mjaðmá og um 300 m NNV við Bræður. Tóftirnar standa á lágum ási og gengur mýrardrag upp fyrir



Fornleifaskráning í Eyjafirði V

vestan milli tóftanna og hálsins. Í kringum tóftirnar er kargapýfður lyngmói, en til NNA eru Selmýrar og austanvið eru gróðurlítill holt.

Tóftunum er lýst í Fornleifaskrá Jónasar Þórhallssonar 2.2.1985 nr. 2:

"Sel/húsarústir/frá nítjándu öld/ca. 3x8 m/niðurfallnir veggir." "Í mynni Mjaðmárdals eru greinilegar rústir Stóra-Hamarssels ... " BE 1990, 950.

Selið var í notkun fram á seinni hluta 19. aldar en langamma heimildamanns var selráðskona og hann þekkt einnig mann sem hafði verið smali í selinu. Aðalrústahóllinn er nyrst á svæðinu. Hann er 23x15 m að utanmáli en tóftirnar ofaná honum eru óskýrar, en sýnast vera allt að þrjár raðir og er sú í miðið skýrust með hólum sem eru 4x2, 2x2 og 2x1,5 talið frá norðri til suðurs. Sunnan í hólum er aflöng tóft frá A-V, 7x1,5 m að innan og eru veggir 0,5 m háir og 0,8 m breiðir. 7 m sunnan við þessa tóft er tóftaþyrping, 11 x8 m að utan. Norðaustantil eru tvö stekkjarleg hól, annað 3,5x2 en hitt 2x2 og dyr úr því til suðurs. Sambyggt þessu er stærri tóft, 4x2 m sem opnast til austurs um 3,5x2 m stórt hól. Veggir í þessari tóftaþyrpingu eru um 0,7 m háir víðast og um 1 m breiðir. 3 m sunnan við suðvesturhorn þessarar tóftaþyrpingar er tóft sem er mun óljósari og sundursprungin af þúfum .. Hún er 13x4,5 m að utan og snýr N-S. Veggir eru 1 m breiðir og um 0,7 m háir.

Hún sýnsist skiptast í tvö hól, aitt aflangt og annað minna við enda þess. 7 m SA við SA horn þessarar tóftar er rústahóll, svotil beint í S frá tóftaþyrpingunni. Hann er um 1,2 m hár og á honum tvískipt tóft með 1 m breiðum veggjum og 0,5 m háum. Nyrðra hólfið er 1,5x1,5 m að innan en það syðra 3,5x2 og hefur það dyr til austurs. 15 m austan við þennan hól er annar, 1,5 m hár og eru veggir met 1 m háir en víðast þó ekki nema 0,5 m. Hólfin sem eru a.m.k. þrjú eru heldur samansokkin og virðast hafa sameiginlegar dyr til norðausturs. Hólf í NV-horni er 3x1 m að innan, annað sunnan við það 2,5x2,5 m og hið þriðja í SA horni 1,5x1. Um 15 m sunnan við fyrrnefnda rústahóllinn er einföld tóft sem snýr N-S með dyr í S. Hún er 4x2 m að innan með 1,5 m breiðum veggjum og 0,6 m háum. 8 m vestan við hana er tvískipt tóft á 1,5 m háum hól. Hún er 20 m löng að utan og er nyrðra og stærra hólfið 1 0x3 m að innan. Veggir eru 1,5-2 m breiðir og 0,5 m háir. 13 m sunnan við þessa tóft er rétt og er vegarslóði á milli sem liggur fram eftir Mjaðmárdal. Réttin er tvöföld og er syðra hólfið yngri. Það er 7x3 m að innan með 0,7 m háum veggjum, um 1 m breiðum. Eldra hólfið er ámót stórt en veggirnir lægri. Þessi tóft er neðan undir melhól með vörðu uppá. Alls er svæðið um 140 m frá norðri til suðurs en um 60 m frá austri til vesturs. Eftir því endilöngu en þó austan við allar tóftirnar nema þá austustu liggja fjárgötur.


Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Öng, 248

Ey-401:019 Systur

65°30.541 N 18°04.800 V

"Niðri við Mjaðmárgil og austur frá láginni er aflangur melhóll, Systramelur, með tveimur vörðum, er heita Systur." segir í örnefnalýsingu. Systramelur er aflangur frá norðri til suðurs og er hann 100-150 m vestan við Mjaðmárgil, aðeins sunnar en á móts við hlykk á ánni til vesturs. Melurinn er á móts við Fremstasel á



Munkaþverártungum.

Melurinn er bungulagaður, allstór og alveg blásinn. Mýrlent er neðan og sunnan við en lyngmóar ofan og vestan við. Er af þessum stað víðsýni yfir Selmýrar og niður með Mjaðmá. Á hæð efst uppi á melnum er hrúnin varða, um 0,3 m há. 2 m austan við hana er skeifulaga hleðsla um 1,5x0,5 að innan og hæst um 0,5 m. Skammt vestan við vörðuna er önnur hrúga sem einnig gæti verið eftir vörðu.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Öng, 248

Ey-401:020 Vaðshvammur

65°30.195 N 18°04.595 V

"Utar [en Kirkjuhvammur] er Vaðshvammur og úr honum vað á Mjaðmá yfir í Munkaþverártungur .." segir í örnefnalýsingu. Vaðshvammur er allbreiður og eini staðurinn á löngum kafla þar sem þokkalega auðvelt er að komast niður í gilið og uppúr því aftur. Á þessum stað er brött grasbrekka á 50-70 m bili en annars eru allsstaðar klettur eða skriður og ófært með hesta. Að austan skaga tvö nes fram í ána með um 200 m millibili og hefur verið hægðarleikur að komast þar upp með hesta en á milli nesjarma er þverhnipt hamrabelti. Áin sjálf er víðast auðfær hestum og gangandi menn geta vaðið hana á mörgum stöðum án teljandi erfiðleika. Það eru hinsvegar fáir staðir þar sem greiðfært er niður í gilið og upp úr því aftur og er þetta sá eini á mjög löngum kafla. Á þessu vaði var farið til berja í Munkaþverártungur frá Stóra-Hamri.

Heimild: Ö-Öng, 248

Ey-401:021 Byrgishóll

65°30.371 N 18°05.133 V

"Heimast í dalsmynni [Mjaðmárdals] er Byrgishóll og nokkur framar Bræðrahóll." segir í örnefnalýsingu. Afarlítið er um hóla utan við Bræðrahól. Melhóll með vörðu á er svotil beint vestur af Bræðrahól, fast sunnan við selið og er syðsta tóft þess (réttin) í rótum hans. Fyrir utan þann hól er varla um annað að ræða en melkolla og síðan mishæðir á há-hálsinum. Þeirra á meðal er einn langstærstur, um 300 m SSV við Systramel og 400 m NNV frá selinu, 150 m austan við fjallgirðingu frá Bringu og fyrir Bringulandi miðju (beint upp af þar sem fjallgirðing Bringu beygir til vesturs fyrir landinu sunnanverðu. Sá vestari af tveimur vegarslóðum sem liggja fram Mjaðmáral liggur austan í hólnum. Hnit var tekið á þessum hól en af honum er gott útsýni yfir ytri hluta Mjaðmárdals og há-hálsinn og staðurinn því ekki ósennilegur fyrir smalabyrgi en ekkert slíkt fannst hinsvegar í nánd við hann. Á tveimur minni hólum, sem báðir eru um 100 m norðan við þennan hafa verið vörður, og tvær á þeim eystri. Hóll þessi er breiður og ávalur, blásinn niðri grjót að norðan og austan en þýfður lyngmói og að hluta flagmói er á honum að sunnan og vestan.

Heimild: Ö-Öng, 248

Ey-401:022 mógrafir

65°31.177 N 18°06.199 V

Eldri mógrafir en 013 voru 100-200 m sunnar, beint suður af Svarðarhól undir lágum ási, sem hefur sömu stefnu (N-S) og hólinn. Áður mýri, nú framræstur mói og tún syðst. Grafirnar sjást enn á litlum beitti nyrt en munu hafa náð lengra í suður.

Ey-401:023 Skakkavað

65°31.501 N 18°07.290 V

"Suður úr Stórhamarsnesi var svonefnt Skakkavað, en er nú löngu aflagt." segir í örnefnalýsingu. Vaðið þekkist nú ekki og er ekki vitað um nákvæma staðsetningu þess. Hnit var tekið fyrir miðju nesinu en þar er svolítil röst í ánni.

Heimild: Handskr. aths. við örnefnalýsingu Stóra-Hamars frá Náttúrufræðistofnun á Ak.

Ey-401:024 Kópavað

"Vestur úr Nesinu er Kópavað, mjög gott enn í dag. Norðan þess er alldjúpur hylur, sem Tangahylur nefnist. Í honum, eða rétt við vaðið, er talið að einhverntíma hafi veiðst selkópur, og er Kópavaðsnafnið af því dregið." segir í örnefnalýsingu. Vaðið er beint í austur frá Dvergsstöðum. Malareyrar eru austan árinna og aðrar vestan um 150 m norðar og virðist vaðið vera á ská yfir ána á milli þeirra. Bílfært mun vera á þessu vaði og var það jafnan farið áður en bílvegurinn var lagður austan ár en það var ekki fyrr en á fjórða áratugnum.

Heimild: Handskr. aths. við örnefnalýsingu Stóra-Hamars frá Náttúrufræðistofnun á Ak.

Ey-401:025 heimild um ferju

65°31.632 N 18°07.857 V

"Í áratugi var ferjað yfir Eyjafjarðará frá Stóra-Hamri - þó ekki lögferja. Var ferjað á Tangahyl." segir í örnefnalýsingu. Tangahylur er skammt norðan við Kópavað.

Víðar var ferjað á ánni en frá þessum stað. Meðal annars úr Stórhamarsnesi.

Heimild: Handskr. aths. við örnefnalýsingu Stóra-Hamars frá Náttúrufræðistofnun á Ak.

Ey-401:026 Hamrabrekka bústaður

65°31.281N 18°07.122V

"Á dálitlum kafla, rétt sunnan við syðstu bæjarhúsin, myndar [bæjarlækurinn] djúpt og grasivaxið gil, en sunnan við gilið er dálítill túnbrekka sem heitir Paufi. Enginn veit hvernig nafnið er til komið. / En árið 1916 föluðust húsmennskuhjón, þá í Möðrufelli, eftir því að fá að byggja sér smábæ á þessum bletti. Þau hétu Magnús Jónasson og Sigríður Benjamínsdóttir. Bærinn var úr torfi og grjóti, ein burst og gluggi móti vestri, baðstofa, eldakompa og geymsla. Bærinn stóð fast við þjóðveginn að vestan, en álíka langt austn vegar stóð 30 kinda hús með heytóft. Þau bjuggu þarn um 30 ár, og 1948 var litli bærinn jafnaður við jörð, og Paufi er nú með sömu ummerkjum og fyrir bæjarbygginguna." segir í örnefnalýsingu.

Nú er sléttur grasmór á lækjarbakkanum, en sunnan við girðingu sem er um 10 m sunnan við lækinn er smáþýfður bithagi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Athugasemdir við örnefnasafn Stóra-Hamars e. Þórhall Jónasson 11.1.1967

Ey-401:027 bænhús

65°31.368 N 18°06.983 V

1712: Bænhús er sagt að hjer hafi verið, og var hjer ein skemma fyrir fáum árum, sem þess sýndist líkleg að byggingu; JÁM X: 285

Skv. lýsingu heimildamanns mun bænhúsið hafa verið norðan við braggann, sem er í miðið afpremur útihúsum nyrst í húsaþorpinu á Stóra-Hamri. Um 10 m norðan við braggagaflinn er dáttíl bunga í túninu sen annars er óslétt á þessum parti. Heimildamaður man ekki eftir tóftum á þessum stað en honum hafði verið sagt af eldra fólki í æsku að þarna hefði bænhúsið verið. Ekki er vitað til að mannabein hafi komið upp á þessum stað eða öðrum í landareigninni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar


Heimild: JÁM X, 285

Ey-401:028 Bræður

65°29.957 N 18°04.706 V

Bræður eru tvær vörður á melhólivið suðurenda Selmýra, um 100 m vestan við brún Mjaðrnárgils, SSV við Kirkjuhvamm. Á stökum aflöngum melhól og eru mýrardrög í kring fyrir neðan en ofar mói. Um 15 m eru á milli varðanna, sem báðar eru hálfhrundar.

Hættumat: engin hætta

**Ey-401:029 smiðjutóft**

65°31.337 N 18°06.958 V

Smiðjutóftin er fast norðan við kálgarð sem nú er horfinn en er sýndur á túnakorti frá 1917, um 20 m norðan við heimreið og um 15 m vestan við þjóðveg. Í illa sléttu túni. Það virðist móta fyrir kálgarðinum fast norðan við heimreiðina sem um 10x10 m bolta og fast norðan við hann er smátóft sem sennilega er af smiðjunni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-402 Háhamar

Hjáleiga frá Stóra Hamri 1712 og dýrleiki ekki undirréttadur. Þá byggt fyrir manna minni í úthögum, afdeilt einasta að túni og útslægjum. Munkaþverárklautursjörð. 1712 hefur býlinu fylgt engi niður við Eyjafjarðará og er það sennilega sama spilda og síðar fylgdi jörðinni sbr. Ö-Öng, 248: Háhamar "átti engjaspildu, sem náði vestur að Eyjafjarðará (í stefnu á Litlhólsbæinn vestan ár). Nefnist þessi spilda Háhamarstangi." Jörðin fór í eyði 1938 en 1925 hafði helmingur hjarðarinnar verið seldur undir Stóra-Hamar I og var sameinaður henni 1935. Hinn helmingurinn var seldur undir Stóra-Hamar II 1938.

1917: 2.2 ha. 1/2 slétt. Engir garðar. Tún Háhamars hafa nú verið sameinuð Stóra-Hamarsjörðunum og verða ekki sundurgreind. Öll eru þau rennslétt nema á bæjarhólnum og næst honum.

Heimildamaður: Jónas Þórhallsson á Stóra-Hamrif. þar 21.2.1928

Ey-402:001 bæjarhóll

65°31.069 N 18°06.827 V

"Býlið Háhamar stóð á háum hólí suður og upp frá Steinaklauf Heitir hóllinn Bæjarhóll." segir í örnefnalýsingu. Bæjarhóllinn er afarstór aflangur hóll í túni. Sléttað hefur verið upp á hann. Gras er mjög misvaxið á há-hólnum og eru afarloðnir brúskar á sumum stöðum en mjög snöggvaxið annarsstaðar. Helst er útlit fyrir að yngsti bærinn hafi staðið syðst á hólnum en þar er ferhyrnd skella með mjög snöggvöxnu grasi eins og grjóti eða steypa sé undir. Strax sunnan við þennan blett er hinsvegar áaflega loðið. Vel hefur verið sléttað úr síðasta bænum en hóllinn virðist að öðru leyti óskemmdur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Öng, 248

Ey-402:002 heimild um útihús

65°31.101 N 18°06.802 V

Samkvæmt túnakorti hefur þetta útihús verið um 20 m norðan við NA horn bæjarins. Miðaðvið að bærinn hafi verið syðst á Bæjarhól þá hefur þetta hús verið rétt norðan við hólinn, ofan við laut sem myndast milli hans og smábrekku í túninu norðaustan við hólinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-402:003 Háhamarsstekkur

65°31.024 N 18°06.920 V

"Skammt sunnan við Bæjarhólinn er Háhamarsstekkur og Stekkjarhóll." segir í örnefnalýsingu. Varla er um neinn verulegan hól að ræða sunnan við Bæjarhól. Þar er hinsvegar brekka sem snýr móti norðvestri og efst í henni eru mishæðir í sléttuðu túninu, þ.á.m. ósleginn blettur um 7x3 m að stærð sem snýr N-S og gæti verið leifar af eyðilögðum stekk. í túni. Jónas Þórhalls son á Stóra-Hamri hafði aldrei heyrt minnst á stekk á þessum stað þannig að hann hlýtur að hafa horfið fyrir löngu, sennilega meðan enn var búið á Háhamri.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Öng, 248

Ey-403 Kambur

20 hdr. 1712. Munkaþverárklostursjörð. Einnig Hanakambur. Jörðin á ekki land að Eyjafjarðará og hefur hún sennilega byggst úr landi Litla-Hamars. Kambsmór heitir þó í Klausturnesi (Munkaþverárland) fyrir landi Kambs þannig að hún gæti hafa náð lengra í vestur áður fyrr.

1917: 2.3 ha. 1/2 slétt. Garðar 240 m². 1990: "Bærinn stendur á hæðarbrún austan Eyjafjarðarár. Vestur frá hæðinni hallar landi lítið eitt fram á klapparbrún sem er skammt vestan þjóðvegarins. Er mestur hluti þessa svæðis ræktaður ... Austur frá bænum er allmikið land að hálsinum vestan Mjaðmár. Hefur hluti þess verið ræstur fram og ræktaður." BE 1990, 952.

Heimildamaður: Guðmundur Jónsson á Kambi f 15.5.1957

Ey-403:001 bæjarhús

65°31.610 N 18°06.147 V

Rústir torfbæjarins á Kambi standa enn u.þ.b.10 metrum beint niður af núverandi hlöðu. Sunnan við núverandi íbúðarhús. Veggir standa að mestu ásamt hluta þaksins. Hefur verið haldið við með bárujárni og styrktarbitum. Notað að hluta sem fjárhús. Skipan bæjarins var ekki sú sama samkvæmt heimildamanni eins og sú sem er á kortinu. Búið var í torfbænum fram yfir 1960.

Hættumat: hætta vegna ábúðar


Heimild: Túnakort 1917

Ey-403:002 fjárhústóft

65°31.618 N

18°06'007 V

Beint norður af núverandi hlöðu, suðaustan við íbúðarhúsið. Tvö samliggjandi hús, á öðru þeirra standa veggir og þak yfir og er það notað sem fjárhús, en á hinu er þakið hrunið og ásamt vestur og suður vegg. Fyrir aftan húsin var niðurgrafin hlaða og standa veggir en þak er hrunið. Annar hluti



fjárhússins endurbættur, bárujárn á þakinu.
Heimild: Túnakort 1917



Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-403:003 hesthústóft

65°31.614N 18°06.113V

Beint austan við núverandi íbúðarhús, upp af heim-reiðinni. Veggir standa að mestu, skiptist í að minnstakosti 4 hólf, hluti af húsinu gæti hafa verið sléttaður. Heimildarmaður segir húsið hafa verið notað sem skemmu, a.m.k. einhver hluti af því og tóftin er öll full af rusli.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimild: Túnakort 1917



Ey-403:004 Stekkjarhóll

65°31 °420 N 18°05.678 V

"Stekkjjarhóll er mitt á milli Kambstúns og Vörðuáss, sem er melhryggur austanvert við mýrarsundin, sem nú eru nýræktartún." segir í örnefnalýsingu. Tóft er sunnan í

Stekkjjarhólnum, sem er hóll með áberandi háum grjóthnullungum á toppnum. Vestan við Vörðuás, og suðaustan frá hlöðunni að Kambi. Hóllinn er áberandi grænn á lit og er tóftin vel gróin. Ábúendur á Kambi kalla hólinn ekki Stekkjarhól, heldur Selhól eða Grænahól, en kannast ekki við aðrar tóftir á landareign sinni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Öng, 246

Ey-403:005 mógrafir

65°31.579 N 18°05.525 V

Upp og norðaustur af bænum, liggja við lækinn sem er við merkin við Litla-Hamar. Fyrir vestan Vörðuás. Mógröfin er mjög blaut og úr henni rennur lítil lækjarspræna í vesturátt. Vel gróið og þýft í kring, mikið fuglalíf Um það bil eins meters djúp þar sem hún er dýpst.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-404 Litli-Hamar

20 hdr. 1712. Munkaþverárklostursjörð. Land Litla-Hamars nær suður neðan við Kamb og hefur sú jörð líklega byggst fyrst úr Litla-Hamarslandi.

1917: 4.3 ha. 4/5 slétt. Garðar 880 m². 1990: "Hluti túnsins er í brekkunum vestan þjóðvegarins en neðan þeirra er mjög deiglent. Hefur meirihluti þess lands verið ræst fram og ræktað Austur frá klapparbeltinu sem þjóðvegurinn liggur undir er land hallalítið og er þar allstórt tún." BE 1990, 954.

Heimildamaður: Tryggvi Jónatansson á Litla-Hamrif hér 9.9.1903

Ey-404:001 bæjarhóll

65°31. 865 N 18°08.233 V

Vestur af núverandi íbúðarhúsi, u.þ.b. 60 metra norðan við núverandi fjós. Bærinn er horfinn. Hann hefur staðið á sama hól og núverandi bær sem var byggður um 1920. Búið að

slétta allt og bæjarstæðið orðið að hlaði vestan við bæinn. Heimildarmaður segir að bærinn hafi fyrrum staðið annarsstaðar en hann er merktur inn á túnakort en hann var færður fyrir aldamótin en ekki er vitað hvaðan.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-404:002 heimild um útihús

65°31.863 N 18°06.306 V

Suðvestur af gamla bæjarstæðinu, um það bil 20 metrum frá því. Á smá hól við fjósið. Útihúsið horfið, hefur sennilega staðið á grösugum hól, hægt er að greina smá breytingu á gróðri á litlu svæði, gæti markað grunnin af húsinu. Hólinn er við fjóshauginn, beint ofan við ruslahaug.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-404:003 heimild um fjós

65°31.860 N 18°06.322 V

Vestur af núverandi fjósi, rétt við mjög gróinn kálgarð. Hefur sennilega staðið utan í hól, við brekkubrúnina, þar sem brekkan byrjar að lækka niður á túnið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-404:004 heimild um útihús

65°31.846 N 18°06.237 V

V Um 50 metra austan við núverandi fjós, þar sem nú er bílaplan. Horfið, allt verið sléttað. Líklegur staður, á brekkubrún, þar sem bæjarhóllin fer að lækka til suðurs.

Hættumat: hætta vegna ábúðar


Heimild: Túnakort 1917

Ey-404:005 heimild um hesthús 65°31.902 N 18°06.124 V

Norðaustur af íbúðarhúsinu þar sem hlaða stendur nú. Beint fyrir neðan klappir og lítinn skógarreit. Sést í hluta af 2-3 gömlum hleðslum en þetta er mjög gróið og búið að byggja hlöðu þar við svo erfitt er að sjá hvort fleiri hleðslur eru þarna. Hleðslurnar standa upp við steinsteypa vegg, vestanmegin á hlöðunni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917



Ey-404:006 Litlahamarsstekkur 65°31.525 N 18°05.067 V

"Vörðuás er klofinn af lægð, sem heitir Stekkjarklauf. Þar eru tóftir Litlahamarsstekkjar." segir í örnefnalýsingu. Við landamerkjagirðinguna við Kamb. Stekkjartóftin er á smá sléttlendi í mjög þýfði landi. Liggur upp við Vörðuásinn, við brekkuna. 2 hól sjáanleg, hleðslur mjög lágar og grónar, norðurhluti stekksins liggur upp við Vörðuásinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Öng, 246

Ey-404:007 Vörðuás


65°31.617 N 18°04.962 V

"[Vörðuás er] melhryggur austanvert við mýrarsundin, sem nú eru nýræktartún. Vörðuás er klofinn af lægð, sem heitir Stekkjaklauf, ... Austan Vörðuássins heitir blásið og öldótt svæði

Kerlingarhólar." segir í örnefnalýsingu.

Hér hafa sennilega verið a.m.k. 2 vörður, en grjótt er um allt og erfitt að greina hvort hleðslan er náttúruleg eða gerð af manna höndum.

Heimild: Ö-Öng, 246



Ey-404:008 tóft

65°31.597 N 18°05.288 V

Tóftin er í SA-homi landareignarinnar, 10 m V við fjallgirðingu og um 40 m N við merkin við Kamb. Hlið er á fjallgirðingunni rétt ASA við tóftina og liggur slóði í gegnum tað neðan af túnunum fast S við tóftina. Í flagmóa, sem er mjög blásinn næst tóftinni, en fjær, til V, N og A er betur gróinn grasmói. Tóftin er lítil, og skiptist í að því er virðist tvö jafnstór hólfrúnir. Hún er mjög blásin sunnantil og sundursprungin í þúfur.

Hættumat: hætta vegna rofs

Ey-405 Rifkelsstaðir

20 hdr. 1712. Munkaþverárklostursjörð. Getið í Víga-Glúms sögu. Einnig Hripkelsstaðir, Hripketilsstaðir og Rykkelstaðir. Skv. Víga-Glúmssögu voru Rifkelsstaðir hluti af Munkaþverárlandi. Á Rifkelsstöðum hefur verið tvíbýli síðan á seinni hluta 19. aldar og hefur jörðinni verið skipt þannig þ að Rifkelsstöðum I tilheyrir nyrðri hluti jarðarinnar en Rifkelsstöðum II sá syðri. 4 sumarbústaðir eru í landi Rifkelsstaða IL. Stangarhólmi í Eyjafjarðará fylgir Rifkelsstöðum

1917: 3. 8 ha. 4/5 slétt. Garðar 13 80 m². 1905: "Þar í túninu eru ýmsar tóftir, sumar nokkuð fornlegar, en engin sem lítur út fyrir að vera hoftóft." BJ í Árbók 1906, 19. 1990: "Tún er í brekkunum bæði norðan og sunnan Rifkelsstaðabæjanna. Neðan við brekkurnar er mikið flatlendi vestur að Eyjafjarðará og norður að Þverá. Fyrrum voru þarna mikil engjalönd en í gífurlegu flóði árið 1926 flæddi Þveráin yfir þau. Hefur hluti þess svæðis verið ræktaður en að öðru leyti er það nýtt til beitar. Austan Þjóðvegarsins eru jökulnúnar klappir og grjóthólar með sundum á milli. Mikið land hefur verið ræst þar fram og ræktað. Erfitt var að vinna sumar spildurnar sökum stórgrýtis og þurfti stundum að nota sprengiefni við jarðvinnsluna." BE 1990, 958.

Heimildamaður: Kristján H. Jónasson á Rifkelsstöðum f hér 4.3.1937

Ey-405:001 bæjarhóll

65°32.227 N 18°05.581 V

Bærinn stóð fast vestan við elsta íbúðarhúsið, byggt 1926-46. Hér er hóll, flatur að ofan og gengur eins og tunga í vestur undan íbúðarhúsi og öðrum byggingum. Malarborinn slóði á hlaði, liggur vestan íbúðarhúss ofan á hólnum. Utaní honum að vestan og norðan eru steinsteyptar byggingar. Hús vestan og norðan í hólnum, eru sum niðurgrafin að hluta. Þó mun meginhluti bæjarhóls óraskaður. Hnit tekin við suðurgafli útihúsa, miðja vegu milli gamla íb. húss og vesturbrúar hólsins.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-405:002 heimild um lambhús

65°32.257 N 18°05.649 V

"Lambhús voru þar, sem nú eru peningshúsin ..." segir í örnefnalýsingu. VNV við gamla

bæinn, um 70 metra eða svo. Steinst. vélageymsla stendur þar sem lambhúsið stóð áður. Hnit tekin á miðri suðurhlið vélageymslu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-405:003 heimild um fjárhús

65°32.272 N 18°05.580 V

Um 80 m norður afbæjarstæðinu. Lækur liggur í ræsi skammt utan við staðinn. Þetta er nyrsti hlutinn á hlaðinu. Hér er malarlag á yfirborði og standa 2 gamlir braggar og steinsteypt hús utan í þeim.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-405:004 heimild um sauðhús

65°32.262 N 18°05.375 V

"... Sauðhúsvöllur er norðan heimreiðarinnar útaustur frá bænum ... Sauðhús voru á Sauðhúsvelli." segir í örnefnalýsingu. Austast í gamla túninu, um 25 m NA við hlöðuna sem tilheyrir Rifk. I. Gamalt tún, grasi vaxið en ekki nytjað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-405:005 heimild um hesthús

65°32.183 N 18°05.561 V

"Sunnan bæjar er Hesthúsvöllur." Ofan við heimreiðina að R Ill er grasblettur, hesthúsið stóð í þeim bletti, um 30 m norðan við R III íbúðarhúsið. Grasið er djúpt og líki. aldrei slegið. Ekki sést til tófta, en hér hafa stórvirkar vinnuvélar ekki farið, enda er þetta á hlaðinu syst en ekki lengur í túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-405:006 Hólf áveita

"Gamalt áveitusvæði er sunnan Syðstukvíslar - yzt í Útmýri og heitir það Hólf." segir í örnefnalýsingu en var vestan við Útmýr skv. handskrifaðri leiðréttingu frá Náttúrufræðistofnun á Ak. Heimildamaður kannast ekki við að hér hafi verið áveitumannvirki og treysti sér ekki til að giska á hvar það gæti hafa verið. Ekki þekkir hann Syðstukvísl eða Útmýri sem verijuleg heiti yfir kvíslar eða engi vestan undan bæjarbrekkunni.

Heimild: Ö-Öng, 245

Ey-405:007 heimild um tóftir

"Gamalt áveitusvæði er sunnan Syðstukvíslar - yzt í Útmýri og heitir það Hólf. ... einhverskonar tóftabrot eru ... í Hólfinu." segir í örnefnalýsingu. "líklega einnig stekkur" skv. handskrifaðri leiðréttingu frá Náttúrufræðistofnun á Ak. Heimildamaður kannaðist ekki við þessi tóftarbrot. Bróðir hans Gunnar Jónasson sléttaði s.k. Hólf og taldi ósennilegt að þar gæti hafa verið tóft eða tóftarbrot án þess að hann hefði orðið þess var.

Heimild: Ö-Öng, 245


Ey-405:008 Rifkelsstaðastekkur

65°32.451 N 18°06.509 V

"Í Syðstahólma eru tóftabrot af Rifkelsstaðastekk ..." Ekið er niður vegaslóða frá hlaði og niður á Syðstahólma, síðan gengið beint af augum. Tóftin er svo til ósýnileg. Vel gróið engi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Öng, 245; Fornleifaskrá Jónasar Halldórssonar 12.4.1985.



Ey-405:009 tóft

65°31.985 N 18°04.944 V

20m norðan við Rifkelsstaðastekkin efri er tóft. Sumarbústaður hefur verið byggður á suðurgafli tóftarinnar. Klappir eru vestan og austan við tóftina. Afar skjólsælt. Einhverjar garðræktaraðgerðir hafa farið hér fram. Athafnasvæði sumarbústaðinga og innan girðingar hjá þeim. Tóftin er eins og hola, ekki sést móta fyrir veggjum, heldur um 3 hólfum með reglulegu lagi.


Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-405:010 mógrafir

65°31.994 N 18°05.622 V

"Suður og upp frá bæ er Grjóthóll ofan við þjóðveginn. Mógrafir voru þar sunnan og ofan við, sumpart ræktaðar eða undir það búnar." segir í örnefnalýsingu. Tún. Má sjá móta fyrir niðurlækkun, um 20 m á breidd A-V og um 80 m S-N. Kartöflugarður á syðri helmingi, að merkjum.

Heimild: Ö-Öng, 245



Ey-405:011 Rifkelsstaðastekkur efri

65°31.963 N 18°04.951 V

"Stekkjaklappir eru í tæplega kílómeters fjarlægð austur frá bæ, stutt frá Mjaðmá. Þar er Rifkelsstaðastekkur efri, tóftabrot uppi á Stekkjarhól. Stekkjarsund er þar og Stekkjaklappir við Mjaðmá." segir í örnefnalýsingu. "Yngri stekkur, sá síðasti hér á bæ."

Grasi vaxinn, lágur holl í miðju túni, var hlíft

við sléttun. Fast austan við er slóði sem liggur að sumarbústað, en hann er um 15 m norðan við stekkin.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Öng, 245; Fornleifaskrá Jónasar Halldórssonar 12.4.1985 nr. 5

Ey-405:012 kolagröf

65°31.464 N 18°04.620 V

"Við suðurmekinn efra nefnast móaholt Kerlingarhólar. Þar hafa fundizt viðarkolaleifar, enda mun skógur hafa verið þar og suður á hálsinum." segir í örnefnalýsingu. "6. [á korti] hér hafa verið fornar kolagrafir, því kolamolar fundust hér við rofabörð." Móaholt, rofabörð hér og þar, ummerki gætu verið blásin og horfin. Heimildamaður þekkti ekki til þessa. Skrásetjarar fundu engin merki kolagrafa. Hnit tekið engu að síður sunnan í Kerlingarhólum, sunnan undir hól með vörðu er ber hátt við himin.

Heimildir: Ö-Öng, 245; Fornleifaskrá Jónasar Halldórssonar 12.4.1985.

Ey-405:013 heimild um fjós og kenning um hof

65°32.283 N 18°05.531 V

Staðurinn er líklega (að mati heimildam.) um 10 m norður frá kverkinni sem er á milli lækjarins er rennur um nyrði hluta túnsins gamla og vegaslóðans sem ligur norðan við bæinn

og niður á túnin. Gamalt tún, grasi vaxið og mikið af njóla, er undir brekkunni. Neðan brekkunnar eru melarnir og námurnar. Hér hallar lítillega til suðurs. Hér var síðar kartöflugarður, en hann sést ekki lengur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-405:014 gata

"fornar reiðgötur, sem lágu að Maríugerðisvaði á Eyjafjarðará undan Munkaþverá."

Heimildamaður sagði að ekki sæjust þessar götur lengur, en treysti sér ekki til að benda á staðinn þar sem þær voru, enda landið talsvert breytt af náttúru- og mannavöldum.

Heimild: Fornleifaskrá Jónasar Halldórssonar 12.4.1985 nr. 7

Ey-405:015 gata

1985: "forn gata (troðningur) í syðri barmi gilsins þar sem riðið var yfir Þverána."

Heimildamaður þekkir ekki þessa götu og segir engin ummerki að sjá önnur en gömlu brúna yfir Þverá.

Heimild: Fornleifaskrá Jónasar Halldórssonar 12.4.1985 nr. 9

Ey-405:016 túngarður

65°32.312 N 18°05.402 V

"vallargarður, sem gæti hafa verið kringum Vitaðsgjafa." Í gömlu túni, ágætlega sléttu, hallar lítið eitt mót suðri. Hnit tekið nyrst í gamla túninu, um 150 m vestan við nýja íb.hús á Rifkst. I.

Hættumat: hætta vegna ábúðar


Heimild: Fornleifaskrá Jónasar Halldórssonar 12.4.1985 nr. 3

Ey-406 Munkaþverá

Klaustur og kirkjustaður. Upphaflega Þverá efri, fremri eða meiri. Getið í Landnámu, VígaGlúms sögu, Reykdæla sögu, Ljósvetninga sögu og víðar. Borgarhóll var byggður á hlemingi Þverárlands skv. Víga-Glúms sögu en lá síðan lengi í eyði þar til á seinni hl. 19. aldar að þar hófst byggð á ný. Er nú í eyði. Daða gerði var hjáleiga sem fór í eyði 194 7 en 1712 er getið um Maríugerði og Fremri- og Ytri-Glúmsstaði sem eyðibýli og hafði Maríugerði verið í byggð á fyrri hluta 17. aldar. Merki milli Munkaþverár (Borgarhóls) og Grýtu eru um miðgilið af Skriðugiljunum þremur. Milli Munkaþverár og Sigtúna er Smáragil á merkjum. Munkaþverá tilheyrir Klausturnes fyrir neðan Litla-Hamar og Stóra-Hamar og er talið að það svæði hafi áður tilheyrt Stóra-Hamri (Júlíus Ólafsson). Einnig tilheyra Munkaþverá bakkar Eyjafjarðarár norður á móts við Ytra-Laugaland. Sú ræma er þurrari en mýrarnar milli hennar og brekknanna og var eina leiðin niður á hana um Munkaþverá. Yst á þessari spildu heitir Ystspilda og tilheyrði hún Borgarhóli til 1884 að hún var lögð aftur undir Munkaþverá í skiptum fyrir norðurenda Staðarstekkjarspildu. Milli Ystuspildu og lands þess sem tilheyrir Kroppi austan ár er blautur káll þannig að merkin á bökkunum eru allsstaðar náttúruleg. Beitiland er í Munkaþverártungum og á Þverárdal sem eru afréttir.

1917: 11. 9 ha. 9/10 slétt. Garðar 1565 m². 1990: "Tún austan Þjóðvegarins eru í nokkrum halla og nær efsta spildan að rótum Staðarbyggðarfjalls. Vestan vegarins hallar landi talsvert en neðan við brekkur er mikið flatlendi sem liggur að Eyjafjarðará. Hefur þar verið ræktað allstórt svæði." BE 1990, 962. Mjög lítið hefur verið sléttað af gömlum túnnum á Munkaþverá en þau hafa að stórum hluta verið náttúrulega slétt sem og tún á Þveráreyrum. Ofan vegar hefur talsvert verið ræst fram en þar er blautlendara, einkum norðan og austantil.

Heimildamaður: Jón Stefánsson á Munkaþverá f. hér 29.10.1919



Kort 6. Fornleifakort. Munkaþverá.

kirkjunni heitir Kirkjuvöllur ... Í Kirkjugarðinum er Sturlungareitur, lílega í norðvesturhorni grafreitsins. Suðvesturhlutinn heitir aftur á móti Munkareitur." segir í örnefnalýsingu.

Kirkjan hefur staðið á sama stað svo langt aftur sem vitað er. Kirkjugarðurinn hefur

Ey-406:001 bæjarhóll

65°32.710 N 18°04.852 V

Syðst ágamla bæjarstæðinu stendur íbúðarhús úr steypu byggt 1917 en stærstur hluti gamla bæjarins var þar sem nú er óbyggt svæði norðan við íbúðarhúsið, vestan við gamla útihúsasamsteypu og austan við hlaðið og kirkjuna. Bærinn hefur verið rifinn og jafnað úr tóftunum en ekki byggt aftur á staðnum að öðru leyti en því að leifar af litlu steypumannvirki standa í austanverðu bæjarstæðinu. Í kring er hlað og byggingar.

1877: "Bærinn stendur neðst og lægst í brekkunni og engi fram undan. Kirkjan er ný og falleg og bærinn svo nýr, að ekkert gamalt er eftir ... " KK III, 92. Íbúðarhúsið frá 1917 er með manngengum kjallara handgröfnum og stendur þar sem var eldhús syðst í bæjarþorpinu. Bærinn stóð að mestu 1944 skv. ljósmynd en var svo rifinn smátt og smátt og síðast jafnað yfir tóftirnar. Hörður Ágústsson mun hafa teiknað bæinn upp áður en hann var rifinn endanlega. Bæjarhellan er enn á sínum stað, ekki undir einum fermetra að stærð, og á hana hefur fiskasteinninn verið settur. Um bæjarhelluna er sú saga að Bryðja tröllskessa í Bryðjuskál hafi svo reiðst klukknahringingum smala nokkurs í Munkaþveráarkirkju að hún reyndi að hæfa kirkjuturninn með hellunni en hitti ekki betur en svo að hún kom niður á hlaðinu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-406:002 kirkja

65°32.734 N 18°04.966 V

Skv. Túnakorti frá 1917 var kirkjan beint vestur eða aðeins norðan við vestur frá bæjarhólnum. "Niður frá

allur verið sléttaður og eru stæðileg tré allan hringinn innan við kirkjugarðsvegginn.

Kringum kirkjugarðinn er nú steypur veggur, nema vestast þar sem garðurinn hefur verið lengdur um nokkra metra og að hluta á norðurhlið þar sem tekið hefur verið úr fyrir skrudhúsi og er grindverk úr tré á þessums töðum. Sagnir eru um að komið hafi verið niður á göng sem lágu frá kirkjukór norður að þeim stað þar sem klausturbyggingarnar eiga að hafa verið. Vitnað er í gamalt fólk um að erfitt hafi verið að taka grafir á því svæði og til skamms tíma mun hafa sést um 1,5 m breitt sig í veginum sem liggur meðfram kirkjugarðsveggnum að sunnan og þurfti lengi að bæta í það mól áður en það hætti að sjást. Ekki hefur þó verið grafið niður á göngin í núverandi manna minnum. Ávalt hefur verið talið að kirkjan standi á sama stað og hún hefur alltaf gert en þegar stéttin var gerð sem nú liggur að kirkjunni að sunnan kom í ljós bogadregin hleðsla, sem talin var vera garðhleðsla frekar en veggjar, skammt frá kirkjuhorninu og gæti það bent til að kirkjan hafi færst til vesturs í tímans rás. Sagnir um Sturlungareit og Munkareit sem getið er í örnefnalýsingu þekkjast enn í dag.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-406:003 Efri-Fjóshóll heimild um fjós

65°32.768 N 18°04.871 V

"Í gamla túninu eru Neðri- og Efri-Fjóshóll, báðir norðan bæjarins." segir í örnefnalýsingu. Fjósið stóð sunnan undir Efri-Fjóshól, um 80 m beint norður af íbúðarhúsi frá 1917, um 20 m norðan við lækinn. Áður tún, nú óræktarblettur kringum gamalt útihús úr steypu en stæðileg tré sunnan og austan við. Á þessum stað stendur nú litið gamalt útihús úr steypu sem snýr NS og er 12x6 m að stærð. Torfhúsin sem hér stóðu voru fjögur sambyggð og hét ysta húsið í þeirri þyrpingu Uxahesthús. Húsin höfðu áður verið fjós en var breytt í hesthús og notuð þannig fram yfir seinna stríð. Hlaða var við hesthúsin.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Öng, 247


Ey-406:004 heimild um fjárhús

65°32.769 N 18°04.857 V

Fjárhús stóðu um 80 m norðan við fjósið 003, neðst í breiðri kvos milli Munkaþverárbæjar og Borgarhóls. Í fremur ósléttu túni sem nú er bithagi og er mikið rof í tóftinni og kringum hana. Leifar aftvistæðu fjárhúsi sjást enn á þessum stað og hefur braggi verið settur yfir það. Hleðslur eru mikið til hrundar og húsið ónýtt þó bragginn standi að mestu leyti enn. Stórt flag er inni í húsinu og austan við það.

Hættumat: hætta vegna beitar

Heimild: Túnakort 1917



Ey-406:005

tóftaþyrping

65°32.858 N

18°04.669 V

Um 120 m ANA af fjárhúsunum 004, uppi á brúninni efst á túninu, undir rafmagnslínu, sem liggur N-S, fast á S-brún Borgarhóls-lækjargils um 80 m sunnan við sumar-bústað á norðurbrún gilsins. Í túnbrekku, nú bithagi. Á þessum stað eru enn greinilegar leifar af stórra fjárhústóft með hlöðu og minni tóftum. Hleðslur eru víðast mjög

útflattar og óljósar, 0,2-0,5 m háar en innan á eystri langvegg standa enn 4 umför. Við SV horn tóftarinnar er stór dæld og sést í hleðslu innan hennar. Rof er á nokkrum stöðum í tóftinni.

Útihús þessi voru notuð af ábúanda Daðagerðis.

Hættumat: hætta vegna beitar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-406:006 fjárhústóft

65°32.728 N 18°04.720 V

Stór fjárhús voru um 110 m beint suður af 033 en um 160 m NA afíbúðarhúsi frá 1917. Fast sunnan við tóftina stendur nú braggi. Hann er uppi á hæðinni sem er sunnan við hvíltina milli Munkaþverárbæjar og Borgarhóls. Í túni, sem nú er í órækt. Fjárhúsin sem hér stóðu voru afarstór og ævagömul. Þau voru með hlöðu, alls sex hús. Notuð fram um 1960. Leifarnar sem nú sjást sýnast vera aftvístæðu fjárhúsi en þær eru bæði of útflattar og gróðri vaxnar til að hægt sé að átta sig á umfangi þeirra og lögun með nokkurri vissu. Grjót stendur upp úr grassverðinum hér og þar og hafa veggir verið um 1 m þykkir. Vestan við tóftina er róf á smásvæði og má í því sjá torfleifar eftir eldri byggingar sem hafa þá náð lengra í vestur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-406:007 Jórsalir

heimild um fjárhús

65°32.675 N 18°04.812 V

Fjárhús stóðu rétt norðan við heimreiðina um 100 m austan víð íbúðarhús frá 1917 og um 100 m sunnan við 006. Sunnan við þennan stað er nú allstórt útihúsahverfi. Í túni. Fjárhús þessi voru byggð upp úr viðum sem teknir voru úr hesthúsunum Jórsölum 036 sem stóðu yst og neðst í Munkaþverártúni og fylgdi nafnið viðunum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-406:008 Réttarkofi heimild um útihús 65°32.650 N 18°04.711 V
Réttarkofi stóð þar sem nú er (og hefur sennilega lengi verið) endi á Vallargarði 049 til norðurs. Við endan á garðinum var sáðreitir 1917 en nú hefur þar verið rétt um allanga hríð og fékk kofinn nafn af henni. Þessi staður er um 40 m sunnan við heimreið og hefur kofinn staðið innan við garðsendann. Í túni, nú kúahagi. Mögulegt er að kofinn hafi verið sambyggður við túngarðinn og eru misfellur í túninu innan við garðinn á þessum stað þess líklegar. Kofi þessi var hafður til margvíslegra nota, í honum voru geymdar kindur í eigu vinnumanna og húsfólks og síðast voru hundar hreinsaðir í honum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-406:009 heimild um fjárhús 65°32.631 N 18°04.912 V
Fjárhús voru í SA-horni túnsins, á brekkubrún fyrir norðan Kvíamó 035, um 50 m norðan við Vallargarð 049, aðeins austar en á móts við þar sem hann endar til vesturs. Á brekkubrún í túni, nú kúahagi. Á þessum stað voru fjárhús með hlöðu og voru þau notuð fram yfir seinna stríð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-406:010 Steinhús heimild um fjárhús 65°32. 717 N 18°05.100 V
"Niður frá túni eru bakkarnir norðan Þverár kallaðir Eyrar. Utan við þær heitir Steinhúsabrekka eftir peningshúsum, sem nefndust Steinhús." segir í örnefnalýsingu. Þar sem Steinhús voru eru nú ný og stór fjárhús með djúpu haughúsi, um 60 m sunnan við íbúðarhús frá 1917.


Steinhús stóðu á litlum palli undir Túnbrekkunni en fyrir norðan áreyrar Þverár og er nú órækt í kringum húsinn. Steinhús voru byggð 1913 og var hlaða og suðurveggur úr steypu en torfveggur var að norðan í því augnamiði að hægt yrði að stækka húsinn síðar. Rifin 1989 þegar nýju fjárhúsin voru byggð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Öng, 244

Ey-406:011 Bryðjuskál þjóðsaga.
"Bryðjugil er miðhlíðis utan við dalsmynnið [Þverárdals], nokkru sunnar en Merkjaskorur. Bryðjuskál og Bryðjuskálarhnjúkar eru uppi yfir giljunum. Munnmælin segja, að til forna hafi tröllkona búið í Bryðjuskál, hafi sú heitið Bryðja, og séu þessu örnefni þannig til komin. Bryðjuskálarbrekkur liggja norður frá skálinni og að Smáragili, en neðar eru Nautamýrar." - "Nokkurn spöl sunnan við Smáragilið er geisi stór stallur eða hvilft inn í fjallið, sem kallast Briðjuskál. Nafn þetta hefur skálin eflausthlotið vegna stærðar sinnar því briðja er að nokkru leyti lýsingarorð s.b.r. Anna sagði við frænku sína sem hún hafði ekki séð: "og varleg briðja ertu orðin." Okkur krökkunum var sagt að í skálinni byggji tröllkona með þessu nafni, sem kæmi og tæki okkur ef við værum óþæg, var hún notuð sem Gríla á okkur, en tröllkona hefir þar aldrei verið." segir í örnefnalýsingu.

Bryðjuskál er alldjúpur hjalli hátt í fjallinu norðan við mynni Þverárdals og sést hann vel frá Munkaþverá. Systir Bryðju var Kvörn í Kvamarskál í Kerlingarfjalli og áttu þær einn pott saman og réttu hann eða köstuðu honum á milli þegar önnur þurfti að elda. Einnig er sú sögn um Bryðju að hún hafi kastað bæjarhellunni á Munkaþverá í átt að smala sem var að hringja kirkjuklukkum en hellan komið niður í hlaðinu sbr. 001.



Ey-406:012 Nauthólastekkur
65°32.299 N 18°03.099 V
"[Frá Nautamýrum] suður að
Þverá heitir Nauthólar og við
ána þar er Nauthólastekkur-
inn." - "Syðst og neðst í
Nauthólunum er hvammur
suður við ána. Í hvammi
þessum eru tóptar rústir sem
kallast Gamlistekkur." segir í

örnefnalýsingum. Stekkurinn er um 200 m ofan við fjallgirðingu, beint norður af NeðriVörðumel 016, um 30 m frá brún Þverárgils sem á þessum kafla er ekki djúpt. Um 200 m neðan (V) við þar sem Þverárgil opnast út úr Þverárdal. Stekkurinn er á sléttu flöt milli gilbrúnar og allbreiðrar skriðu sem runnið hefur norðan við Þverá og er lítið gróin enn. Á flötinni er hinsvegar gróðursælt. Stekkurinn er fremur mjór, en milli hans og skriðubrúnarinnar hefur verið gert lengra hólfnen þó ekki mikið breiðara með því að hlaða höft á milli.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öng, 241; Örnefnalýsing Júlíusar Ólafssonar frá júlí 1940

Ey-406:013 Þjófablaðsgil

"Er Þjófablaðsgil utan við [Fremra-Nautagil] en Klofagil innan við hann." segir í örnefnalýsingu. Þetta örnefni er ekki þekkt lengur og er ekki vitað við hvaða gil það getur átt.

Heimild: Ö-Öng, 241



Ey-406:014 Nýjastistekkur

65°32.333 N 18°04.118 V

"Nærri því fast við Þverá (ármótin) er Nýjastistekkur. Sést nú lítið af honum og var hann þó notaður til ársins 1901. Sunnan við hann er Stekkjarholt. Nær það niður undir Mjaðmá." Stekkurinn er um 10 m sunnan við Þverá og um 50 m upp með ánni frá göngubrú sem sett hefur verið á hana og því drjúgan spöl (200-300 m) frá ármótunum. Á árbakka, allháum og eru um 3 m niður í Þverá. Næst stekknunum eru flagmóar en fjær holt og mýradrög.

Lítið grjótt er í vegg, sem eru víðast innan við 1 m þykkt, en grjótklappir hafa á tveimur stöðum verið notaðar sem undirstöður veggja. Stærri hólfið er 7x4 m en það minna 7x 1,5 m

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Öng, 241


Ey-406:015 Gamlistekkur

65°32.273 N 18°04.138 V

"Sumían við [Nýjastastekki] er Stekkjarholt. Nær það niður undir Mjaðmá. Í því - beint suður frá hinum stekknunum - er Gamli- stekkur, vallgróið stekkjarmelur. Sunnan við holtið eru Efri- og Neðri-Stekkjarmelur." segir í örnefnalýsingu. Gamlistekkur er tæplega 20 m sunnar en Nýjastistekkur, um 60 m SA við göngubrúna á Þverá. Stór rústahóll í þýfðum lyngmóa undir breiðu melholti, hálfgrónu. Rústahóllinn er hár og breiður og mjög grænn en tóftirnar ofaná honum eru orðanr ógreinilegar en í aðalatriðum er um að ræða aflanga tóft, um 8x2 m að stærð og minna hólf við enda hennar, um 3xl m að stærð. Það stendur lægra og getur verið eldra.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Öng, 24 I

**Ey-406:016** Efri-Vörðumelur

smalakofi

65°32.158 N 18°02.815 V

"Yzt í Tungufjalli, eða Hálsinum, eru Efri- og Neðri-Vörðumelur. Suður og upp frá þeim efri eru klettabríkur, sem heita Stökuklettur." segir í örnefnalýsingu. Efri-Vörðumelur er um 300 m austur og ofar en Neðri-Vörðumelur 053 og er hann alveg gróðurlaus að ofan og að vestan. Á honum miðjum er hrunin varða og stendur ekki nema sem svarar einu umfari. Um 20 m NNA við vörðuna er smalakofarúst þar sem melurinn er hæstur. Frá kofanum eru um 150 m norður að brún

Þverárgils. Efst á gróðurlitlum mel. Frá þessum stað er mjög víðsýnt yfir Glúmsstaðamýrar og ytri hluta Mjaðmárdals. Smalakofinn hefur verið algerlega grjóthlaðinn, veggir upphaflega um 0,7 m þykkir. Að innan er kofinn um 1,5xl m. Dyr eru mót vestri og í þeim er stór steinstöpull settur upp á endann, um 0,6 m hár.


Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Öng, 24I

Ey-406:017 beitarhúsatóft á Selhjalla

65°31.850N 18°03.301 V

"Yzt í Tungufjalli, eða Hálsinum, eru Efri- og Neðri-Vörðumelur. Suður og upp frá þeim efri eru klettabríkur, sem heita Stökuklettur. Skammt fyrir neðan þá er Selhjalli." segir í örnefnalýsingu. Á Selhjalla standa beitarhúsarústir og eru þær um 400 m beint suður




af Efri-Vörðumel 016 og beint á móti Víðigerði, heldur sunnar en á móts við nýtt íbúðarhús á Rifkelsstöðum. Á breiðum grösugum hjalla, þar sem hann er einna hæstur. Niðurundan hjallanum breiða Glúmstaðamýrar úr sér en fjallshlíðin ofanvið er nokkuð bröt en þó gróin neðra. Vatnslitlar lækjarskorur eru sín hvoru megin rústarinnar.

Stór grjóthlaðin fjárhús og standa hleðslur allt að fjórum umföllum. Fjárhúsin eru þrjú, öll með garða eftir endilöngu og dyr til vesturs en tvö nyrðri húsin eru styttri of aftan við þau er tóft sem snýr N-S og er henni skipt í tvennt með allmiklum grjótbálki sem gæti verið yngri. Beitarhús þessi voru lengi notuð, sennilega fram um síðustu aldamót. Á seinni hluta 19. aldar varð þar vart við draug og er af því saga eftir Stefán Jónsson í Grímu. Stöku.klettur þeir sem miðað er út frá í örnefnalýsingu voru áður yfirleitt kallaðir Skökkuklettur og eru þeir alllangt klettabelti sem gengur á ská upp fjallið ofarlega í því.

Hættumat: engin hættu

Heimild: Ö-Öng, 241-42



Ey-406:018 Heimari-Glúmsstaðir

65°31.959 N 18°04.070 V

"Fyrir sunnan Stekkjarholtið er allstór mýrafláki, sem heitir Glúmsstaðamýrar. Utarlega á þeim er lágvaxið tóftabrot, sem nefnt er Heimari-Glúmsstaðir. Þar mætti ætla að væri sel það, sem tengt er viðureign þeirra Víga-Glúms og Víga-Skútu. Örskammt er þaðan ofan til árgilsins og ekki hærra en svo niður í það, að vel hafi getað verið fært kunnugum manni, einkum ef þá hafa staðið birkihríslur í brún gilsins, eins og líkur benda til. Litlu sunnar er dálítil rauf í gilbarminum, og sennilegt, að þar hafi Skúta farið niður, þar eð hann var ókunnugur." - "Framan við melana og viðána

er grasi vaxinn hóll. Á hól þessum eru glögg einkenni tóptarrústa og munu það vera leifar af seltóptum Víga-Glúms. Þarna mun það hafa verið, sem Víga-Skúta tældi Glúm til að finna sig. Neðan við sel þetta er Mjaðargilið all djúpt og klettótt og hefir Glúmur flúið þangað." segir í örnefnalýsingum.

Þessi tóft er beint niður (V) af beitarhúsunum 0 17 vestarlega á Glúmsstaðamýrum, um 150 m austan við brún Mjaðmargils. Gegnt Víðigerði II (milli Víðigerðis og Espihóls). Breiður rústahóll á lágum ási og er klapparholt á honum vestan við tóftina. Fyrir sunnan og neðan er deiglendur mói eða þurrar mýrar en til vesturs gengur lágur ás að ánni og

er þurrara á honum. Deiglendi er til norðurs og austurs.

1712: "Ytre glumstader og Fremre glumstader heita tvö örnefni í klausturlandinu fram á dalnum, og eru nokkur byggingamerki tófta og garða á því fremra. Þó vita menn ekki á þessum dögum, að þar hafi bygð verið. Nokkrir geta til, að þar hafi verið girt um sel í fyrndinni. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi. Selstaða klaustursins er hjer og allnærri." JÁM X, 289

1905: "Austanmegin árinna eru þar seltóftir á tveim stöðum, og eru hvorutveggju kallaðar Glúms staðir ... Það hefur verið ytra selið, sem þeir Glúmur og Skúta áttust við. Seltóftin er á hólþala, stuttan spöl frá árgljúfrinu og er mýrarsund á milli. Þaðan rennur lækjarsytra um djúpa og þrönga gilsku gegnum gljúfurshamarinn ofan í ána ... " Brynjúlfur Jónsson í Árbók 1906, 18

Aðaltóftin er mjög stór, um 1 lx3,5 að innanmáli en gaflarnir eru heldur óljósir. Minni tóftin, sem er 4x3 m að innna, stendur heldur lægra og er mun skýrari þó veggir hennar séu sprungnir í þúfur. Rof er í nokkrum þúfum kringum tóftina og á einum stað í vesturvegg.

Hættumat: lítil hætta vegna rofs

Heimildir: Ö-Öng, 242~ Örnefnalýsing Júlíusar Ólafssonar frá júlí 1940

Ey-406:019 Fremri-Glúmsstaðir

65°31.618 N 18°03.963 V


"Nokkru innar á Glúmsstaðamýrum [en 018] eru aðrar tóftir. Heitir þar FremriGlúmsstaðir. Túngarður er þar allgreinilegur að sunnan og austan." -

"Nokkru framar með ánni [en HeimariGlúmstaðir] eru önnur tóftarbrot sem heita fremri Glúmstaðir." segir í örnefnalýsingum.

Fremri-Glúmsstaðir eru syðst á Glúmsstaðamýrum þar sem verulega er farið að draga saman með fjallshlíðinni og Mjaðmárgili. Tóftin er um 40 m frá gilbrúninni, um 150 m norðar en beint á móts við Kerlingarhól. Tóftin er á sléttum valllendisgeira en grösugar fjallshlíðar eru fyrir ofan og framan en deiglandur mói breiðir úr sér til norðurs og niður að Mjaðmárgili.

1712: "Ytre glumstader og Fremre glumstader heita tvö örnefni í klausturlandinu fram á dalnum, og eru nokkur byggingamerki tófta og garða á því fremra. Þó vita menn ekki á þessum dögum, að þar hafi bygð verið. Nokkrir geta til, að þar hafi verið girt um sel í fyrndinni. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi. Selstaða klaustursins er hjer og allnærri." JÁM X, 289.

Tóftin er um 6x3 m að innan og er annað hól óljósara sunnanvið. Þetta er á háum og



breiðum rústahóli. Hvergi sést til garðlags í kringum tóftina og kannast núverandi ábúendur ekki við að það sé eða hafi verið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öng, 242; Örnefnalýsing Júlíusar Ólafssonar frá júlí 1940

Ey-406:020 Grýtusel

"Enn eru seltóftir, hinar þriðju á þessu svæði, og ekki miklu framar en þær síðastnefndu [þ.e. Fremri-Glúmsstaðir - 019]. Heitir þar Grýtusel og er beint suður frá Fremri-Glúmsstöðum." -

"Fram með gílinu eru nokkur tóptarbrot og heita þau heimast Grítusel, ... " segir í örnefnalýsingum.

1712: "Selstaða klaustursins er hjer og allnærri." JÁM X, 289 - þ.e. Glúmsstöðum.


Um 300 m norðan við Stórasel 022, í stefnu á beitarhúsin 017 er hár og grænn hóll með grjóti af hleðslustærð upp úr, en engu tóftarlagi. Þar gætu verið rústir og mögulega er þar um að ræða annaðhvort Grýtusel eða Nýjaskriðusel en aðrar tóftir hafa ekki fundist á svæðinu milli Fremri-Glúmsstaða og Stórasels.

Heimildir: Ö-Öng, 242; Örnefnalýsing Júlíusar Ólafssonar frá júlí 1940

Ey-406:021 Nýjaskriðusel

"Hið fjórða [sel] í röðinni [á eftir Heimari- og Fremri-Glúmsstöðum og Grýtuseli - 018-020] er Nýjaskriðusel, sunnar og ofar Grundarsel er annað nafn (sjaldgæfara) á Nýjaskriðuseli." - "Framan við fremri Glúmstaði heitir Nýjaskriða." segir í örnefnalýsingum.

Um 300 m norðan við Stórasel 022, í stefnu á beitarhúsin 017 er hár og grænn hóll með grjóti af hleðslustærð upp úr, en engu tóftarlagi. Þar gætu verið rústir og mögulega er þar um að ræða annaðhvort Grýtusel eða Nýjaskriðusel en aðrar tóftir hafa ekki fundist á svæðinu milli Fremri-Glúmsstaða og Stórasels. Nýjaskriðusels er ekki getið í örnefnalýsingu Júlíusar Ólafssonar og má vera að það sé sama og annaðhvort Grýtusel eða Stórasel. Annar möguleiki er að Fremstasel hafi verið framar en Steinkirkja en Jón Stefánsson telur að mögulegt sé að það sé komið undir skriðu. Ef svo er þá er það sem í þessari skrá er talið



Fremstasel (023) sama og Stórasel/ Miðsel en Stórasel (022) sama og Grýtusel.

Heimildir: Ö-Öng, 242; Örnefnalýsing Júlíusar Ólafssonar frá júlí 1940

Ey-406:022

Stórasel/Miðsel

65°31.252 N

18°04.168 V

"Og enn eru tvennar seltóftir innarlega í Tungum, Stórasel beint suður af

Nýjaskriðuseli ... " - "Fram með giliinu eru nokkur tóptarbrot og heita þau heimast Grítusel, þá Miðsel ... " segir í örnefnalýsingum. Stórasel er um 1800 m sunnar en beitarhúsin O 17 og er vestari tóftin um 20 m austan við brún Mjaðmárgils. Tóftirnar eru ofantil í breiðum hvammi og eru gróðurlitlir móar ofan við, sundurskornir af lækjadrögum og frekar mýrlendir. Neðan við tóftirnar, í hvamminum er dálítill vallendisblettur sem gæti verið túnstæði. Lækir eru sitt hvoru megin í hvamminum.

Á þessum stað eru tveir breiðir rústahólar, annar aflangur frá N-S, 20x8 m að utan og á honum tvö hól, það nyrðra 8x2,5 og hið syðra 2x2 m. Veggir eru um 3 m þykkir. Minni rústahóllinn er 8 m suðvestan og neðan við suðvesturhorn stærri hólins. Tóftin á þessum hól er mjög óljós en virðist hafa snúið A-V. Austan við hana, beint suður af stærri hólnum, eru tvær hvompur sem gætu verið tóftir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öng, 242; Örnefnalýsing Júlíusar Ólafssonar frá júlí 1940


Ey-406:023

Fremstasel

65°30.471 N

18°04.325 V

"Og enn eru tvennar seltóftir innarlega í Tungum, Stórasel beint suður af Nýjaskriðuseli og Fremstasel fyrir sunnan og neðan Stórasel. Líklega hafa þar verið beitarhús." - "Fram með giliinu eru nokkur tóptarbrot og heita þau



heimast Grítusel, þá Miðsel og Fremstasel. Suðvestur þaðan við gilið er allhár klettarani, sem heitir Geldinganöf." segir í örnefnalýsingum.

Fremstasel er um 1300 m sunnan við Stórasel, gegnt Systamel í Stóra-Hamarslandi. Tóftin er á háum og grænum hól, um 100 m austan við brún Mjaðmárgils. Hæpið er að komast svo að orði um þennan stað að hann sé neðan við Stórasel. Bæði er hann talsvert ofar í dalnum og lítil eitt lengra upp með hlíðinni frá ánni en Stórasel.

Tóftin er neðst í aflíðandi fjallshlíð sem er sundurskorin af smálækjum. Í henni skiptast á skriður, mýrdrög, flagmóar og vallendisblettur og er tóftin á einum slíkum. Tóftin skiptist í þrjú meginhólf, en tvö óljósari eru norðan við. Hún er vel gróin en á nokkrum stöðum sér í grjóti í hleðslum. Norðan við rústahólinn er kargabýfi og gætu þar leynst tóftir í.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Öng, 242; Örnefnalýsing Júlíusar Ólafssonar frá júlí 1940

Ey-406:024 Steinkirkja huldufólksbústaður 65°30.058 N 18°04.576 V
"Sunnan við Geldinganaöf er Krikjuhvammur niðri við Mjaðmá, en skörðóttur klettadrangi þar við ána kallast Steinkirkja. Fjallið þarna fyrir ofan dregur einnig nafn af steindranginum og heitir Kirkjufjall. Var mikill átrúnaður fyrrum á huldufólk og álfa á þessum slóðum og aðalsetur þeirra talið í Steinkirkju og nágrenni hennar." segir í örnefnalýsingu.

Steinkirkja er um 6 m hár toppur á berggangi sem Mjaðmá hefur graf ið sig niður meðfram og sést hann austan í gljúfrunum ofantil með ánni. Steinkirkja er norðan við Kirkjuhvamm en Vaðhvammur er spölkorn sunnar.

Heimild: Ö-Öng, 242

Ey-406:025 Grafarmýrar 65°32.773 N 18°03.521 V
"Frá Höllum til fjalls liggja Grafarmýrar. Þar var mikil mótekja, ekki aðeins fyrir heimabændur, heldur einnig þá sem bjuggu á Borgarhóli og Daðagerði. Í Grafarmýri kom í ljós mikið afbirkilurkum, þegar svörður var stunginn, en því mun hafa verið hætt um 1940." - "Suður og upp frá Borgarhóls bæjargilinu, uppi á mýrunum hefir verið skorinn svörður eða mór frá ómuna tíð, eru því mýraramar nefndar Grafarmýrar." segir í örnefnalýsingum.

Grafarmýrar eru norðan við bæjarlækinn á stóru svæði norður undir merkjum. Sjást þar samfallnar grafir á mörgum stöðum. Mýri, nú að hluta framræst.

Heimildir: Ö-Öng, 242; Örnefnalýsing Júlíusar Ólafssonar frá júlí 1940

Ey-406:026 Húsálág 65°32.531 N 18°04.174 V
"Sunnan við lækinn, ofan að akbrautinni liggur Húsálág. Meðfram henni að sunnan er Margrétarmelur." segir í örnefnalýsingu. Húsálág er milli Bæjargils og Margrétarlágar. Hvergi er hústóftir að sjá í eða við þessa lág og er ekki vitað til að slíkt hafi nokkurntíma verið þar. Láginn er á milli hálfgróinna melholta en er sjálf blautlend.

Heimild: Ö-Öng, 242

Ey-406:027 Goðafoss þjóðsaga 65°32.368 N 18°04.392 V
"Mjaðmárfoss er í Mjaðma skammt frá ármótunum, en í Þverá, litlu ofar er Goðafoss. Forn munnmæli vildu hafa fyrir satt, að nokkrar steinstrýtur þar við ána væru minjar þess, að goðunum hefði verið steipt þar af stalli eftir kristnitökuna, en þau umbreyst við þær aðgerðir í þessa steina." segir í örnefnalýsingu.

1877: "Skammt fyrir austan Munkaþverá sameinast árnar; rétt á undan samrunanum er í Þverá allhár foss, Goðafoss, en munnmæli herma að honum hafi verið færðar fórnir, og síðan heldur áin áfram undir nafni Þverár meðfram suðurjaðri túnsins ... " KK III, 91

Gegnt fossinum er berggangur og hefur Þverá brotist í gegnum hann norðantil. Gangurinn er allur mosagróinn útaf fossúðanum en hér og þar standa upp úr grjótkollar eins og litlar mannsmyndir og eru það guðirnir. Á fossbrúninni norðanmegin er risastórt Grettistak. Fossinn mun hafa brotið sig mikið niður í manna minnum og ekki vera svipur hjá sjón.

Heimild: Ö-Öng, 243

Ey-406:028 Nautavað 65°32.345 N 18°04.293 V
"Ofan við Goðafoss er Nautavað, en um það voru kýrnar reknar fram í Tungur." - "Kipp kom ofan við fossinn er vað á ánni, sem heitir Nautavað. Hefir það hlotið nafn sitt af því að þar voru kýr reknar til beitar fram á Tungurnar, en nú er komin allrammbyggð timburbrú skammt ofan við Nautavað." segir í örnefnalýsingum.

Á bili, 60-130 m ofan við Goðafoss eru árbakkarnir fremur lágir beggja vegna og Þverá sjálf nokkuð breið og hefur vaðið verið þar. Göngubrú hefur verið sett á Þverá nokkru ofar en Nautavað.

Heimildir: Ö-Öng, 243; Örnefnalýsing Júlíusar Ólafssonar frá júlí 1940

Ey-406:029 Þverárbrú

65°32.484 N 18°04.623 V

"Þverárbrúin var byggð 1906 og er þar síðan Brúarhvammur kallaður austan vegarins og brúarinnar ... " - "Byggð var trúbrú á Þverá efri 1867 og brú úr steini 1913. Er steinbrúin ein elsta brú í notkun á þjóðvegi í Eyjafjarðarsýslu." segir í örnefnalýsingum. Trébrúin frá 1867 var um 100 m ofar í gilinu en brúin sem nú er, rétt neðan við rafstöðina. Var mjög bratt niður að þeirri brú, sérstaklega sunnanmegin og var gilið þá talsvert mjórara en íðan hefur brotnað úr því. Ekki sjást nú nein merki um eldri brúna. Brúin frá 1913 stendur enn, en byggt hefur verið ofaná hana þannig að hún er alls ólík því sem hún var í fyrstu.

Heimild: Ö-Öng, 243; BE 1990, 962


Ey-406:030 Benediktsstekkjarhvammur

65°32.475 N 18°04.571 V

"Þverárbrúin var byggð 1906 og er þar síðan Brúarhvammur kallaður austan vegarins og brúarinnar, en eldra nafn á honum er Benediktsstekkjarhvammur." segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er niðri í hvamminum, austan við nyrðri brúarsporðinn, um 30 m austan við veginn og um 20 m frá brún Þverárgils. Í grónum en ekki mjög grösugum hvammi utan í Þverárgili. Grjót er í veggjum, stendur upp úr hér og þar. Veggjaþykkt víðast um 2 m.

Hættumat: lítil hætta vegna vegagerðar

Heimild: Ö-Öng, 243




Ey-406:031 Neðri-Fjóshóll

65°32.759 N 18°04.933 V

"Í gamla túninu eru Neðri- og Efri-Fjóshóll, báðir norðan bæjarins." segir í örnefnalýsingu. Neðri-Fjóshóll er um 3 m hár hóll, beint norður af kirkjunni, vestan og neðan við Efri-Fjóshól sem er talsvert hærri. Áður tún, nú bithagi. Hóllinn er sennilega að mestu náttúrulegur og má vera að hann sé kenndur við sama fjósið og Efri-Fjóshóll 003, en það stóð sunnan í efri hólnum. Neðri hóllinn er þó ekki óþesslegur að á honum gætu verið byggingaleifar og sunnan í honum eru tvær dældir sem gætu verið tóftir. Á haftinu milli fjóshólanna er steinsteypt votheysgryfja, nú að hrúni komin.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Öng, 243




Ey-406:032 rétt 65°32.579 N 18°04.271

VUm 150 m ofan (A) við þjóðveg, beint upp af bænum, aðeins neðar en á móts við yngri réttina

við garðsendann (sbr 008) eru leifar af skilarétt fyrir afrétti Munkaþverár. Hún er norðan til á grónum mel milli Bæjargils og Húsálagar, um 60 m sunnan við bæjarlækinn. Á grónum mel. Óvenjustórt grjót er í hleðslum réttarinnar og hefur mest af því hrunið inn í hana en mikið hlýtur einnig að hafa verið tekið úr henni.

Hættumat: engin hætta



Ey-406:033 Daðagerði 65°32.807 N 18°04.639 V

"Þar sem Daðagerði stóð [þ.e. 052], eða því sem næst, stendur nú nýbýlið Einarsstaðir. - Annað kot nefndist einnig Daðagerði. Það stóð rétt sunnan við Borgarhólslækinn." segir í örnefnalýsingu. Nyrðra og yngra Daðagerðið stóð fast SA við útihúsin 005 og sjást rústir þess enn. Tóftirnar eru rétt austan við rafmagnslínu en 10 m vestan við grjótklökk sem er efst á hólnum. Á palli í brekku efst í túninu.

"Daðagerði var hjáleiga norður undir merkjum við Borgarhól." BE 1990, 962. Búið var í Daðagerði fram til 1947 og fylgdi því túnpartur og engjaafnot. Ástæðan fyrir því að þetta býli heitir sama nafni og miklu eldra kot sem stóð spölkorn sunnar mun vera sú að þegar stofnað var til ábýlis hér á fyrri hluta 19. aldar var hægt að komast hjá því að sækja um byggðaleyfi með því að nota eldra hjáleigunafn. Rof er víða í tóftunum vegna ágangs búfjár.

Hættumat: hætta vegna beitar

Heimildir: Ö-Öng, 243; Túnakort 1917 .

Ey-406:034 traðir

65°32.791 N 18°05.174 V

"... Traðarvöllur er sunnan við heimreiðina. Þar var fyrrum upphlaðin tröð, sem náði frá bæ niður á Eyrar." segir í örnefnalýsingu. Tröðin lá frá bæjarhlaði um tún,

yfir áreyramar og niður að Maríugerðisvaði. Ekki hefur sést fyrir tröðinni vestan túnsins í manna minnum, en í túninu mun hún enn vera undir mölinni í heimreiðinni að vestan. Hvergi sér nú móta fyrir henni. Hnit var tekið við hlið á túninu, vestanundan bænum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Öng, 243

Ey-406:035 Kvíamór

65°32.605 N 18°04.947 V

"Hálfrar dagsláttu teigur sunnan við Túnbrekku heitir Kvíamór. Þar álíta sumir að hinn fornfrægi akur Vitazgjafi hafi verið." segir í örnefnalýsingu. Kvíamór er syðsti hluti túnsins, sunnanundir Túnbrekkunni, en Þveráreyrar hafa tekið af honum vistantil og þar munu tóftir haf sést til skamms tíma. Tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Öng, 243

Ey-406:036 Jórsalir

hesthústóft

65°32.888 N 18°05.160 V

"Yzt og neðst á Útogniðurtúni er Jórsalaslétta. Þar stóð eitt sinn hesthúsið Jórsalir." segir í

örnefnalýsingu. Tóftin er um 60 m austan við Vallargarð 060, en um 130 m norðan við hlið á túninu niður á eyrar. Í túni og hefur verið sléttað fast upp að tóftinni.

"Jórsalir voru afarstór hesthús en þegar þau voru rifin voru viðirnir notaðir til að byggja upp fjárhúsin 007 og fylgdi nafnið þá viðunum. Tóftin er afarhá og stæðileg, um 1,6 m að utan en hólfin eru um 1 m djúp. Til norðurs, í framhaldi af tóftinni er jafnbreið upphækkun sem gæti verið eldri rústir, um 25 m löng. Frá norðurenda þeirrar upphækkunnar sjást um 100 m af 3-4 m breiðum hrugg í túninu, og hverfur hann við skurðbrún. Samskonar hryggur, en til muna ógreinilegri liggur til suðurs og síðan SSV frá tóftinni. Hryggur þessi er mögulega leifar af gömlum túngarði sem hesthúsið hefur verið byggt á.

Hættumat: hætta vegna ábúðar


Heimild: Ö-Ögn, 243

Ey-406:037

65°32.908 N 18°05.884 V

"Norðan Þverár er Mariúgerðishólmi. Fyrr stóð býlið Mariúgerði austur á bakkanum." - "Norðan við eyrarnar beint niður frá Munkaþverárbænum eru tóptarbrot, sem nefnd eru Mariúgerði." segir í örnefnalýsingu.

Mariúgerði er um 400 m austan við Eyjafjarðará og um 200 m norðan við Þverá á grónum áreyrum og er túnskækill sleginn fast sunnan við gerðið. Á sléttum áreyrum. Sunnan við er náttúrulega slétt tún en norðanvið er meira deiglendi.



1712:

"Mariurgerde hefur hjáleiga heitið fyrir neðan klausturtúnið, sem ekki hefur bygð verið síðan öndverðlega á dögum Magnúsar

lögmanns Björnssonar, og vita menn því ekki hennar byggingarkosti. Ekki má hjer aftur byggja, því

Munkaþverá hefur að mestu eyðilaggt hjáleigustæðið

með grjóts og sands áburði, og hleypur þar nú allt í kring." JÁM X, 288-89


Þverá hefur í manna minnum hlaupið vestur fyrir þannan stað og er því vel líklegt að búsetuminjar séu allar horfnar af þessum stað en gerðið sé yngra. Sennilega er um heystæði að ræða. Hvergi örlar á öðrum tóftum eða görðum í kring þó ekki sé útilokað að slíkt leynist í kafgrasi því sem er á þessum slóðum.


Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Öng, 243; Örnefnalýsing Júlíusar Ólafssonar frá júlí 1940

Ey-406:038 heystæði

Í Mariúgerðishólma mun vera gamalt heystæði.





Ey-406:039 Staðarstekkur 65°33.237 N 18°05.943 V
 "Austan við Drápukílinn heitir Staðarstekkjarspilda. Efst í henni mótar fyrir tóftum Staðarstekkjar." - " ... utan við [Drápukíl, norðan við Mariúgerði] er tóftarbrot sem heitir Staðarstekkur og þarnæst Staðarstekkjarspilda." segir í örnefnalýsingum.

Stekkurinn er um 200 m frá árbakka Eyjafjarðarár í tínu milli Hrafnagilsskóla og Litla-Hamars eða talsvert sunnan við tínu milli Hranastaða og Sigtúna. Á veituskurður hefur verið grafinn fast austan við stekkin. Stekkurinn er á hörðum árbakka en blautar mýrar hafa verið austanvið, nú framræstar. Tún hefur verið sléttað uppáð stekknunum vestanmegin og sennilega yfir eitthvað af byggingaleifum. Á þessum stað er greinilegur rústahóll, um 1 lx6 m að stærð, snýr A-V. Hann hefur verið sléttaður að ofan og sést

ekki fyrir neinu tóftarlagi á honum. Hóllinn er um 1,5 m hærri en umhverfið. Skurður sem grafinn hefur verið uastan við stekkin hefur sýnilega skemmt eitthvað af byggingaleifum á þessum stað. Fast sunnan við rústahólinn er um 8x7 m dæld sem gæti hafa verið rett eða heystæði, en um 30 m norðan við hólinn er önnur mishæð þar sem gætu verið leifar af garði og lítilli tóft. 40 m V og SV við rústahólinn er um 40 m langur bogadreginn kantur í túninu sem ekki hefur verið sleginn og gæti hann, bæði vegna afstöðu og lögunar, verið leifar af túngarði og hafa þá aðrir hlutar hans verið sléttaðir undir tún.


Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Öng, 243; Örnefnalýsing Júlíusar Ólafssonar frá júlí 1940

Ey-406:040 Grásteinsgarður 65°34.372 N 18°05.029 V

"Prestsspilda nær út að Sandskarði, þar sem áður var framrennsli úr Staðarmýrum. Þar utan við er Grásteinsspilda út að Grásteinsgarði, en síðan heitir Brautarspilda að Laugalandsbrautinni." - "Norðan við Sandskarðið er Grásteinsspilda eða Grásteinshólf, sem dregur nafn af svokölluðum Grásteinsgarði er liggur ofan frá brekkum og því nær fram á bakkabrún." segir í örnefnalýsingum.

Þessi garður er sá sami og Ey-411:012. Laugalandsbrautin (Ey-411:011) er upphlaðinn vegur eða brú yfir Staðarbyggðarmýrar að Brautarvaði á Eyjafjarðará sem er talsvert norðar en núverandi þjóðvegur og brú á ánni. Grásteinshólfið er hólfið norðan við þennan veg og er garðurinn norðan við það. Austurendi garðsins hverfur undir veginn í brekkurótunum.



Grár steinn, hvorki stór né áberandi en þó sá eini á stóru svæði, er uppi í brekkunni ofan við garðinn. Hann er þó ekki í stefnu við hann heldur aðeins norðar. Garðurinn liggur þvert yfir mýrina og út á árbakka. Austast er enginn skurður meðfram garðinum og þar er hann 3-4 m breiður og um 0,5 m hár. Á árbakkanum vestast, og mest alla leiðina er garðurinn undir uppmokstri úr skurði sem grafinn hefur verið norðanmeð honum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Öng, 243-44; Örnefnalýsing Júlíusar Ólafssonar frá júlí 1940

Ey-406:041 Kvíateigur 65°34.683 N 18°04.809 V
 "Yztaspilda er gegnt Grísará í Hrafnagilshreppi. Þar er Kárapollur.

Kvíateigur er eldra nafn á Yztuspildu." segir í örnefnalýsingu.

Um 100 m norður af Kárapolli er eina upphækkunin á Kvíateig þar sem torfkvíar gætu hafa verið. Þar er lítil tóft á upphækkun um 20 m austan við árbakkann, ílínun milli eldra íbúðarhúss á Grísará og dælustöðvar hitavetunnar autanmeginn, eða heldur sunnan við þá línu. Á hörðum árbakka. Blautar mýrar hafa verið norðan og austan við, nú að mestu þurrar vegna framræslu og þurrka. Tóft þessi hefur ekki sérstaklega kvíalega lögun og er sennilega frekar heystæði. Hún er þó eina upphækkunin á Kvíateig þar sem mannvirki úr torfi hefði getað staðið. Aðuðvitað gæti Kvíateigur hafa fengið nafn af færivíum sem hefðu getað verið settar hvar sem er á árbakkanum og ekki er heldur loka fyrir skotið að torfkvíar hefðu getað verið þar sem vegarslóðinn liggur nú nú eftir bakkanum. Veggir tóftarinnar eru um 1 m þykkt. Norðan við hana er framhald á upphækkuninni sem gæti verið eftir eldri byggingar.

Hættumat: lítil hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Öng, 244

Ey-406:042 Stekkjarholt

"Beint upp frá Borgarhóli er fyrirferðarmikið og hátt holt norðan við bæjargilið, sem kallað var Stekkjarholt." segir í örnefnalýsingu. Þessi staður var ekki skoðaður 1996.

Heimild: Örnefnalýsing Júlíusar Ólafssonar frá júlí 1940

Ey-406:043 Gíslagarðar


65°32.708 N 18°04.812 V

"Norðan við bæjarlækinn skammt ofan bæjarhúsa eru forn mannvirki, er heita Gíslagarðar. Þetta eru greinilegar garðhleðslur utan um tvo litla reiti, sem gætu hafa verið sáðreitir, annar ferhyrndur að lögun en hinn hringlaga. Talið er að þarna hafi Vísi-Gísli haft jurtagarða sína, aðrir segja munkarnir, og gæti hvort tveggja rétt verið." segir í örnefnalýsingu.

Gíslagarðar eru í litlum hvammi norðan við bæjarlækinn, fast austan við trjáreit sem er norðan við bæinn, um 50 m NA við íbúðarhús frá 1917. Í bröttum hvammi norðan í lækjargili. Mun vera afarskjólgott. Þarna hefur áður verið tún en er nú bithagi. Á þessum stað standa þétt tvö gerði, það eystra 13x13 m að utan en 7x7 m að innan og austan við það lítill ferhyrndur reitur um 2,5 m breiddur. Gerðið virðist byggt ofan í ferhyrnda girðingu sem gengur undan því að norðavestan og er 10x9 m að utan en 6,5x6,5 m að innan og hefur dyr austan við suðvesturhorn. Skammt vestan við þessa girðingu er hitt gerðið, 12x12 m að utan en 4x4 m að innan. Það er eins og hitt, fast á lækjarbakkanum, en vesturhluti þess er vestan við vírgirðingu og hefur trjám verið plantað í veggina þar. Norðan við þetta gerði er bogadreginn garður fremur ógreinilegur og virðist vera af stærra og eldra gerði sem hitt hefur verið byggt ofaní. Norðan við þetta garðbrot og ofar í brekkunni er annað styttra, um 4 m langt, en sýnu greinilegra það sem það nær.

Hættumat: hætta vegna beitar

Heimild: Ö-Öng, 244



Ey-406:044 Munkaþverárklaustur

65°32.718 N 18°04.951 V

"Þar, sem Munkaþverárklaustur stóð fyrrum er nú trjáreitur." segir í örnefnalýsingu. Þessi staður er 10-25 m sunnan við kirkjuna, á mótis við suðurhluta gamla bæjarins, en 10-20 m vestan við norðurvesturhorn núverandi íbúðarhúss. Þar sem klausturbyggingarnar stóðu er nú 15x20 m trjáreitur með girðingu úr steypum stöplum en vírneti á milli. Inni í reitnum er allt slétt. Vestan við miðju er minnisvarði um Jón Arason og austan við hann 9 stæðileg tré.

Samkvæmt mælingum hafa nyrstu klausturhúsin (kapítulinn) verið um 10 m sunnan við kirkjuna og staðið heldur austar en hún. Hluti klausturbygginganna er því innan núverandi kirkjugarðs og undir veginum milli hans og trjáreitsins. Í garðinum hækkar landið heldur frá kirkjunni og að kirkjugarðsveggnum og lækkar síðan á ný sunnan við trjáreitinn og einnig vestan við hann. Þessi upphækkun, sem er eins og pallur í framhaldi afhlaðinu er um 50 m frá N-S og um 30 m frá A-V og er sennilegt að á því svæði sé klausturbyggingarnar að finna. Kalusturbyggingarnar voru fallnar eða búið að rífa þær fyrir miðja 19. öld, en á þeim aldarhelmingi var jafnað yfir þær og þar var kominn matjurtagarður fyrir aldamótin 1900. Tré voru síðan gróðursett í garðinum á öðrum áratug aldarinnar. Girðingin með steypustöplunum var sett upp í kringum 1950 og komu þá í ljós miklar brunaleifar í holunum sem ekki voru mikið dýpri en um einn metri. Brunaleifar munu hafa sést í flestum holunum og var ekki grafið mikið lenbgra en í gegnum þær. Styttu Jóns Arasonar var síðan sett upp 1959. Túnið í kringum trjáreitinn hefur aldrei verið sléttað með neinum vélum og hefur þar ávallt verið fremur slétt.

Hættumat: stórhætta vegna trjáræktar

Heimild: Ö-Öng, 243

Ey-406:045 Borgarhóll býli

65°32.922 N 18°04.915 V

"Borgarhóll er lítil jörð, en nafnið er fornt, því að hluti Víga-Glúms af Munkaþverá var einmitt Borgarhóll. Bærinn stóð fyrrum utar en hann er nú, eða þar sem heitir Nýja-Fjós." segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt túnakorti hefur torfbærinn staðið heldur norðar en núverandi íbúðarhús, eða þar sem nú er viðbyggður bílskúr og/eða fjós norðan og autanvið. Það mun vera þetta sem átt við er í örnefnalýsingu en áður en byggð hófst á Borgarhóli að nýju á 19. öld mun bærinn hafa verið svotil beint í austur af núverandi íbúðarhúsi.

Bærinn stendur á háum náttúrulegum hól sem skagar fram úr brekkunni og er brött túbrekka framan í honum.

Skv. Túnakorti frá 1917 var Borgarhólstúnið 2.8 ha, slétt að 9/10 og Garðar 450 m².

Þar voru þrjú útihús innantúns - 046-048. Borgarhóll byggðist að nýju eftir miðja 19. öld en þá hafði býlið legið í eyði um aldir. Bæjastæðið sem valið var á 19. öld hafur sennilega verið nýtt og er sennilegt að leifar þess bæjar sé nú að mestu skemmdar af núverandi byggingum og djúpu haughúsi sem grafið hefur verið ofan í norðanverðan hólinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Öng, 244; Túnakort 1917

Ey-406:046 heimild um útihús

65°32.941 N 18°04.859 V

Þetta hús hefur staðið í Borgarhólstúni, rúmlega 10 m austan við kartöflukofa úr steypu og torfi, sem er í brekkunni norðan og neðan við bæinn, og um 25 m norðan við austustu útihúsin á Borgarhóli. Í túni, nú í órækt.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-406:047 heimild um útihús

65°32.910 N 18°04.745 V

Útihús stóðu í Borgarhólstúni fast norðan við þar sem nú eru hús úr steypu í túninu um 80 m austan við nyrðri útihúsin á Borgarhóli. Í túni. Á þessum stað er hálfgróið moldarflag og má sjá steinaraðir upp úr moldinni á um 6x6 m bletti.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-406:048 heimild um útihús

65°32.889 N 18°04.765 V

Útihús voru í Borgarhólstúni, um 40 m beint suður af 047, fast norðan við heimreiðina, um 80 m austur af íbúðrhúsi á Borgarhóli. Í túni við vegarkant.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

Ey-406:049 Vallargarður

"Umhverfis túnin [þ.e. Munkaþverár og Borgarhóls] hefur að fornu verið vörslugarður mikill. Sést enn fyrir honum allvel á kafla og nefnist hann Vallargarður. Virðist hann hafa verið um 2 1/2 m á breidd og enn er hann sums staðar hálfur metri á hæð." segir í örnefnalýsingu.

Garðinn má rekja nokkurnveginna óslitið á um 200 m kafla við SA horn túnsins. Lítt grónir melar eru utanmeð garðinum að austan, en sunnan við er votlendara. Innan við garðinn var áður tún en nú kúahagi. Vestast er garðurinn um 2 m þykkt, 0,7 m hár og sést grjót í hleðslunni að utan. Þar vestan við í framhaldi af gróinum og sunnan við hann er ferhyrnd girðing, greinilega yngri, sem sennilega er aflagður kálgarður. Vestan við þann stað hefuráin brotið afgarðinum. Mælingá vesturenda: 65°32.561 N 18°04.912 V. Við 65°32.574 N 18°04.856 V verður garðurinn mun lægri, mest um 0,4 m hár og sést ekkert grjót í honum á um 52 m kafla. Við 65°32.605 N 18°04.826 V verður garðurinn aftur 2-2,5 m þykkur og allt að 1 m hár og sést þá grjót í úthlið hans á ný. Við 65°32.645 N 18°04.765 V endar garðurinn snögglega og verður ekki rakinn lengra til norðurs. Þar norðan við var áður kálgarður en er nú rétt. Þar sem garðurinn er greinilegastur er grjót utaní honum en gróið innanmeð og er hærra uppá garðinn að utan en innan.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Öng, 244

Ey-406:050 Borgarhólslaug

65°32.981 N 18°04.866 V

"Út og niður frá Borgarhólsbæ er köld uppspretta, sem þó heitir Borgarhólslaug. Hjá henni er þæfusteinn, öðru nafni þvottasteinn. Sagt er, að í fyrndinni hafi í lauginni verið heitt vatn og notað til þvotta. En skyndilega kólnaði vatnið og jafnsnemma hitnaði uppspretta sú á næsta bæ, sem síðan heitir Grýtaulaug - og þar við situr enn á báðum stöðum." - "Skammt utan við túnið á Borgarhóli er sérstakur gríðastór steinn, sem heitir þvottasteinn. Út og niður frá þessum steini er lind með ísköldu og tæru vatni sem oft var notað í sumarhitum og [þegar] bæjarlækurinn hafði ekki annað að bjóða en ylvolgt skólþ. Til eru forn munnmæli um það að þarna afi áður fyrr verið ... heit laug, og þvottur sá, sem í henni var þveginn breiddur á þennan stóra stein og hann hlotið nafnið af því. Sagt er að þegar laugin hvarfþarna hafi hún komið aftur upp fyrir neðan túnið á Grítu þar sem hún er enn og notuð til þvotta." segir í örnefnalýsingum.

Þæfusteinn er aðeins vestar en beint í norður frá Borgarhólsbæ, í miðri brekkunni.

Uppsprettan hefur verið í brekkurótum og hefur skurður verið grafinn þar sem hún var.

Heimildir: Ö-Öng, 244; Örnefnalýsing Júlíusar Ólafssonar frá júlí 1940.

Ey-406:051 kenning um hof

"Hoftóft er sögð vera á Munkaþverá og jafnvel blótkelda; tóftin er þó grunsamleg að sjá, og munnmælin sennilega öll komin fram vegna misskilnings á heimildum. Landnáma segir að vísu að á Efri-Þverá hafi verið reist mikið hof, en af Víga-Glúms sögu sést greinilega, að hofið sem var helgað Frey, stóð fyrir sunnan ána á (síðar) Hripkelsstöðum, en þá hefur sennilega ekki verið þar sjálfstæður bær." Kalund 1879-82, 121.

Við komum að Munkaþverá 20. ágúst 1991, og hittum Jón Stefánsson bónda. Hann kannaðist ekki við þessa sögn og vissi ekki um meintar hofminjar í sínu landi og vísaði þessu máli til nágranna sinna á Rífkelsstöðum (Dagb. AF. 1991, 95). Þó hefur örnefnið Goðadý lifað fram á þessa öld sbr. 055 og gæti það hafa verið blótkeldan sem Kaalund minnst á.

Heimild: KK Ill, 92.


Ey-406:052 Daðagerði

65°32.718 N 18°04.682 V

"Þar sem Daðagerði stóð [p.e. 052], eða því sem næst, stendur nú nýbýlið Einarstaðir." segir í örnefnalýsingu. Eldra Daðagerði en 033 var rétt ofan við fjárhúsin 006 og voru tóftirnar síðast notaðar sem heystæði fyrir þau fjárhús. Þessi staður er rétt neðan við Einarstaði, en þau hús eru nú notuð sem útihús. Í túni. Óræktarblettur er til norðurs frá 006 og liggur hann í sveig til austurs upp að útihúsum við Einarstaði. Til suðurs frá þessum stað eru nokkrar dældir í túninu sem gætu vísað á byggingaleifar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Öng, 243



Ey-406:053 Neðri-Vörðumelur smalakofi


65°32.154 N 18°03.235 V

Smalakofi er sunnan í Neðri-Vörðumel, 43 m sunnan við vörðubrot sem er nyrst og efst á melnum. Kofinn er utan í hálfgrónu melholti, í grónum hvammi. Frá þessum stað er gott útsýni yfir utanverðan Mjaðmárdal.

Tóftin er hlaðin úr grjóti, um 1,3x0,8 m að innanmáli. Neðan og sunnan við tóftina er grjóthröngl, sumt auðsæilega hrunið úr

hleðslunum en annað gæti vísað á eldri kofa. Vörðubrotið sem er yst og efst á melnum er alveg hrunið og er aðeins eftir sem svarar einu umfari.

Hættumat: engin hætta



Ey-406:054 smalakofi

65°31.849 N 18°03.335 V

Smalakofarúst er um 25 m vestan við NV-hornið á beitarhúsunum O 17, fremst á brún hjallans. Smalakofinn er efst og heldur framan í hól á hjalla í fjallsrótum ofan við Glúmstaðamýrar. Frá þessum stað er gott útsýni yfir mýrarnar. Tóftin er 1,3x0,8 m að innan, hlaðin úr grjóti og opnast til vesturs.

Hættumat: engin hætta

Ey-406:055 Goðadý

65°32.922 N 18°05.214 V

Goðadý hét rétt vestan við norðurendann á vallargarðinum 060 út og neðan við bæ á Munkaþverá. Dýið hvarf við framræslu en tún hafa verið sléttuð allsstaðar á þessu svæði. Ekki verður sagt hvar dýið var nákvæmlega.

Ey-406:056 Vallargarður

"Umhverfis túnin [þ.e. Munkaþverár og Borgarhóls] hefur að fornu verið vörslugarður mikill. Sést enn fyrir honum allvel á kafla og nefnist hann Vallargarður. Virðist hann hafa verið um 2 1/2 má breidd og enn er hann sums staðar hálfur metri á hæð." segir í örnefnalýsingu. Hluti af Vallargarði sést í lág sem er norðan við Borgarhólsbæ og gengur hann upp brekkuna á mótis við leifar af sáðreit, sem enn sjást norðan við lágina (sbr. túnakort). Framhald garðsins á sléttlendinu fyrir neðan sést sem ljós rák í óslegnu túninu og er vírgirðing ofan á garðinum vestast og nyrst. Í túni.

Af garðinum sjást alls um 95 m á þessum stað. Austast, við 65°32.957 N 18°04.841 V, byrjar hann að sjást efst í vikinu, norðan við kartöflugeymslu sem er í brekkunni norðan við bæinn á Borgarhóli. Í vikinu er garðurinn hæstur og breiðastur, allt að 4 m breiður og 0,6 m hár. Frá C og niður ájafnsléttu eru um 35 m af garðinum. Við 65°32.975 N 18°04.891 V er hlið ágarðinum, 4 m breitt og má þaðan rekja hann 56 m út á túnið og er þar skýr rún á honum norðanmegin, um 0,3 m há. Vírgirðing er ofan á garðinum á parti milli Bog A 65°32.964 N 18°04.969 V, en þar endar garðurinn til vesturs. Þar sem hann hættir virðist hafa verið horn á honum en ekki er hægt að greina hvar hann liggur til suðurs. Kálgarður, sem sýndur er á túnakorti frá 1917, hefur verið byggður utani eða rétt utanvið túngarðinn uppi í brekkunni og er það garðlag enn að mestu óskemmt og stæðilegt. Í því er grjóthleðsla en hvergi sér í grjót í túngarðinum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Öng, 244

Ey-406:057 Kárapollur sögustaður 65°34.605 N 18°04:842 V

Kárapollur er fergintjörn á austurbakka Eyjafjarðarár, um 60 m frá árbakkanum, í línu milli Laugalandsskóla og fjóss sem er syðsta hús á Grísará. Tjörnin er hálfmánalaga, um 70 m frá N-S og um 20 m frá A-V. Hún var þurr er hún var skoðuð enda mikil þurrkatíð, en þegar vatn stendur í henni verður hún varla meir en 0,5 m djúp. Þegar tjörnin frýs á vetrum spennist ísskjöldurinn upp þannig að hægurinn hjá er fyrir mann að skríða undir brúnina og fela sig þannig.

Ey-406:058 Gvendarbrunnur 65°32.711 N 18°04.658 V


Gvendarbrunnur var í norðurbrún bæjargilsins, beint norður af fjósinu (sbr. 007), um 60 m ofar og ustar í gílinu en Gíslagarðar þar sem gilið er hvar þrengst og dýpst. Í bröttu lækjargili.

Vatn úr þessari lind þótti sérstaklega gott og var notað sem neysluvatn. Vatnsmagnið í lindinni minnkaði til muna þegar fjósið sunnan við var byggt, en þá opnaðist vatnsæð þar. Lindin er nú svotil alveg vatnslaus og sést aðeins sem blautt mosastykki í gilbrekkunni, um 2 m ofan við lækinn.

Ey-406:059 Borgarhóll eyðibýli 65°32.873 N 18°04.682 V

Áður en Borgarhóll byggðist að nýju á 19. öld mun bærinn hafa staðið mun austar, á flötinni þétt sunnan við heimreiðina, vestan við sumarbústað sem nú er á gilbarminum austan við Borgarhólsbæjarhúsin og vestan við trjáreit sem er í kringum bústaðinn. Þetta er efst og austast í Borgarhólstúni eins og það er nú en hefur verið nokkrum metrum utan víð túnið eins og það var 1917. Í sléttu túni Tóftir munu hafa verið sýnilegar á þessum stað fram á þessa öld.

Hættumat: hætta vegna ábúðar



Ey-406:060

Vallargarður

65°32.849 N

18°05.268 V

Túngarðurinn sést glögglega á um 150 m bili í vesturjaðri túnsins niðurundan bænum. Þar sem hann byrjar að beygja til SA og honum sleppir síðan er lítil tóft áföst honum utanvið. Í túni og hefur verið sléttað upp að garðinum báðum megm.

Tóftin sem byggð

hefur verið utaní garðinn er tvískipt, um 10 m frá N-S en 8 m frá A-V. SV-endi hennar hefur laskast af vegarslóða. Sunnan við tóftina verður garðurinn ógreinilegur. Vírgirðingin sem ofan á honum er, beygir til SA en garðurinn virðist halda áfram til suðurs nokkra metra frá þeim stað en beygja síðan í breiðum boga til SA. Við norðurendann hefur garðurinn verið jafnaður alveg niður og er engin leið að greina framhald hans til norðurs eða norðausturs. Eins og lýst hefur verið í 036 virðist eldri garður liggja um 50 m austar inni í túninu og dregur heldur saman með görðum þessum norðantil. 75 m vestan við túngarðinn er brún sem myndar horn í túninu, um 40 m hvor armur, og gæti það verið leifar af garðlagi.


Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-406:061 heystæði

65°33.053 N 18°06.281 V

Heystæði er milli vegarslóða sem liggur eftir bökkum Eyjafjarðarár og árinna, beint niður undan Munkaþverá, gegnt suðurodda Mariugerðishólma, í línu við bragga uppi í hlíðinni Stokkahlaðamegin. Tóftin er um 30 m norðan við Marígerðisvað, um 10 m frá árbakkanum og hefur austurendi hennar skemmst af slóðanum. Tóftin er á hörðum sandbakka með kyrkingslegum gróðri en skammt norðan við er túnblettur milli árbakka og vegarslóða, en austan og sunnan er gróðurmikið haglendi.

Hættumat: hætta vegna rasks



Ey-406:062 kálgarður

65°32.423 N 18°04.053 V

Kálgarður hefur verið á sunnanverðum Margrétarmel, um 400 m austan við Þjóðveg, Hleðslan er nú á blásnum mel en neðan við hana er hann gróinn. Veggirnir eru alveg blásnir, nema suðurveggurinn sem stendur lægst er gróinn.

Hættumat: hætta vegna rofs

Ey-406:063

Grafarvað

65°32.297 N

18°03.472 V

nýtingu haglendis dreifast um allstórt svæði (sbr. Kort 7).

Bæjarhólar og bæjarstæði

Enn er búið á öllum gömlum bæjarstæðum á skráningarsvæðinu, að Háhamri undanteknum. Háhamar lagðist í eyði á fjórða áratugi þessarar aldar og hefur síðan verið sléttað yfir bæjarstæðið sem var á háum náttúrulegum hól en ekki hafa verið byggðar þar neinar byggingar og er sennilegt að þar séu enn allmiklar óskemmdar bæjarleifar undir sverðinum.

Á Kambi og Sámsstöðum hanga gamlir torfbærir enn uppi að nokkru. Hvorugur getur talist hafa varðveislugildi en mikilvægt er að bæjarhúsin verði mæld upp áður en og ef þau verða jöfnuð út, og að tryggt verði að ekki verði byggt frekar á þeim stöðum. Á öllum öðrum bæjum á svæðinu hefur verið byggt ofan í forna bæjarhóla eða mjög nálægt þeim. Á Rútsstöðum standa þó hin yngri hús spölkorn frá gamla bæjarhólnum og er hann sennilega að mestu óskemmdur. Á Merkigili, Litla-Hamri, Rifkelsstöðum og Munkaþverá standa ekki byggingar þar sem torfbærir stóðu síðast en byggt hefur verið utaní bæjarhólana og margvíslegt rask átt sér stað á þeim.

Ekki eru nú nein merki sýnileg um hin fornu smábýli Rófu, Asnagarða eða Borgarhól en lítil tóft er þar sem Mariugerði á að hafa verið og hefur þó ekki útlit fyrir að vera af bæjarhúsum. Öðru máli gegnir um Teigsgærði í landi Stokkahlaða. Þar eru miklar rústir og garðar til vitnis um fornan búskap. Einnig má benda á svokallaðar Tóftir í Stokkahlaðalandi og HeimariGlúmsstaði í Munkaþverártungum sem mögulega mannbústaði.

Útihús og túngarðar

Útihús sem stóðu innantúns er sá flokkur fornra mannvirkja sem einna verst hefur orðið úti við jarðabætur á 20. öld. Útihúsatóftir (fjárhús og hesthús) er nú aðeins að finna í hlaðinu á Kambi og við Daðagerði í Munkaþverártúni. Flest voru útihúsin á Munkaþverá, Stóra-Hamri og Espihóli (8 á hverjum) og voru langflest fjárhús en yfirleitt var einnig a.m.k. eitt hesthús á hverjum bæ. Fjós voru yfirleitt inni í bæjum, nema á Munkaþverá. Um smiðju er aðeins getið á Stóra-Hamri og sést tóft hennar enn og á Stokkahlöðum var mylla en hennar sér nú ekki lengur stað.

Túngarðahleðsla var mikilvægur hluti af túnabótum á 19. öld og hafa nokkrir slíkir verið

hlaðnir á skráningarsvæðinu - þó ekki á öllum bæjum. Ennþá sjást leifar mikils túngarðs á þremur stöðum í kringum Munkaþverá og Borgarhól og einnig er túngarðsbrot í Víðigerðistúni.

Tún og garðar

Engin gömul tún eru eftir ósnortin á skráningarsvæðinu nema ef vera skyldi í kringum Teigsgarði. Kál- og kartöflurækt hefur ekki verið jafn öflug á 19. öld og utar í sveitinni og er kálgarða með gömlu lagi aðeins að finna á Munkaþverá og Stokkahlöðum.

Engjar og áveitur

Griðarmiklar engjar tilheyra Munkaþverá, enjörðinni fylgir austurbakki Eyjafjarðarár allt norður á móts við Grísará og einnig á hún svokallað Klausturnes neðan við Litla-Hamar. Bakkar Eyjafjarðarár voru þurrari og auðveldari yfirferðar en mýrarnar nær brekkurótunum og var auðveldast að komast að þeim um bakkana frá Þverá Bæði á Staðarbyggðarmýrum og mýrunum neðan við Stóra-Hamar, Litla-Hamar og Rifkelsstaði eru gamlir skurðir og garðar frá 19. öld og byrjun þessarar en einnig hafa verið minniháttar áveitumannvirki vestan Eyjafjarðarár frá Stokkahlöðum og suðurúr og sjást áveitugarðar t.d. austast í landi Dvergsstaða.

Vatnsból

Flestir standa bæirnir á skráningarsvæðinu á lækjar- eða árbökkum og hefur þannig ekki verið örðugt um vatn neinsstaðar. Lindarvatn þótti hinsvegar yfirleitt betra en lækjarvatn og á Munkaþverá var vatn stundum sótt í lind sem kölluð var Gvendarbrunnur en hún er nú svotil alveg þurr.

Svarðargrafir

Mótak var á mörgum bæjum á skráningarsvæðinu en þó ekki öllum, og munu þeir sem ekki höfðu mótak hafa elt taði eða orðið að kaupa mó af nágrönnum sínum.³ Svarðargrafir voru

³ Í sóknarlýsingu frá 1839 segir að hrís sé lík haft til eldiviðar - SSE, 172.

yfirleitt uppi í fjallshlíðunum og hefur lengstur vegur til mógrafa verið á Hranastöðum þar sem meir en kílómeter er milli bæjar og grafa. Víða sjást mógrafir enn vel enda var mór tekinn á mörgum stöðum fram undir miðja þessa öld.

Stekkir og kvíar

Stekkir eru algengasta tegund fornminja sem enn eru sýnilegar. Þeir voru við hvern bæ og fleiri en einn á sumum (a.m.k. 5 á Munkaþverá, 2 á Rifkelsstöðum, Stóra-Hamri og Espihóli). Flestir eru stekkimir aflöng rétt með lítilli kró við endann en í yngstu stekkjum er króin oft stærri og þájaful vel samhliða réttinni (t.d. Nýjastistekkur á Munkaþverá). Sumstaðar hafa beitarhús verið reist á gömlum stekkstæðum og er dæmi um það á Stóra-Hamri. Á Staðarstekk í Munkaþverárlandi hafa verið meiri mannvirki en venja var um eyfirska stekki. Þar eru a.m.k. tveir rústahólar og leifar af garði í kring.

Engar torfkvíar eru lengur sýnilegar á skráningarsvæðinu en þær munu hafa verið á StóraHamri fram um 1940 (Ey-401:012). Á Hranastöðum og Munkaþverá minna örnefni á hvar kvíar hafa verið (Ey-319:007; Ey-406:035, 041). Fráfærur lögðust af í Eyjafirði um aldamótin 1900 en torfkvíar hafa þá greinilega ekki verið notaðar lengi, og virðist sem færirkvíar. hafi verið ráðandi í Eyjafirði alla 19. öld.⁴

Beitarhús og sel

Beitarhús voru á flestum bæjum, oft á stöðum sem kallaðir voru sel og á það sérstaklega við um bæina vestan við Eyjafjarðará. Þannig voru beitarhús á Ytrasel og Syðraseli í Hranastaðalandi í notkun fram um aldamótin 1900 og beitarhúsatóftir eru á Stokkahlaðnaseli, Merkigilsseli, Garnalaseli og Stórhólsseli í Espihólslandi. Austanmegin hafa aðeins verið sel á Stóra-Hamri og Munkaþverá. Í báðum tilfellum eru selin of langt frá bæ til að hafa verið notuð sem beitarhús. Á Stórhamarsseli eru miklar rústir en þar var enn haft í seli á seinni hluta 19. aldar. Yst í Munkaþverártungum er ungleg beitarhúsatóft á Selhjalla og er getið um draugagang þar á síðustu árum 19. aldar meðan þau voru enn í notkun. Sel frá Munkaþverá hafa verið á a.m.k. fjórum stöðum í Munkaþverártungum og sjást rústir glögglega á Heimari-Glúmsstöðum, Fremri-

⁴ Sbr. SSE, 172, 185 sbr þó 194.

Glúmsstöðum, Stóraseli og Miðseli en ekki hafa fundist öruggar minjar um Grýtusel og Nýjaskriðusel sem einnig eiga að hafa verið þar. Vera má að ruglingur hafi komist á nöfnin og selstöðumar hafi aldrei verið fleiri en fjórar. Nafnið Grýtusel bendir til að Grýtubændur hafi haft selstöðu í Munkaþverártungum. Ekki verður af selrústunum í Munkaþverártungum ráðið hvenær síðast var haft þar í seli en af öllum þessum rústum eru þær á Fremri-Glúmsstöðum ógleggstar. Heiti Glúmsstaða gæti bent til að á öðrum hvorum staðnum eða báðum hefði verið búið þegar nafnið var gefið en ekki benda rústirnar sem þar eru nú sýnilegar til þess.

Gerði

Í fyrri skýrslum hefur verið bent á að -gerðis örnefni er að finna í túnum við svotil alla bæi í utanverðri Eyjafjarðarsveit og einnig tengd lítium hringlaga girðingum fjær bæjum sem virðast hafa verið einhverkonar útibú/sel í heimahögum/beitarhús með túnbletti. Á því svæði sem skráð var sumarið 1996 er áberandi minna um slík örnefni í eða við tún. Gerði er aðeins að finna í túnum á Stokkahlöðum, Litlahóli, Bringu og Munkaþverá (Daðagerði).

Gerði í heimahögum hafa hinsvegar verið ámóta algeng og utar í sveitinni og er enn búið í Víðigerði. Skammvinnari byggð var í Daðagerði (ofantúns á Munkaþverá), Mariugerði og Teigsgerði en á síðastnefnda staðnum eru allmiklar rústir byggðar utan í lítið gerði á hóltoppi en stærri garður er þar utanum. Einnig má nefna mannvirkjaleifar þar sem kallað er á Tóftum í Stokkahlaðnalandi en þar er lítið hringlaga gerði með nokkrum tóftum í kring.

Hagagarður

Sérkennilegt mannvirki er í fjallshlíðinni vestan við Eyjafjarðará. Það er fornlegur garður sem rekja má frá merkjum Botns og Hranastaða og síðan allt suður fyrir Stórhólssel. Garðurinn liggur yfirleitt í sömu stefnu og dalurinn en á nokkrum stöðum eru sveigir á honum til austurs þannig að í heild hefur hann SSA-læga stefnu, og er mun neðar í hlíðinni þar sem hann endar til suðurs en þar sem hann byrjaði nyrst.

Garðurinn byrjar mjög skyndilega við Botnsmerkin en einnig eru sagnir um slíkan garð norðantil í Hrafnagilshreppi og má vera að þar sé framhald hans enn að finna. Til suðurs endar garðurinn í lykkju en ekki er heldur loku fyrir skotið að framhald hans sé að finna sunnar.

Garður þessi minnir, hvað staðsetningu og afstöðu við bæi varðar, á garða í Svarfaðardal sem kallaðir eru Sveitarlangar og er að finna sinn hvoru megin í dalnum. Ekki hafa fengist óbyggjandi skýringar á hlutverki garða sem þessara og hafa þeir bæði verið taldir vera samgöngumannvirki og vörslugarðar. Sé það síðara rétt, og það verður að teljast sennilegra hvað varðar garðinn í Hrafnagilshreppi, þá gæti það bent til að beitiland til fjallsins hafi upphaflega verið almenningur eða a.m.k. að aðgangur sumra jarða að beitilandinu hafi verið takmarkaður. Mikilvægt væri að rannsaka garð þennan nánar, m.a. til að komast að því hversu gamall hann er.

Kuml og kirkjugarðar

Eitt kuml hefur verið rannsakað á skráningarvæðinu en það er í landi Bringu um miðja vegu milli bæjanna í Bringu og á Háhamri. Annað kuml hefur komið í ljós á Espihóli, Litlahólmeginn merkjanna. Mannabeinaleifar komu í ljós á hólnum laust fyrir 1800 og aftur fundust þar leifar manna- og dýrabeina um 1970 en ekki er vitað hvort um nákvæmlega sama stað var að ræða. Kuml á Espihól hefur ekki verið rannsakað en það styrkir aðrar heimildir um að byggð við Espihól sé mjög forn. Erfiðara er að segja til um Bringukumlið en það er alllangt frá bænum á Bringu (um 370 m) og á móta langt frá Háhamri en um 650 m frá Stóra-Hamri.

Helsta kirkja svæðisins var auðvitað á Munkaþverá en einnig var kirkja á Espihóli og var þar alkirkja á miðöldum en það er kirkja sem þjónað var í hvern helgan dag. Þeirri kirkju hefur sennilega verið þjónað af presti frá Hrafnagili. Í túni á Espihóli var Bænhúshóll og mun kirkjan hafa staðið þar en ekki sér leifa hennar stað lengur. Á Stokkahlöðum var fjórðungskirkja eða kirkja þar sem sungið var fjórða hvern helgan dag og var henni einnig þjónað frá Hrafnagili. Ekki er vitað hvar hún mun hafa staðið.

Á Litlahóli var bænhús og stóð það uppi á Espihóli og voru þar tóftir kallaðar Bænhúsabrot sýnilegar fram á þessa öld. Það er alllangt frá þeim stað þar sem mögulegar kumlleifar hafa komið í ljós.

Á Stóra-Hamri var bænhús og er staðurinn sem það stóð á þekktur. Ekki er vitað til þess að mannabein hafi komið upp í neinum af þessum kirkjugörðum.

Leiðir

Hreppsvegur var beggja vegna við Eyjafjarðará. Að vestan lá hann um hlað á Stokkahlöðum og skammt ofan við Espihól og Litlahól á svipuðum stað og þjóðvegurinn liggur nú. Að austan lá gamli hreppsvegurinn hinsvegar neðar en þjóðvegurinn er nú. Hreppsvegurinn lá ofanmeð túni á Munkaþverá og yfir Þverá eftir að hún rennur fram úr gljúfrunum. Þaðan lá vegurinn með brekkurótum um hlað á Rifkelsstöðum, Litla-Hamri og Stóra-Hamri og þaðan á árbakkanum fyrir neðan Bringu en beygði síðan upp í brekkuna og um hlað á Rútsstöðum.

Eitt aðalvaðið á Eyjafjarðará var Maríugerðisvað niðurundan Munkaþverá strax eftir að Þverá rennur í Eyjafjarðará að austan. Öll umferð um Maríugerðisvað fór um hlað á Munkaþverá en þar um lá líka leið allra þeirra sem fóru á engjar á Staðarbyggðarmýrum. Sunnan við ármót Þverár og Eyjafjarðarár er sú síðarnefnda mun auðveldari yfirferðar en utar og eru þar víða vöð á henni sem notuð voru í ferðum milli bæja. Einnig var ferjað hér og þar, m.a. úr Stórhamarsnesi.

Trébrú var sett á Þverá 1867 þar sem gilið er hvað mjóst aðeins ofar en núverandi brú. Brúin sem nú er á Þverá var upphaflega byggð 1906 og mun vera elsta brú í notkun í Eyjafirði. Ofaná hana hefur síðar verið steipt og er aðeins boginn sem heldur henni uppi upprunalegur. Lengi vel, eða fram á fjórða áratug þessarar aldar, náði bílvegurinn austanmeginn aðeins að Þverárbrú og var þá farið með þungavöru á bílum vestanmeginn og síðan ferjað eða reitt yfir ána en einnig var hún farin á bílum, t.d. á Kópavaði.

5. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Eins og utar í Eyjafjarðarsveit hafa flestar fornminjar á svæði því sem skráð var 1996 horfið undir tún og byggingar. Þær fornminjar sem eftir eru eru helst uppi í fjallshlíðum eða í afdölum eins og Mjadmárdal. Í skýrslu um fornleifaskráningu í Eyjafjarðarsveit frá 1994 var lagt til að hanna mætti gönguleið úr Kjarnaskógi sem lægi síðan suður með fjallshlíðinni, þræddi þar beitarhús og sel frá ýmsum tímum, og kæmi niður hjá Grund. Þessi leið myndi liggja um svæði það sem skráð var 1996 og myndi fylgja hagagarði þeim sem liggur ofan við selin frá Hranastöðum, Stokkahlöðum og Merkgili og neðan við sel frá Víðigerði og Espihóli.

Á Teigsgerði syðst í Stokkahlöðunalandi eru vel varðveittar minjar eyðibýlis frá 17. öld

skammt frá þjóðvegi. Þennan minjastað mætti með litlum tilkostnaði gera að aðdráttarafli fyrir ferðamenn.

Við vettvangskonunnun sumarið 1996 fundust merki um ösku hjá Bringuseli og mjög fornar hleðslur hjá Rútsstaðabeitarhúsum og væri vert að athuga báða staðina betur með tilliti til mögulegrar mannvistar.

Á Kambi og Sámstöðum hanga uppi gamlir torfbæir. Þeir hafa tæplega varðveislugildi en mikilvægt er að þeir verði mældir upp ef til þess kemur að þeir verði rifnir og að ekki verði byggt á rústum þeirra.

Munkaþverá hefur lengi verið höfuðból í Eyjafirði og eru þar merkar minjar sem vert væri að rannsaka nánar og kynna fyrir almenningi. Þar er gömul og vel varðveitt kirkja sem gaman er að skoða en auk hennar eru klausturrústir sem vert væri að rannsaka nánar. Þær eru nú undir trjáreit og teljast rústirnar í stórhættu vegna þess. Þarf að gera ráðstafanir til að rætur trjánna valdi ekki skemmdum á fornminjunum. Gamli bærinn á Munkaþverá stóð langt fram á þessa öld og hefur ekki verið byggt þar sem hann var. Er mikilvægt að svo verði ekki gert í framtíðinni. Verði klausturrústirnar rannsakaðar mun reynast nauðsynlegt að skoða bæjarrústirnar einnig og er það raunar ótrúlegt happ að hvorttveggja skuli hafa varðveist að mestu óskemmt. Á Munkaþverá eru góðar aðstæður til að kynna ýmsar hliðar íslenskrar sögu, staðurinn hefur aðdráttarafl sem byggja mætti á til að gera þar sjálfsagðan áningarstað ferðamanna í Eyjafjarðarsveit.

Á svæði því sem skráð var 1996 eru engar friðlýstar minjar en lagt er til að eftirfarandi staðir verði látnir njóta friðiýsigar:

*Klaustur-og bæjarstæði á Munkaþverá *

Teigsgærði

* Hagagarður í landi Espihóls, Víðigerðis, Merkigils, Stokkahlaðna og Hranastaða

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir:

Þjóðskjalasafn Íslands

Jarðadeild XIV. Uppdrættir af tünnum 1917. Öngulsstaðahreppur
Hrafnagilshreppur

Sýsluskjalasafu. Eyjafjörður

IV.B.4.b Landamerkjadómar og fógetaaðgerðir 1728-87

XXIV.B Búnaðarskýrslur 1788-1865

XXX.4 Jarðabók um Vaðlaþing um 1780

Búnaðarfélag Íslands

Kassi 12: Ræktunarsjóðsskjöl

Kassi 209: Túnþýfi í sýslum landsins

- Yfirlitsskýrsla Búnaðarsambands Eyjafjarðar yfir ógreiðfært og þýft ræktað
land árið 1944

- Túnastærðir eftir hreppum og sýslum 1920 og 1952

Héraðsskjalasafn Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsýslu

Jóhannes Óli Sæmundsson: Örnefnaskrár. Öngulsstaðahreppur
Hrafnagilshreppur

Sýslumannsembættið á Akureyri

Landamerkjabók I-II

Þjóðminjasafn Íslands

Fornleifadeild. Mappa með gögnum og bréfum um fornleifar í Eyjafirði

Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyri

Mappa með leiðréttingum við örnefnalýsingar og bréfaskiptum vegna þeirra

Mappa með loftmyndum af Eyjafirði frá 1960, með örnefnum merktum
inná af Helga Hallgrímssyni

Minjasafnið á Akureyri

Söguminjaskrá, Eyjafjarðarsýsla (e. Helga Hallgrímsson)

Prentaðar heimildir:

Ágúst Ó. Georgsson. *Forniefaskrá*, Reykjavík 1990.

BE: *Byggðir Eyjafjarðar I-II*, Akureyri 1973.

BE 1990: *Byggðir Eyjafjarðar 1990*, síðara bindi, Akureyri 1993.

Brynjúlfur Jónsson. "Rannsóknir á Norðurlandi sumarið 1900." *Árbók hins íslenska
fornleifafélags* 1901, 7-27.

Brynjúlfur Jónsson. "Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1905." *Árbók hins íslenska
Fornleifafélags* 1906, 1-27.

- DI:** *Íslenzkt fornbréfasafn 1-XVI*, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.
- FF:** *Frásögur umfornaldarleifar 1817-1823*, Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar, Reykjavík 1983.
- ÍF:** *Íslenzk fornrit I-*, Reykjavík 1933-.
- JJ:** J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.
- JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, X. Eyjafjarðarsýsla, Kaupmannahöfn 1943.
- KEKH:** Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé*, Akureyri 1956.
- KK:** Kalund, Kristian: *Íslenskir sögustaðir 1-IV*, Steindór Steindórsson þýddi, Reykjavík 1987- 89.
Kaalund, Kristian: *Bidrag til en historisk-topografisk Beskrivelse af Island I-II*, Kjobenhavn 1877-82.
- Kristján Eldjárn: *Gengið á reka. Tólf fornleifabættir*, Akureyri 1948.
- ÓO:** Ólafur Olavíus. *Ferðabók 1-II*, Reykjavík 1964.
- SSE:** *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1854*, (Eyfirk fræði II), Akureyri 1972.
- SSE I-II:** Hjörtur Þórarinnsson: *Saga sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu 1874-1989*, 2 bindi, Akureyri 1993.
- Steindór Steindórsson. "Eyjafjörður. Leiðir og lýsingar." *Árbók Ferðafélags Íslands 1938*.
Sturlunga saga I-II, Reykjavík 1946.
- Svæðisskipulag Eyjafjarðar. Forsendur-horfur-markmið*, Akureyri 1987.
- Svæðisskipulag Eyjafjarðar. Náttúruminjakort-Skipulagskort*, 1987.
- Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1989-2009. Greinargerð*, 1989.
- ÞJÁ:** *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri I-VI*, Safnað hefur Jón Árnason, Reykjavík 1954-61.
- Ö-Hrafn:** Örnefni í Hrafnagilshreppi e. Jóhannes Óla Sæmundsson - sjá ópr. heimildir
- Ö-Öng:** Örnefni í Öngulsstaðahreppi e. Jóhannes Óla Sæmundsson - sjá ópr. heimildir.